



24

Metnaður í Garðshorni

26

Heimaframleiðsla
á lífkolum

32

Ný stofnun byggð á
traustum grunni

38

Óvenjuleg litaafbrigði

Baedablaðið

1. tölublað 2024 • Fimmtudagur 11. janúar • Blað nr. 648 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Um miðjan desember sást til kinda í sumarbústaðalandi í Jóðísaþáskógi við Skjálfandafljót. Við nánari athugun kom í ljós að um var að ræða þrjú hvít lömb en þá voru liðir um þrír mánuðir frá því að hefðbundinni smölin var lokið. Bjargvættir lögðu upp í ævintýraferð á þorláksmessu; þau Tara frá Sýrnesi, Vésteinn Garðarsson á Vaði, Benedikt Arnbjörnsson á Bergsstöðum, Ragnar Þorsteinsson í Sýrnesi, Böðvar Baldursson og Arnþór Máni Böðvarsson í Heiðargarði, Steingrímur Vésteinsson á Vaði, Embla frá Heiðargarði og Sveinbjörn Þór Sigurðsson á Bústöðum, en hann heldur í gimburi sem varð bandvön við smölinina. – Sjá nánar á bls. 62.



Hreinn frá Þernunesi.

Vinsælustu hrútar landsins

Mjög hátt hlutfall af þeim kindum sem voru sæddar fengu erfðaefni úr hrútum sem bera verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Af þrjátíu vinsælustu hrútunum voru tuttugu og fjórir með gen sem geta veitt vernd gegn riðu. Hreinn frá Þernunesi naut mestra vinsælda.

– 20 –

Ófremdarástand í fráveitumálum

Hveragerði hefur verið undir smásjá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna skólpdreinsunar bæjarins og var áminnt eftir ítrekaðar úrbótakröfur.

– 18 –



Áburðaráætlanir

Ráðunautar hjá RML fara yfir nokkra punkta sem gott er að hafa í huga við áburðarkaup og áætlanir.

– 42 –

Nautakjöt flutt inn fyrir eina krónu

Tollkvóti á nautgripkjöti mun kosta innflutningsaðila eina krónu á hvert kíló. Það er niðurstöða síðasta útboðs á tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá Evrópusambandinu á fyrstu sex mánuðum ársins 2024.

Tvað úthlutani tollkvóta fara nú fram á hvert og hefur útboðsverðið á tollkvótum fyrir innflutning á nautgripkjöti frá ESB leitað upp á við undanfarin ár. Pannig var jafnvægisverðið 690 kr/kg á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 og 550 kr/kg á síðari sex mánuðunum. Árið 2022, þegar þrjú útboð fóru fram, voru jafnvægisverðin 328, 347 og 551 kr/kg. Nú reyndist jafnvægisverðið ein króna fyrir kíló og geta því þeir innflutningsaðilar sem hrepptu

kvótann flutt inn 348 tonn af nautakjöti án íþyngjandi tolla.

Einnig vekur athygli að eftirspurn eftir tollkvótum fyrir nautakjöt var minni í nýastöðnu útboði en verið hefur. Árið 2023 var annars vegar gert tilboð í kaup á rúmlega 1.700 tonnum í fyrra útboði og tæplega 1.400 tonnum í því seinna. Nú var gert tilboð í 590 tonn.

Tíu tilboð bárust og tíu tilboðum var tekið. Pannig fengu allir þeir sem sóttust eftir kaupum á tollkvótum einhverju útlutað. Ekran ehf. fékk langmest, eða riflega 40% af heildarmagninu, samtals 141.639 kíló. Háihólmi ehf. fékk 67 tonn. Kjötmarkaðurinn ehf. fékk 38 tonn, Innes ehf. rúm 28 tonn, Garri

ehf. rúm 16 tonn, OJK-Ísam ehf. og Samkaup hf. og Krónan ehf. fengu öll 15 tonn hvert. Aðföng fengu 10 tonn og Mata ehf. tvö tonn.

Pessi gífurlega lækkun á jafnvægisverði skýtur seðstaklega skökku við þar sem innflutningur á nautakjöti hefur aukist þó nokkuð. Pannig voru flutt inn 907 tonn af nautakjöti árið 2022 en á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2023 voru tonnin tæplega 1.300.

„Ljóst er að á þessu ári munu ekki nema tæplega 60% innflutnings rúmast innan ESB-kvótans. Öfugt við hina almennu tollskrá er verð á tollkvótum fljóandi og tekur mið af eftirspurn hvers tíma. Hins vegar hafa verð á ESB-tollkvóta einnig verið töluvert lægri

en aðrir innflutningskostir og því eðlilegt að innflytjendur keppist um að koma höndum yfir hann. Arið 2024 er bæði fyrirseður samdráttur í framleiðslu íslensks nautakjöts og spáð áframhaldandi fjölgun ferðafolks á Íslandi. Framboð er því að dragast saman á sama tíma og eftirspurn er að aukast.

Við þannig aðstæður hefði verið viðbúið að eftirspurn eftir tollkvótum, ódýrustu leiðinni til að flytja inn landbúnaðarvörur, myndi aukast og verðið á þeim jafnvæl mjakast upp á við. Því koma niðurstöður síðasta útboðs svo á óvat,“ segir Sverrir Falur Björnsson, hagfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

/ghp

Framhald á næstu síðu.



Bændablaðið mun enn verða fáanlegt um allt land. Listi yfir dreifingarstaði blaðsins má nálgast á vefsíðunni bbl.is.

Bændur fá áfram Bændablaðið

Nokkur breyting hefur nú orðið á dreifingu Bændablaðsins vegna skertrar póstþjónustu.

Frá stofnum Bændablaðsins hefur það verið borð út til allra bænda landsins í gegnum fjöldreifingu þar sem pósturinn fer ómerktur á lögþýli.

Íslandspóstur tilkynnti undir lok síðasta árs að þjónustu við fjöldreifingu á landsbyggðinni yrði hætt nú um síðstu áramót. Enginn sinnir því slíkri dreifingu eins og sakir standa.

Félagsmenn fá heimsent blað

Íslandspóstur hækkaði enn fremur verulega verðskrá sína á þeirri þjónustu sem fyrirtækið sinnir, þ.e. dreifingu á skráðum sendingum og almennum bréfþósti. Beindi fyrirtækið þjónustu sinni við dreifingu Bændablaðsins í þá átt sem hefði þýtt yfir 260% hækken á kostnað við dreifingu á einu bretti. Ljóst var að Bændablaðið gat ekki staðið undir slíkum kostnaðarauka.

Við viljum leggja upp með að skerða ekki aðgengi bænda að Bændablaðinu og munum því halda áfram að senda blaðið til félagsmanna Bændasamtaka Íslands. Fá bændur því blaðið heimsent á sín lögþýli.

Aukið upplag á stórum dreifingarstöðum

Að öðru leyti mun upplag blaðsins verða aukið á stórum dreifingarstöðum hringinn í kringum landið og á blaðið því að vera aðgengilegt frítt í öllum þéttbýliskjörnum landsins, í stórverslunum, sundlaugum, bensínss töðvum og tilteknunum verslunum og veitingastöðum eftir því sem við á. Listi yfir dreifingarstaði Bændablaðsins má nálgast á vefnum okkar, bbl.is, og þiggjum við allar ábendingar og tillögur um bætta dreifingu.

Áskrift á viðráðanlegu verði

Þeir sem vilja fá blaðið heimsent geta alltaf skráð sig í áskrift hjá okkur og borgað fyrir sendingargjaldið. Árgjald áskriftar árið 2024 er 17.500 kr. en 13.900 kr. fyrir eldri borgara og öryrkja. Hægt er að gerast áskrifandi gegnum vefsíðuna bbl.is eða með því að hringja til okkar í s. 563-0300. Þeim sem pykir ekki verra að lesa blöð á vefnum er bent á að PDF-áskrift Bændablaðsins er gjaldfrjáls, en hægt er að skrá sig í áskrift á forsíðu Bændablaðsvefsins. Áskrifendur fá þá póst um leið og blaðið kemur út.

/ghp



Útboðsverð á tollkvótum fyrir innflutning á nautakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti lækkaði við síðustu úthlutun. Hækken varð að jafnvægisverði á pylsum, reykta og söltuðu kjöti, ostum og ystingum.

Mynd / Eillir Acker

Innflutningur á landbúnaðarafurðum:

Áframhaldandi rýrnun tollverndarinnar

Minni eftirspurn og lægra jafnvægisverði útboði á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá Evrópusambandinu komu Margréti Gísladóttur, framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, nokkuð á óvart.



Margrét Gísladóttir.

„Við erum að sjá tölverðan samdrátt í eftirspurni í öllum flokkum í þessu útboði miðað við fyrri tvö útboð og jafnelv lengra aftur. Í nautakjötini sem dæmi var eftirspurni rétt rúmlega 40% af því sem hún var síðast og útboðsverðið fer niður í 1 kr/kg.

Til samanburðar hefur verdið verið að meðaltali um 471 kr/kg frá því samningurinn tók gildi í maí 2018. Það þýðir einfaldlega að þessi 348 tonn af nautakjöti koma nær án nokkura gjalda inn til landsins.

Ástæða minni eftirspurnar er líklega minna verðbíl á innlendi framleiðslu og innfluttri vörur að viðbættum tollum, sem sýnir einfaldlega áframhaldandi rýrnun tollverndarinnar. Þar eru margir áhrifaþættir; svo sem gengisþróun og framleiðslukostnaður. En það segir sig sjálf að á verðbólgtímum rýrnar tollur sem lagður er á sem krónatala á kíló,“ segir Margrét.

Jafnvægisverð á alifuglakjöti úr 507 í 9 krónur

Líkt og Margrét nefnir lækkar jafnvægisverð í öðrum flokkum líka samkvæmt niðurstöðu útboðsins. Þannig fengu tú fyrirtæki innflutningskvóta fyrir 350 tonn af svínakjöti á 368 kr/kg, þetta verð var 553 krónur í fyrra.

Tíu fyrirtæki fá úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á alifuglakjöti fyrir 587 kr/kg, en þetta verð var 620 kr í fyrra. Það er einnig sérstaklega úthlutaður kvóti fyrir innflutning á lífrænt ræktuðu alifuglakjöti, og fengu fjögur fyrirtæki úthlutað 100 tonnum fyrir 9 kr/kg. Þetta verð var 507 kr. í fyrra.

Hækken á jafnvægisverði áttí sér stað í vöruflokkunum „Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað í saltlegi, þurrkað eða reykta“, „Ostar og ystingar“, „Pylsúr og þess háttar vörur úr kjöti“ og „Annað kjöt ... unnið eða varið skemmdum“.

Hvernig virkar jafnvægisverð?

Við útboð skulu valin hæstu verðtilboð í tiltekið magn þar til magni tollkvóta sem er til ráðstofunar hefur verið náð. Verð tollkvótans fyrir öll valin verðtilboð ræðst að svo búnu af verði lægsta valda tilboðsins í hverjum vörulið. Gildir það verð þá jafnvægisverði fyrir önnur hærri og valin tilboð sé þeim til að dreifa.

Magni útboði	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B	Fyrirtæki C
6kg	40 kr.	30 kr.	70 kr.

Útboðið sjálf:
Þáttakendur í útboði
bjóða í ákvæðna
upphæð í hvert kíló

30 kr.

15 kr.

20 kr.

5 kr.

Kílóverð: 20 kr.
Hringmerkt tilboð
valin. Lægsta valda
tilboð ákvæðar verðið.

10 kr.

1 kr.



Fyrirtæki A sækist eftir kaupum á fjórum kílóum af þeim sex sem til úthlutunar eru, býður 40 kr. í fyrsta kíló, 30 kr. í annað kíló, 20 kr. í þriðja kíló og 10 kr. í það fjarða. Fyrirtæki B sækist eftir kaupum á tveimur kílóum og er tilbúið að borga 30 kr. fyrir hvert kíló. Fyrirtæki C vill tryggja sér að minnsta kosti eitt kíló og býður 70 kr. fyrir það. Það sækist svo eftir tveimur kílóum í viðbót og býður 15 kr. í annað þeirra og 5 kr. í það þriðja.

Við úthlutun fer fyrsta kílóið til fyrirtækis C þar sem það bauð hæst og svo koll af kolli eftir þeiri krónutölu sem boðin er. Þegar öllum kílóum hefur verið úthlutað er jafnvægisverðið lægsta valda tilboðið í þessu dæmi 20 krónur.

Fyrir ári síðan var jafnvægisverð tollkvótans á nautgripakjöti 690 krónur fyrir kíló. Á síðasta markaði var það ein króna fyrir hvert kíló.

Fleiri tollkvótum úthlutað

Matvælaráðuneytið tilkynnti ekki eingöngu um niðurstöður útboða á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá Noregi samtals 12 tonn en til úthlutunar voru þó 13 tonn.

Á sama tíma var einnig tilkynnt um niðurstöðu úthlutunar á tollkvótum á landbúnaðarafurðum frá Bretlandi fyrir allt árið 2024. Þar skiptu sex fyrirtæki með sér kvótum fyrir innflutning á 30 tonnum af ostum og ystingum og 18,3 tonnum af unnu kjöti. Danól ehf. fókk þar úthlutað langmest, eða nær 34 tonnum.

Sex fyrirtæki flytja inn blóm

Þá fá fyrirtækin Nathan & Olsen ehf. og Innes ehf. tollkvótá vegna innflutnings á smurostum frá Noregi samtals 12 tonn en til úthlutunar voru þó 13 tonn.

Einnig birtust þá niðurstöður á úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024.

Samasem ehf., Garðheimar-Gróðurvörur ehf., Grænn markaður, Blómabúð Akureyrar ehf. og Krónan ehf. skiptu með sér þeim kvótum.

/ghp

Nýr umsjónarmaður Vísnahornssins

Um áramótin urðu mannaskipti í umsjón Vísnahorns Bændablaðsins. Magnús Halldórsson tekur við stjórntaumum efnisþáttarins, en hann er vísnamönnum vel kunnur. Hægt er að lauma að Magnúsí vísum og ábendingum í gegnum netfangið mhalldorsson0610@gmail.com.

Um leið er Árna G. Jónssyni þakkað fyrir samstarfið og ánægjuleg samskipti á liðnum árum. Árni sá um vísnapáttinn í átján ár. /ghp

Íslenskt kjarnfóður í öll mál

Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla

ÍSLÉNSKT
gjörð svá vel



- Úrvals hráefni og aðföng
- Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum
- Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja

Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum

Líflands í síma **540 1100**

eða á fodur@lifland.is

fyrir lífið í landinu





ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

TOYOTA RAV4



Toyota RAV4 verð frá: 7.990.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.
Toyota RAV4 plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 194.000 kr. á mánuði.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjavík
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingi endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvarli við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfust viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Aðfangaútboð fyrir félagsmenn

– Fjárhagslegur ávinnungur og aukið hagræði

Á undanförnum þremur árum hefur starfshópur á vegum Búnaðarsambands Suður-Pingeyinga óskat eftir tilboðspökkum frá áburðar-, olíu- og raforkusöulum vegna kaupa félagsmanna þess á þessum aðföngum.

Náðst hafa kjarabætur með þessari samstilttu leið bænda og aukið hagræði.

Um 70 bú á svæðinu hafa tekið þátt í þessum sameiginlegu útboðum, að sögn Ara Heiðmanns Jósavínssonar, bónða í Miðhvarfum í Aðaldal og stjórnarmanns í búnaðarsambandinu. „Á síðasta ári keyptum við sameiginlega inn um 400 tonn af áburði, þá gerðu margir úr okkar hópi þau mistök að kaupa snemma áburð dýru verði. Núna erum við að setja okkur í stellingar fyrir næstu kaup, en það eru bara komnar fram verðskrár frá Skeljungi og Sláturfélagi Suðurlands.“

Hollustan sterk við aðfangasala

Ari telur að ýmsar ástæður séu fyrir því að ekki allir bændur innan sambandsins kjósi að taka þátt. „Enn þá er hollustan hjá einhverjum bændum við tiltekin fyrirtæki sterkari en sá mögulegi ávinnungur sem hægt er að hafa upp úr sameiginlegum kaupum. Þetta er ekki enn komið á þann stað í landbúnaðinum á Íslandi að bændur kaupi alltaf sín aðföng þar sem hagkvæmast er að kaupa þau.

Við hjá búnaðarfélagini erum að smíða betri umgjörð utan um fyrirkomulag slíksra útboða, en mér finnst eins og við séum á réttri leið með þetta. Æg hef sjálfur lært ótrúlega mikil að þessar viðnum, til dæmis varðandi áburðarpörfina, en það er alveg ljóst að það er hægt að taka ótrúlega mikil til heima hjá sér. Margir mjög reyndir bændur meira að segja, kaupa bara sinn áburð og sitt magn af gömlum vana.“

Listi „hinna staðfostu“

Um 120 bú séu áfélagssvæði Búnaðarsambands Suður-Pingeyinga. Í byrjun verkefnisins lýstu 80 bú sig tilbúin til að vera með, en að sögn Ara var alltaf vitað að einhverjir myndu heltast úr lestinni.

„Við bjuggumst við því að einhverjir bændur kæmu inn í samstarfið sem myndu reyna að nýta sér þau tilboð sem myndu nást



Ari Heiðmann Jósavínsson.

Mynd / Aðsend

í gegnum samstarfið til að ná betri samningum sjálfir við sína sala. Ég gerði ráð fyrir að það myndi takva svona tvö ár að hreinsa okkur af þeim, sem mér sýnist að hafi tekist nokkurn veginn. Við erum núna með Facebook-síðu þar sem við miðlum upplýsingum og þar eru skráð um 70 bú. Í þeim hópi erum við svo með annan lista „hinna staðfestu“ sem skuldbinda sig til að taka þátt í þessum útboðum. Lægsta tilboði er þá tekið af öllum á þeim lista, sama frá hvaða fyrirtæki það er.“

Safnast þegar saman kemur

„Við höfum gert samning við Skeljung um áburðarkaupin í bæði skiptin sem við höfum staðið að sameiginlegu útboði,“ heldur Ari áfram. „Í þau skipti hefur þetta einmitt gengið þannig fyrir sig að við gerðum samning um lágmarksfjölda búa, en svo höfðu bændur sem stóðu þar fyrir utan möguleika á að bætast í hópin. Að því leyti kemur þetta aðfangasölinum líka til góða, að ef tilboð þeirra eru góð geta fleiri bæst í viðskiptamannahópinn.“

Við erum að hefja samtalið við áburðarsala núna og þó að það sé kannski ekki hægt að ná fram mjög miklu afslætti frá listaverði, þá safnast þetta saman – líka þegar við náum einhverjum kjarabótum út úr öðrum aðfangasölinum. Síðan er eitthvert hagræði líka sem hægt er að ná fram. Til að mynda bauðt eind áburðarsalinn í samtali við okkur að koma með skip hreinlega á Húsavík sem myndi spara talsvert fyrir okkur í flutningi. Við hjá búnaðarsambandinu erum einmitt að fara að tilkynna um það í kvöld að við höfum náð samkomulagi um sameiginlegt kalkskip, þar sem við munum fá mulinn skeljasand sem verður dreift hér um sveitir; frá Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafjörð og Reyðarfjörð,“ segir Ari.

/smh

TILBOÐ MÁNAÐARINS*



* Tilboðið gildir í janúar 2024 eða á meðan birgðir endast.



FB Reykjavík
Korragarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvégur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is



„Þegar ég hef gengið á stjórnarmann í KS og innt þá svara um þessa niðurstöðu, fást svör á borð við þau að bændur í öðrum söknum eigi nú ekki að vera ófundsjúkir og að 300 kr. á lítra sé „sanngjarn verð“,“ segir Baldur Helgi Benjamínsson meðal annars í grein sinni.

Mjólkurkvóti:

Kúabóndi gagnrýnir Kaupfélag Skagfirðinga

Bónði í Eyjafirði gagnrýnir meinta aðkomu Kaupfélags Skagfirðinga að viðskiptum með greiðslumark mjólkur sem hann segir skapa hróplegan aðstöðumun sem stuðli að sundrungu innan greinarinnar.

Í aðsendri grein hér í tölvublaðinu veltir Baldur Helgi Benjamínsson fyrir sér niðurstöðum síðasta kvótamarkaðar, en þá fór rúmlega 90% af því greiðslumarki sem skipti um eigendur á bú í Skagfirði og í Húnafjörði.

Baldur Helgi er kúabóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði og fyrverandi framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

„Par sem nær öll kauptilboðin komu af Norðvesturlandi sneri ég mér til bænda á svæðinu og stjórnarmanna í KS til að kynna mér hverju sætti; með hvaða hætti aðkoma Kaupfélags Skagfirðinga væri að þessum viðskiptum. Í stuttum máli voru þau þannig, að þeirra sögn, að félagið hvatti bændur sem vantar greiðslumark til að senda inn kauptilboð upp á 350 kr/ltr, KS myndi lánna fyrir viðskiptunum og væru lánin vaxtalaus, óverðtryggð

og afborgunarlaus í fjögur ár. Nú er „lán“ ekki að öllu leyti réttu hugtakid yfir þá fyrirgreiðslu sem hér er lýst, þar sem skuldabréf án vaxta og verðtryggðar, í 7,7% verðbólgu, væri ekki bara lán heldur gjöf að verulegu leyti; 10 milljóna króna höfuðstóll rýrnar um 770.000 kr. á fyrsta ári.

Vonandi næst árangur í baráttunni við verðbólguna en eins og útilitið er núna er ekki ólíklegt að á þessum fjórum árum sem ekki þarf að greiða af slíkum „lánum“ rýrn þau um 15-20% og enn meira á lánstímanum í heild. Það væri góður „dill“ fyrir lántakandann en allmikið síðri fyrir lánveitandann.

Raunar hygg ég að eftirlitskyldum fyrirtækjum á fjármálamarkaði sé bannað með lögum að veita svona fyrirgreiðslu, enda er hún fráleit með öllu.

Pegar ég hef gengið á stjórnarmann í KS og innt þá svara um þessa niðurstöðu, fást svör á borð við þau að bændur í öðrum söknum eigi nú ekki að vera ófundsjúkir og að 300 kr. á lítra sé „sanngjarn verð“. Þegar rýnt er í ársrekninga skagfirska

góðbúa fyrir árið 2022, má sjá undir liðnum langtímaskuldir skuldabréf frá KS sem eru tilgreind óverðtryggð og vaxtalaus. Að upphæð eru þau ámóta og kaup viðkomandi búa á greiðslumarki í mjólk það ár.

Að mínu viti er það því hafið yfir vafa að þarna er fyrirgreiðsla Kaupfélags Skagfirðinga sem hefur veruleg áhrif á verðmyndun og umfang viðskipta með greiðslumark í mjólk á tilboðmarkaði. Að það þurfi vaxtalaus og óverðtryggð „lán“ til að viðhalda verðinu er bein viðurkenning á því að þetta verð, 300 kr/ltr, er tómt rugl,“ segir Baldur í grein sinni.

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar kúabænda, segist ekki þekkjá nákvæmlega lánakjör Kaupfélags Skagfirðinga til bænda vegna greiðslumarkskaupa.

„En séu þau líkt og lýst er skapar það mikinn aðstöðumun milli framleiðenda til að bæta við sig greiðslumarki. Þessi aðstöðumunur truflar greiðslumarksmarkaðinn og kemur í veg fyrir eðlilega verðþróun,“ segir Rafn. /ghp

Sjá nánar á bls. 46-47.

Mjólkurframleiðslan 2023:

Innlegg var 1,6 prósent umfram greiðslumark

Heildarinnlegg mjólkur á árinu 2023 voru 151.419.108 lítrar sem er rúmlega 1,6 prósent umfram heildargreiðslumark ársins sem var 149.000.000 lítrar.

Magnið er þó nálægt því að vera það sama og heildargreiðslumark þessa árs, sem er 151.500.000 lítrar.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóhannesi Hr. Símonarsyni, framkvæmdastjóra Auðhumlu, voru um 55 prósent mjólkurframleiðenda búnir að fullnýta sitt greiðslumark í desember og farnir að leggja inn mjólk sem umframmjólk.

Jóhannes segir að um 25 prósent mjólkurframleiðenda hafi lagt inn 91–100 prósent af sínu

greiðslumarki á síðasta ári og um 10 prósent mjólkurframleiðenda lagt inn 81–90 prósent. Um 10 prósent mjólkurframleiðenda hafi þar með lagt inn minna en 80 prósent af því greiðslumarki sem þeir fengu úthlutað á árinu 2023.

Það greiðslumark sem bændur fengu úthlutað á árinu en lögðu ekki inn í afurðastöð fer til útjöfnunar hjá þeim mjólkurframleiðendum sem framleiddu umframmjólk. Jóhannes segir að sá útreikningur fari fram samkvæmt ákvæði reglugerðar um stuðning í nautgripaþækt þar sem segir í 11. grein:

„Greiðslur vegna framleiðslu umfram greiðslumark skulu vera

með þeim hætti að greiðslur vegna ónotaðs greiðslumarks gangi hlutfallslega til annarra greiðslumarkshafa. Skal fyrst greitt fyrir fyrsta prósentustig sem greiðslumarkshafi framleiðir umfram eigið greiðslumark og síðan annað prósentustig og svo áfram eftir því sem ónotað greiðslumark gefur tilefni til.“

Útreikningar vegna lokauppgjörs við mjólkurframleiðendur vegna mjólkurframleiðslu ársins 2023 fara fram annars vegar hjá matvælaráðuneytinu vegna stuðningsgreiðslna og hins vegar hjá mjólkurafurðastöðvunum. /smh

Taktu sprettinn með okkur

Sprettur

ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2024

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Greitt fyrir 15. apríl 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27 + S	0,66	27			5,7		4,0					86.900	89.588
Sprettur ⁺ OEN N42+S+Selen	1,03	42					2	0,002				116.900	120.515
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	0,55	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7		92%	99.900	102.990
Sprettur 25-5	0,66	25	2,2				2,5				92%	93.900	96.804
Sprettur 25-8+Selen - NÝTT	0,59	25	3,5		4,0		2,5	0,0015			92%	101.900	105.052
Sprettur ⁺ OEN 38-8+Selen	0,97	38	3,5				3,0	0,0020			92%	121.900	125.670
Sprettur 23-6-6+Selen	0,56	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0020			92%	105.900	109.175
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	22	2,6	2,6	2,8	1,2	2	0,0015	3		92%	104.900	108.144
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0020			92%	108.900	112.268
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,58	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3		92%	104.900	108.144
Sprettur 20-10-10+Selen	0,67	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015			92%	109.900	113.299
Sprettur ⁺ OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015			92%	121.900	125.670
Sprettur 27-6-3+Selen	0,96	27	2,6	2,6	1,4	0,6	2	0,002			92%	104.900	108.144
Sprettur ⁺ OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass	0,78	27	3,5	2,6	2,6	0,8	4	0,002	3,7		92%	112.900	116.392
Sprettur 16-15-12	0,56	16	6,5	10	1,4	0,5	2,5				92%	109.900	113.299
Sprettur ⁺ OEN 20-18-15+Polysulphate	0,68	20	7,8	12	1,4	0,4	3				92%	121.900	125.670
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,02	92%	119.900	123.608
Sprettur DAP	0,70	18	20								92%	150.900	155.567
Calciprill	0,24				36,4	0,1						55.900	57.629

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Sprettur áburðar gefið upp sem kg af vörum og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi.
Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt
og þjónustum þig
með ánægju



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Verner Harðsson
Gsm: 862 0166
jonvernhards@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Borgarfjörður og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjánsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Norðurland vestra
Þorgils Sævarsson
Gsm: 787 3994
1967duddi@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com



Eyjafjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekka, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Rangárvalla- og V-Skaftafelssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sværsson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com



Skeljungur
Trausturfélagil



Fylgstu með okkur á Facebook
/Sprettur áburður

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is
Skeljungur ehf. | Sími 444-3000 | Skútuþóður 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is

Bændablaðið

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
 Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bitlaust

Tollvernd er eitt aðalverkfæri stjórnvalda til að stuðla að innlendri framleiðslu landbúnaðarvara.

Tollar á landbúnaðarvörur eru tvenns konar. Annars vegar verðtollur sem er lagður á sem hlutfall af innflutningsverði vörunnar. Hins vegar er magn tollur sem er krónatala á hvort klfó sem flutt er inn. Magn tollurinn hefur í mörgum vöruflokkum ekki tekið breytingum síðan árið 1995.

Dæmi um sílka vörur er smjör. Árið 1995, fyrir 29 árum, var ákvæðið að magn tollur smjörs væri 623 krónur á klfó. Þessi krónatala hefur haldist óbreytt síðan. En á hartnar þrjátíu árum hefur verðgildi 623 króna tekið miklu breytingum. Samkvæmt verðlagsrekknivél Hagstofunnar er raunvirði 623 króna árið 1995 alls 2.200 krónur í dag. Hækjunin nemur 253 prósentum.

Að þessu sögðu er augljóst að verðbólgan er fyrir löngu búin að éta upp það stjórtæki sem tollvernd á að vera. Það er þó ekki allt. Prátt fyrir að álögg gjöld á innflutning hafi rýrnað að raunvirði um mörg hundruð prósent þá er staðan ýktari.

Árið 2007 var gerður samningur við Evrópusambandið þar sem Ísland veitti ESB-löndum almenna tollalækkun á kjöti og kjötafurðum frá því sem öðrum þjóðum býðst, þannig að verðtollurinn fór úr 30% niður í 18% og krónatala magnollsins var lækkuð um 40%.

Einnig voru þá innleiddir tollkvótar sem fela í sér að heimila innflutning tiltekins magns án tolla og eru þeir boðnir upp ár hvert. Um þetta útboð er fjallað hér í blaðinu.

Aukin eftirspurn hefur verið eftir nautakjöti á markaði í samræmi við aukinn fjölda ferðamanna en einnig vegna samdráttar í framleiðslu á íslensku nautakjöti. Parna er því augljóst tækfærir fyrir innflyttjendum að fylla inn í gat á markaðnum. Þetta hefur endurspeglast í síðustu útboðum á tollkvótum vegna innflutnings á nautakjöti frá Evrópusambandinu. Eftirspurnin hefur verið margföld á við framböð og jafnvægisverðið þá skiljanlega leitað upp á við. En einhverra hluta vegna var eftirspurnin nái síðast um þriðjungur þess sem hún var á sama tíma í fyrra og verðið felli úr 690 kr/kg í eina kr/kg.

Tollkvóti á eina krónu er það sama og galopinn og frekar skakkur samkeppnismarkaður, einmitt það sem ýmis hagsmunaofl kynnu að vilja. Næstu mánuði fáum við að sjá hvaða áhrif þetta mun hafa, en þetta er síst af öllu hvetjandi staða fyrir innlenda framleiðendur, sem begar standa höllum fæti.

Ef stjórvöld ætla að tefta fram þeim veruleika í ræðu og riti að tollvernd sé beitt sem stjórtæki til að stuðla að innlendri framleiðslu þá hlýtur hún að þurfa að virka sem slík. Annars þýðir ekki að tala um þetta er síst af öllu hvetjandi staða fyrir innlenda framleiðendur, sem begar standa höllum fæti.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.



Niðurstöður gagnavinnslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um rekstrarafkomu kúabúa á árinu 2022 benda til að þrátt fyrir neikvæða afkomuþróun í nautgripaþækt sé greinilegur afkomubati í heildarrekstri búanna. Mynd / smh

Tap nam 18,9 krónum á hvern framleiddan mjólkurlítra

Þrátt fyrir neikvæða afkomuþróun í nautgripaþæktar er greinilegur afkomubati í heildarrekstri búanna.

Samkvæmt niðurstöðnum úr gagnavinnslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um rekstrarafkomu kúabúa á árinu 2022, var tapið af nautgripaþæktinni sem nemur 18,9 krónum á hvern framleiddan mjólkurlítra það ár.

Í niðurstöðnum kemur fram að afkoma af nautgripaþæktinni hefur versnað ár frá ári og séi í auknum mælt með með öðrum tekjum en af mjólkur- og kjötframleiðslu. Frá árinu 2019 er afkoman metin neikvæð um 28 prósent. Þrátt fyrir neikvæða afkomuþróun nautgripaþæktarinnar sé greinilegur afkomubati í heildarrekstri búanna. Fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta eykst rekstrarafgangur um tæplega fjórar og hálfa milljón króna á milli 2021 og 2022.

Aðfanga- og fjármagnskostnaður hækkar mikil

Gagnavinnslu RML um rekstrarafkomu kúabúa er lokið en von er á lokaskýrslu seinnipartinni í febrúar.

Kristján Óttar Eymundsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði RML, segir að niðurstöðurnar staðfesti miklar aðfangahækkanir á árinu 2022. „Breytilegur kostnaður á innveginn lítra hækkar um riflega 19 prósent frá árinu áður, en hefur alls hækkað um 38 prósent frá 2019. Fjármagnskostnaður er einnig orðinn verulega íþyngjandi hjá stórum hluta búanna en hann hækkar um tæpar átta krónur á lítra að meðaltali á milli ára. Fyrir greinina er því mjög mikilvægt að verðbólga og vaxtastig laekki sem fyrst og að verðlagning á mjólk og ríksstúðningur verði þannig hátt að þær tekjur standi undir framleiðslukostnaði.“

Í niðurstöðnum kemur fram að til framtíðar litil sé jákvætt að skuldahlutfall hafi farið lækkið, sem skýrist af aukinni veltu búanna. Það sé þó víða mjög íþyngjandi miðað við núverandi vaxtastig. Nauðsynlegt sé að það lækki og að gerðar verði leiðréttir á



Kristján Óttar Eymundsson.

afurðatekjur í gegnum opinbera verðlagningu eða búvorusamning.

Sviðsmyndir áranna 2023 og 2024 hafa breyst

Kristján segir að árið 2023 hafi einkennst af svipuðum aðfangakostnaði og árið á undan. „Prálat verðbólga og endurteknar hækkanir á óverðtryggðum breytilegum vöxtum var síðan orðin sligandi hjá skuldsettari hluta búanna. Samkvæmt mati okkar stefndi í að tap heildarrekstrar hjá mjólkurframleiðendum yrði samtals um 1.400 milljónir króna á árinu til viðbótar um 600 milljóna króna taps hjá nautgripabændum sem eingöngu eru í nautakjötsframleiðslu.“

Með fjárukalögum fyrir árið 2023, sem samþykkt voru á Alþingi rétt fyrir jól, er ljóst að sú sviðsmynd hefur breyst.

Fyrir jól voru greiddar 386 milljónir króna til nautgripabænda samkvæmt fjárfestingakostnaði í samþykktum úttektum árin 2017–2023. Einnig voru greiddar 600 milljónir vegna fjárfestinga, óháð búgreinum, samkvæmt samþykktum nýliðunarumsóknunum fyrir sama tímabil. Þá var 100 milljónum króna bætt við gripgreidiðslur holdakúa. Að lokum var ákvæðið, eftir nefndarvinnu fjárlaganeftndar, að bæta 500 milljónum króna við innvegna mjólk á landvísu miðað við fyrstu 11 mánuði ársins. Þær greidiðslur verða greiddar í byrjun þessa árs,“ útskýrir Kristján.

Hann saknar þess þó að sjá ekki að nautgripabændur, sem eingöngu eru að ala íslensk naut til

kjötframleiðslu, hafi fengið sneið af kökunni. „Rekstrarafkoma þeirra er ekki góð þótt þeir séu oft og tíðum að ná frábærum árangri í eldinu. Þó hluti holdagripa og holdablendinga fari vaxandi af heildarframleiðslunni eru íslenskir gripir þar enn í yfirgnæfandi meirihluta. Þeir voru til að mynda um 84% af heildarframleiðslu ungnautakjöts árið 2022.“

Betra rekstrarumhverfi í vændum

Að sögn Kristjáns er ýmislegt sem bendir til þess að betra rekstrarumhverfi verði í greininni á þessu ári. „Verðbólga virðist nú vera á niðurleið sem ætti að stuðla að lækkun óverðtryggðra vaxta þegar líður á árið 2024. Búið er að boða hækkanir á afurðastöðvarverði mjólkur til bænda frá 1. janúar síðastliðnum og síðan eru lækkanir fram undan á helstu aðföngum eins og áburði. Verið er að endurskoða verðlagsgrundvöllinn, sem verður vonandi tilbúinn nú í lok febrúar. Einnig er verið að vinna að undirbúningi á innleiðingu kyngreinds sæðis í íslenskri nautgripaþækt.“

Kristján segir að árið 2023 hafi einkennst af svipuðum aðfangakostnaði og árið á undan. „Prálat verðbólga og endurteknar hækkanir á óverðtryggðum breytilegum vöxtum var síðan orðin sligandi hjá skuldsettari hluta búanna. Samkvæmt mati okkar stefndi í að tap heildarrekstrar hjá mjólkurframleiðendum yrði samtals um 1.400 milljónir króna á árinu til viðbótar um 600 milljóna króna taps hjá nautgripabændum sem eingöngu eru í nautakjötsframleiðslu.“

Með fjárukalögum fyrir árið 2023, sem samþykkt voru á Alþingi rétt fyrir jól, er ljóst að sú sviðsmynd hefur breyst.

Fyrir jól voru greiddar 386 milljónir króna til nautgripabænda samkvæmt fjárfestingakostnaði í samþykktum úttektum árin 2017–2023. Einnig voru greiddar 600 milljónir vegna fjárfestinga, óháð búgreinum, samkvæmt samþykktum nýliðunarumsóknunum fyrir sama tímabil. Þá var 100 milljónum króna bætt við gripgreidiðslur holdakúa. Að lokum var ákvæðið, eftir nefndarvinnu fjárlaganeftndar, að bæta 500 milljónum króna við innvegna mjólk á landvísu miðað við fyrstu 11 mánuði ársins. Þær greidiðslur verða greiddar í byrjun þessa árs,“ útskýrir Kristján.

Gagnagrunnur frá 2017

Í þessu verkefni um afkomuþróun kúabúa, sem RML heldur utan um, taka nú 173 kúabú þátt. Það var upphaflega sett af stað sumarið 2020 þegar 90 bútóku þátt, en gagnagrunnurinn sem unnið er með nær aftur til rekstrarársins 2017.

Heildarframleiðsla búanna sem síðast tóku þátt var 64,8 milljónir lítra mjólkur árið 2022, eða 44 prósent af heildarframleiðslu í landinu.

Að sögn Kristjáns hefur verkefnið leitt til aukinnar þekkingar á afkomu kúabænda en það má segja að áður hafi hún verið býsna óljós um árabil eða frá því að Hagbjónusta landbúnaðarins var lögð niður.

/smh

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA
Gulltryggð gæði

40 ár
á Íslandi

STIGA
ST5266 P
VETRARSÓL

Hágæða
snjóblásarar
Fjölbreytt úrvall

Listi yfir dreifingstaði er á
www.bbl.is

Norðurland vestra:

Karólína maður ársins

Héraðsfréttablaðið Feykir stóð fyrir kosningu á manni ársins á Norðurlandi vestra.

Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð og frumkvöðull í riðurannsóknunum í íslensku sauðfó, var valin með afgerandi kosningu.

Valið stóð á milli átta einstaklinga og voru 1.640 atkvæði sem bárust Feyki yfir jólin. Í byrjun nýs árs var tilkynnt að Karólína hefði hlutið fjörutíu og sjö prósent atkvæða. Sá sem lenti í öðru sæti hlaut fimmtán prósent atkvæða og hugur fólks í landshlutnum greinilega afdráttarlaus.

„Þetta fólk sem kaus mig hérra á Norðurlandi vestra endurspeglar bændasamfélagið sem var hér á landi í þúsund ár þegar svo gott sem allir Íslendingar voru bændur,“ segir Karólína. Að viðurkenningin komi frá þessu samfélagi sé meira virði en nokkur önnur viðurkenning gæti verið.

Náðu markmiðinu saman

„Það er yndislegt að fólk kann að meta þessa vinnu sem miðaði að því að finna nýja og jákvæða lausn á riðuveiki,“ segir Karólína. „Þessi viðurkenning sýnir mér að það erum í rauniinni við öll, sauðfjárbændur og bændasamfélagið, sem náðum saman þessu markmiði.“

Ef þetta viðfangsefni skipti fólk ekki svo miklu máli þá hefði fólk ekki kosið hana. Karólína segist finna fyrir mikilli gleði vegna þessa



Karólína Elísabetardóttir.

Mynd / Sigursteinn Bjarnason

stuðnings. „Það er ómetanlegt að vera hluti af samfélagi sem styður mann á svo sterkan hátt,“ segir hún og þessi viðurkenning sýni það svart á hvítu.

Lærum af öðrum löndum

„Grundvallaratriðið er að afla sér upplýsinga frá útlöndum en aðlaga þær að íslensum aðstæðum,“ segir Karólína og vísar til þess að í riðumálum var unnið í nánu samstarfi við erlenda vísindamenn. Samt hafi íslenski hópurinn farið sína leið, því umfram ARR hafa fundist séríslenskar arfgerðir sem veitti mögulega vernd gegn riðu.

Karólína bætir við að Íslendingar skuli horfa til útlanda og athuga hvað sé virkilega best fyrir okkur hér á landi í málefnum sem lúti að skógrækt, kornrækt, rafmagnsframleiðslu og mórgu fleira. /ál



Minni heildaruppskera var í kornræktinni á síðasta ári en árið á undan en margir bændur á Suðurlandi náðu ekki að sá sínu korni vegna bleytu.

Mynd / smh

Kornrækt:

Færri ræktendur og minni heildaruppskera

Nokkur samdráttur var í kornrækt árið 2023 miðað við árið á undan.

Kornræktendur voru færri og heildaruppskeran minni en árið 2022. Lélegt tíðarfari á Suðurlandi á liðnu vori er aðalastæða þess.


Tölur frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sýna að fjöldi kornræktenda var 261 talsins árið 2023 og fækkaði um þrjátíu og two frá því árinu áður þegar þeir voru 293, þar af voru 29 færri á Suðurlandi.

„Ástæðan fyrir samdrættinum tel ég vera tíðarfari í vor á Suðurlandi. Það voru margir bændur sem ekki sáðu neinu korni því þeir komust ekki um vegna bleytu og aðrir sáðu talsvert minna en þeir ætluðu sér,“

segir Borgar Páll Bragason, fagstjóri hjá RML.

Uppskera ársins 2023 nam um 9.290 tonnum alls af þresku korni, en var um 9.785 tonn árið 2022 samkvæmt gögnum úr Jörð.is. Þar kemur fram að bygg hafi verið ræktad á 3.274 ha, hafrar á 128 ha, vetrarrhveiti á 46 ha, vetrarrúgur á 37 ha og vorhveiti á 10 ha.

Tölurnar benda til þess að uppskerumagnið hafi numið um 3,2 tonnum að meðaltali á hektara, en frá 2019 náðist slíkt uppskerumagn einungis á árinu 2021. Samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu var greiddur út jarðræktarstyrkur fyrir ræktun á



Borgar Páll Bragason.

3.375 hekturum kornræktarlands á síðasta ári samkvæmt umsóknunum frá 250 kornræktendum, en árið á undan var greitt fyrir ræktun á 3.450 hekturum samkvæmt umsóknunum frá 283 ræktendum. /ghp - smh

Útiræktun:

Styrkir greiddir til 50 garðyrkjubænda

Alls fengu 50 garðyrkjubændur greidda styrki fyrir 568 ræktanda hektara á síðasta ári í útiræktun grænmetis.

Þetta kemur fram í uppgjöri matvælaráðuneytisins vegna greiðslna á jarðræktarstyrkjum síðasta árs.

Greitt er samkvæmt ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrku og nam heildargreiðsla vegna útiræktanda grænmetis rúnum 83 milljónum króna.

Annars vegar var greitt út á ræktun rótaráfurða, fyrir samtals rúmar 62



milljónir króna, og hins vegar fyrir afurðir ræktarðar ofanjarðar, samtals rúmlega 21 milljón. /smh

Fjósbitar frá Andersbeton fyrir kyr og ungviði.

Gólfplötur undir allar gerðir mjaltaþjóna. Flutt heim á býli.

Flatgryfjur og fylgihlutir, ss. yfir, hliðar og undirplast, feringarnet, dekkjahringir og jöfnunarvalsar.

Rúlluplast bæði með og án meindýravarna, ss. vörn bæði fyrir fugli og músum.

Rúllunet og bindigarn.

Verð á plasti og neti miðað við afhendingu á býli.

Haughrærur og dælur.

Litli Krummi ehf.
Benedikt Hjaltason
s.8946946
fjosbitar@simnet.is



Nú þegar er töluvert af íbúðarhúsum og frístundarhúsum í Vaðlaheiði og þeim á eftir að fjölgum mikil næstu árin

Myndir / Aðsendar

Uppbygging í Vaðlaheiði



Finnur Yngvi Kristinsson.

áfanga deiliskipulagsáætlana. Þessi skipulagsáætlun mun svo ligga til grundvallar deiliskipulögum sem í kjölfarið verða unnin fyrir spildur innan svæðisins,“ segir Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar.

A svæðinu er gert ráð fyrir um 650 íbúðarhúsum en það gæti þýtt 1.500 til 1.800 manna byggð. „Ég hef trú á að svæðið verði verulega vinsælt. Það er það nú þegar og

mikil ásókn í að deiliskipuleggja og byggja upp á svæðinu. Auknar vinsældir svæðisins er ein aðalástæða þess að ákveðið var að fara í skipulagsvinnuna. Þarna eru nokkur íbúðasvæði og frístundasvæði sem byggst hafa upp í skorpum á frekar löngu tímabil, það hefur orsakað það að skipulagsfyrvöld hafa hingað til ekki haft heildarmynd af svæðinu og verið að bregðast við óskum landeigenda hverju sinni án þess að hafa skýra stefnu fyrir svæðið í heild. Fyrir vikið er svæðið svolitið „kaotískt“ þó að því fylgi vissulega ákveðinn sjarmi,“ segir Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar.

Kynning á skipulagstillögnum stendur til 9. febrúar og mun fara fram opinn kynningarfundur vegna verkefnisins á sveitareskifstofu Eyjafjarðarsveitar kl. 20, fimmtudaginn 1. febrúar. /mhh



Knowledge grows



Uppfærð verðskrá fyrir 2024 Meiri verðlækkun á Yara áburði

**Þeir bændur sem þegar hafa pantað áburð njóta
einnig þessarar verðlækkunar.**



Slátturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2024

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.



Mjólkurframleiðsla:

Hækkun lágmarksverðs

Lágmarksverð fyrir 1. flokks mjólk til bænda hækkaði 1. janúar um 2,25 prósent. Heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara hækkar sömuleiðis um 1,60 prósent.

Það er verðlagsnefnd búvara sem tekur ákvörðun um slíkar verðbreytingar og í rökstuðningi hennar fyrir þessum hækkunum segir að verðhækken til bænda sé komin til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun sem byggði á verðlagi í september og tók gildi í október 2023. Gjaldaliðir hafi á þeim tíma hækkað um 2,25 prósent og því hækkar verð til bænda úr 129,76 krónum á lítrann í 132,68 krónur á lítrann.

Heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum hækkar þannig um það sem nemur kostnaðarhækken vegna hráefniskaupa og hækken vinnslu- og dreifingarkostnaðar.

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, situr í verðlagsnefnd búvara og segir að vissulega muni um þessar hækkanir.



Rafn Bergsson.

Mynd / ÁL

„Þær duga þó ekki til að koma á móts við þær gríðarlegu vaxtahækkanir sem hafa orðið undanfarið. Enda er fjármagnskostnaður verulega vanætlaður í núverandi verðlagsgrunni.“

Upphaflega átti vinnu við nýjan grunn að ljúka í desember en það hefur tafist og nú er áætlað að ljúka vinnunni í lok febrúar.“ /smh



Matvælaráðuneytið:

Jarðræktarstyrkir, landgreiðslur og tjónabætur

Matvælaráðuneytið greiddi fyrir áramót út jarðræktarstyrki, landgreiðslur og tjónabætur vegna ágangs álfta og gæsa í ræktunarlöndum á síðasta ári.

Í umfjöllun á vef matvælaráðuneytisins kemur fram að 12 ræktendur hafi skráð tjón á 83,9 hekturum. Alls nema styrkir vegna jarðræktar rúmlega 437 milljónum króna en rúmlega 434 milljónum króna vegna landgreiðslna.

Landgreiðslur voru veittar vegna 76.839,5 hektara. Einingarverð landgreiðslna er 5,655 krónur á hektara. Framlög vegna land-

greiðslna taka mið af heildarfjölda hektara sem sótt er um og deilast jafnt út á umsækjendur.

Jarðræktarstyrkir voru veittir vegna 10.491,3 hektara en 10.021,6 hektara lágu til grundvallar útreiknings að teknu tilliti til skerðingarreglna. Einingarverð jarðræktarstuðnings var á árinu 43.635 krónur á hektara.

Í umfjöllun ráðuneytisins kemur fram að fyrirframgreiðsla vegna kornraektar sem greidd var 15. júní 2023, komi til frádráttar greiðslunni og er hann 25 prósent af einingaverði jarðræktarstyrks á árinu 2022. /smh



Stjórnvöld reyna að einfalda regluverk um vindmyllur hér á landi.

Mynd / WED

Frumvarp til að einfalda og flýta orkuöflun

– Sveitarfélög fái meiri ítök þegar kemur að vindorku

Frumvarp til laga um vindorku hefur verið sett í samráðsgátt stjórnvalda og er opíð til umsagnar.

Um er að ræða drög að frumvarpi til breytinga á lögum að því er varðar málæfni vindorku. Markmiðið er að einfalda uppyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku en um leið að lágmarka umhverfisáhrif, að því er fram kemur í kynningu.

Samhliða frumvarpinu er lögð fram til umsagnar þingsályktunartillaga að sérstakri opinberri stefnu um hagnýtingu vindorku. Frestur til að skila inn umsögnum rennur út 19. janúar.

Abyrgð sveitarfélaga aukist

Í meginatriðum fjalla frumvarpsdrögum um að gerðar verði breytingar til að ná fastari tökum á vindorku innan rammaáætlunar. Sveitarfélög fái viðtækari heimildir en gildi um aðra virkjunarkosti við gerð skipulagsáætlana þegar um er að ræða vindorku. Einstök sveitarfélög hafi endanlegt ákvörðunarvald um það hvort slík virkjun fari inn í skipulagsáætlanir þeirra.

Þá er gert ráð fyrir að fleiri svæði landsins verði útilokuð frá vindorkunýtingu en gildir um hagnýtingu vatnsorku og jarðhita. Auk svæða á A-hluta náttúrumjaskrár (friðlýstra svæða) er lagt til að vindorka verði undanskilin á svæðum á B-hluta náttúrumjaskrár, UNESCO svæðum, Ramsar-svæðum, svæðum innan marka friðlýstra menningarminja og á svæðum innan marka miðhländislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu.

Jafnframt er lagt til að ákveðin virkjunarkostir í vindorku geti að uppfylltum skilyrðum sætt sérstakri málsmæðferð vegna markmiða um orkuskipti og kolefnishlutleysi. Slíkir virkjunarkostir lykju formlegri meðferð innan verndar- og orkunýtingaráætlunar og væri vísað til sveitarfélags og annarra stjórnvalda varðandi leyfisákvörðun.

Áfram innan rammaáætlunar

Frumvarpið og þingsályktunartillagan eru byggð á skýrslu starfshóps sem skipaður var sumarið

2022 til að skoða hvernig einfalda mætti uppyggingu vindorkuvera.

Sjónum var m.a. beint að uppyggingu á afmörkuðum svæðum þar sem unnt væri að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif.

Skilaði hópurinn stöðuskyrslu sl. vor og lokaskýrslu í desember, að undangengnum kynningarfundum á landsvísu.

Starfshópurinn lagði meðal annars til að vindorka byggðist frekar upp á svæðum sem þegar eru röskuð vegna mannlegra athafna. Nærumsfélög fengju endanlegt ákvörðunarvald um hvort vindorka byggðist upp innan marka þeirra og tryggður yrði sérstakur ávinnungur nærsamfélaga af hagnýtingu vindorku.

Vindorka yrði jafnframt áfram innan rammaáætlunar svo tryggja mætti samræmda og faglega meðferð og yfirsýn allra vindorkukosta og betri sátt um málæfni vindorkunnar. Pó yrði hægt að taka ákveðna virkjanakosti út fyrir rammaáætlun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. /sá

Dýravelferð:

Ákvarðanir staðfestar um dagsektir og vörslusviptingu

Rétt fyrir jól voru staðfestar tvær ákvarðanir Matvælastofnunar; annars vegar af matvælaráðuneyti að leggja dagsektir á nautgripabónða og hins vegar af Héraðsdómi Reykjavíkur um vörslusviptingu á nautgripum á öðrum bæ.

Um málið sem snýr að dagsektunum fjallaði Matvælastofnun á vef sínum 20. desember, en daginn eftir um málið þar sem 137 nautgripir voru teknir úr vörslu bænda.

Lög brotin með alvarlegum hætti

Um fyrra málið segir í umfjöllun stofnunarinnar að ákvæðið hafi verið að leggja á bónðann dagsektir þar sem lög um dýravelferð og reglugerð um velferð nautgripa hefðu verið brotin með alvarlegum hætti í búrekstrinum. Sneru brotin meðal annars að atriðum sem vörðuðu hreinleika dýra og legusvæði.

Mótmælti hann sektunum og benti á að mjólkurframleiðslu yrði fljótega hætt á bænum. Innheimtu dagsektu

var svo hætt þar sem aðgerðirnar þóttu hafa borið árangur; allar mjólkurkýr farnar og betri umgjörð komin á ungneyti. Bónðinn krafðist þess svo að sektirnar yrðu lækkaðar eða felldar niður; Matvælastofnun hefði ekki gætt meðalhófs og brotið gegn rannsóknar- og jafnraðisreglu stjórnarsýslulaga.

Pó hafnaði Matvælastofnun og kærði bónðinn þá synjunina til matvælaráðuneytisins. Í úrskurði ráðuneytis segir að ákvæði í lögum um velferð dýra hafi verið brotin í búskap bónðans.

Sett út á meðferð gripanna árum saman

Hitt málið á sér langan aðdraganda og segir í umfjöllun Matvælastofnunar að sett hafi verið út á meðferð gripanna á bænum árum saman; aðbúnað, byggingar og búnað. Ekki síst hafi þó verið sett út á eigin eftirlit bændanna og stöðugt verið krafist úrbóta. Matvælastofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu að verulega skorti á getu,

hæfni og ábyrgð þeirra til að geta tryggt velferð dýranna. Bændurnir kærðu fyrirhugaða vörslusviptingu til matvælaráðuneytis sem staðfesti hana nokkrum dögum áður en að henni kom.

Eftir vörslusviptinguna stefndu bændurnir hins vegar íslenska ríkinu og fóru fram á skaðabætur. Byggðist krafan á fjárhagstjóni beirra af ákvörðun Matvælastofnunar, framkvæmd hennar og vegna missis hagnaðar sem þeir hefðu notið ef ekki hefði komið til sviptingarinnar. Enn fremur vildu þeir fá bættan miska sem þeir hefðu orðið fyrir vegna ákvörðunarinnar.

Í dóumnum er kröfum bændanna hafnað, þeim hafi ekki tekist að fera sönnur fyrir fullyrðingum sínum um ólögmaða og saknæma háttsemi starfsmanna Matvælastofnunar sem hafi valdið þeim tjóni og bakað þar með íslenska ríkinu skaðabótkasyldu. Hafi bændurnir orðið fyrir slíku tjóni verði að telja að ábyrgðin sé þeirra. /smh

Lögfræðistofa Reykjavíkur



LÖGMANNSPJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmannspjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkurrettur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnarsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurveg 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

POLARIS

FORSALAN HEFST 12. JANÚAR!

+ 150.000 KR. AFSLÁTTUR AF TÆKJUM
+ 150.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI Í JANÚAR



VIÐ BJÓÐUM FRÁBÆRT VERÐ Á 2024 POLARIS TÆKJUM OG STENDUR FORSALAN TIL 31. JANÚAR.
VERIÐ VELKOMIN Í VERSLANIR OKKAR – WWW.STORMUR.IS

POLARIS

STORMUR

Klettháls 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is / Sími: 577 1717



Massey Ferguson-traktorar eru í öðru sæti á topplista nýskráðra nýrra dráttarvélara árið 2023 með 21 eintak.

Solis vinsælustu dráttarvélarnar

Á vef Samgöngustofu má sjá að 852 nýjar dráttarvélar voru nýskráðar á landinu á árinu 2023.

Af þeim ganga 152 taki fyrir sísl og má reikna með að á bak við þær tölur séu hefðbundnar dráttarvélar á meðan restin séu dráttarvélaskráð fjórhjól.

Þegar flokkurinn er skoðaður þá trónir tegundin Can-Am hæst með 219 taki, en það er kanadískur framleiðandi fjórhjóla. Séu hin hefðbundnu vörumerki landbúnaðartækja skoðuð er Solis, hinn indverski framleiðandi á smáum dráttarvélum, á toppnum með 34 traktora. Þar fyrir neðan eru gamalgróin merki eins og Massey Ferguson, Kubota og Valtra. Samanborið við árið 2022 er þetta fækken um tólf ný dráttarvélaskráð taki sem gagna fyrir sísl. Þá voru fluttar inn 42 Solis-dráttarvélar, samanborið við 34 árið 2023.

Mest seldu dráttarvélarnar 2023

Tegund	Fjöldi
1 Solis	34
2 Massey Ferguson	21
3 Kubota	17
4 Valtra	17
5 New Holland	13
6 Fendt	12
7 John Deere	12
8 Claas	11
9 Deutz Fahr	7
10 Case IH	5

Í fyrra voru 79 notaðar dráttarvélar nýskráðar á landinu og var Massey Ferguson vinsælasta tegundin með 23 eintak.

Sé fjöldi nýskráninga eftir undirtegund skoðaður sést að fjórar notaðar dráttarvélar af gerðinni Farmall voru fluttar til landsins. /ál

Nýtt smáforrit frá ASÍ

Verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands hefur látið hanna nýtt smáforrit fyrir almenna neytendum til að fylgjast með vörverði.

Með nýja smáforritinum, appinu Prís, geta neytendum á fljóttlegan hátt skoðað mismunandi verðlagningu einstakra vara milli verslana. Prís er aðgengilegt fyrir öll snjalltæki, bæði Android og iOS, og er neytendum að kostnaðarlausu.

Segir í frétt ASÍ að forritið sé „króftugt innlegg Alþýðusambandsins í baráttunni gegn þeiri verðbólgu sem nú leggst á íslenskt samfélag. Standa vonir til þess að forritið auðveldi neytendum að

veita virkt aðhald með samkeppni á smásöluverklaði.“ Í Prís er hægt að skanna strikamerki á vörum og fá upplýsingar um hvað sama vara kostar í fjölda annarra verslana.

Hyggt verðlagseftirlitið þróa smáforritið áfram og gera meðal annars verðsögu aðgengilega í því, ásamt fleiri viðbótum sem gagnast munu neytendum.

Prís smáforritið var unnið innan vélbanda ASÍ en ríkisstjórnin kom að verkefninu með 15 milljóna króna styrk í anda þess að það sé sameiginlegt markmið beggja aðila með verkefninu að vinna gegn verðbólgu. /sá



AUGLÝSING UM SKIPULAG

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 9. nóvember 2023 að auglysa tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að nýju deiliskipulagi í Borgarnesi.

Stækken á Íbúðarsvæði #12. Færsla á Hringvegi um Borgarnes - Breyting á aðalskipulagi

Íbúðasvæði #12 er stækkað til að koma fyrir 75 íbúðum til viðbótar við nýverandi svæði. Lega Hringvegar á aðalskipulagsupprætti er hnikað til austurs til að rýma fyrir stækken íbúðarsvæðis.

Deiliskipulag íbúðabyggðar í landi Bjargs - Nýtt deiliskipulag

Skilgreind er ný gata nyrst í Bjargslandi sem rúmar 75 íbúðir á 20 líðum, bæði einbýlis- og fjölbýlishús á einni til tveimur hæðum.

Ofangreindar skipulagsáætlunar eru kyntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Tillögurnar eru í kynningu frá 27. desember 2023 til og með 14. febrúar 2024.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur að gera athugasemd við tillögur á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskat er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúra.

Borgarbyggð, 27. desember 2023.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



Eimverk:

Aukið samstarf við íslenska kornbændur

– Mun þurfa tú þúsund tonn af korni eftir tú ár

Mikil aukning var á síðasta ári í framleiðslu og sölu á íslensku viskíi hjá Eimverki Distillery. Notaði brugghúsið 50 prósent meira af byggi á síðasta ári en árið á undan, eða samtals 150 tonn.

Í byrjun síðasta árs sagði Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, frá stórum sölusamningum við Kínverja, Bandaríkjum og Þjóðverja í viðtali hér í bládinu. Vegna þyrti að auka hráefnisframleiðsluna hratt á næstu tú árum. Fara þyrti úr 100 tonna byggframleiðslu í 10 þúsund tonn á tú árum til að geta staðið við samninga. Stefnt yrði að aukna samstarfi við íslenska kornbændur, enda verði hráefnið til viskiframleiðslunnar að vera alíslenskt.

Rækta sambandið við bændur

Eimverk hefur á undanförnum árum ræktað sjálft mest allt korn til framleiðslunnar, á sínu ræktarlandi í Bjálmholti í Holtum og nálægum löndum Gunnarsholts og Lækjar, sem það hefur verið með á leigu.

„Það er rífandi gangur hjá okkur, erum að reisa nýja aðstöðu í Bjálmholti, þar sem verður geymsla fyrir viskítunnur og bætt aðstaða fyrir konverkun, samtals 500 fermetrar.

Þá höfum við bætt við okkur nokkrum ökrum fyrir rúgræktun næsta haust, fyrir nýja rúgvískíið okkar, og við stækkuðum aðstöðuna í Garðabæ þar sem bruggverksmiðjan er. Við erum nú að plana sumarið, það verður ekki endilega mikil aukning í eigin ræktun en við erum að rækta sambönd við fjölmarga bændur fyrir næstu skref og samstarf,“ segir Haraldur.

Hann segir að salan hafi gengið vel á síðasta ári, aukist um 30 prósent frá fyrra ári. Öll stækkan og framleiðsluaukning taki hins vegar sinn tíma, það taki í það minnsta þrjú ár að fara í gegnum kerfið því það er sá tími sem þarf að geyma viskíið að lágmarki.

Umsókn um verndað afurðaheiti

Eimverk var stofnað árið 2009 með það markmið að framleiða úrvals viskí úr alíslensku hráefni. Fyrstu tú árin fóru í að sanna að hægt væri að framleiða slíka gæðavöru. Á



Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks Distillery.



Frá smökkunaraðstöðu Eimverks.

Matvælastofnun til umfjöllunar. Haraldur telur brýnt að fá þessa vernd líkt og íslenska lopapeysan og íslenska lambakjötíð hafa fengið, svo ekki þuri að standa í samkeppni við aðra viskiframleiðendur sem kynna að merkja sínar vörur sem „íslenskt viskí“, án þess að nokkurt íslenskt hráefni væri í því. /smh

Árstíðamunur í kalkúnaraækt

Undanfarin ár hefur kalkúnaframleiðslan hjá Reykjabúinu verið í haegum og stígandi vexti, segir Jón Magnús Jónsson framkvæmdastjóri.

Mesta neyslan á kalkúnakjöti sé frá þakkjargjörðarhátiðinni fram að áramótum, ásamt örflitum sölutoppi um páskana. Drjúg neysla sé þó yfir allt árið á smásöluverklaði og þá fari mikil inn á veitingahúsa- og mótneytamarkaðin.

Reykjabúið Mosfellsbæ er eina kalkúnabúið á landinu. Aðspurður um áskoranir sem fylgi því segir Jón Magnús að þau þurfi að passa upp á að eiga alltaf nóg, sem þeim hafi tekist alllengi.

Petta sé ekki stórt markaður, sem skyri að hluta til af hverju þau séu síðasti kalkúnaraæktandinn. Þá hafi verið ákveðin þróska að halda þessu úti og að vera ein fyrir hafi ekki verið þeirra val.



Síðasta kalkúnabú landsins þarf að passa upp á að eiga alltaf nægar birgðir. Mynd / ghp

Hann segir greinilegt að neytendum sækist eftir þeirra vörum og séu meðvitaðir um að velja innlenda framleiðslu í smásölu. „Hins vegar er þetta alltaf erfitt þar sem þú séðir ekki vörumerkið. Ef þú ferð að veitingastaði eða í veislum þá veistu ekki hvaðan þetta er nema að rannsaka það á staðnum,“ segir Jón Magnús. /ál



Þú færð 20% afslátt með kóðanum: **BONDI**

Frí sending þegar verslað er fyrir 7.000 kr eða meira

BEGGI krakka flísbuxur
verð: 9.995 kr



ANTONY krakka flíspeysa
verð: 10.995 kr



MÓNA krakka flísbuxur
verð: 7.995 kr

ANTONÍA krakka flíspeysa
verð: 11.995 kr

UGLA softshell jakki
verð: 34.995 kr



OFANKOMA flíspeysa
verð: 17.995 kr

SILJA flís jakki
verð: 26.995 kr

ÞOKA flíspeysa, 4 litir
verð: 19.995 kr



JÓNINA flíspeysa, 6 litir
verð: 21.995 kr

HARDFENNI flíspeysa
verð: 19.995 kr



SLABB flíspeysa
verð: 21.995 kr

ÖRN softshell jakki
verð: 34.995 kr



SVALI flíspeysa
verð: 17.995 kr

SVAVAR flís jakki
verð: 26.995 kr

Cintamani, Austurhrauni 3 & sláð inn kóðann: **BONDI** í netverslun www.cintamani.is

Opið virka daga frá kl. 10:00 til 18:00 - Laugardaga frá kl. 10:00 til 16:00 - Sunnudaga frá kl. 12:00 til 16:00

Frumvarp um lagareldi:

Í fyrsta skipti fjallað sérstaklega um landeldi

Drög að frumvarpi um lagareldi liggja í samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur rann út í gær.

Í fyrsta skipti er sérstaklega fjallað um „landeldi“ í löggjöfinni, en áður hefur regluverk greinarinnar byggt að mestu á lögum um fiskeldi.

Er þar leitast eftir að draga fram bau sérkenni sem skilja að landeldi frá sjókvíaeldi, sem helgast af ólíku eldisumhverfi og ólíkum áskorunum bæði fyrir rekstraraðila og Matvælastofnun, sem fer með ytra eftirlit með starfseminni en rekstraraðilar með innra eftirlit.

Dýravelferð og sjúkdómavarnir með besta hætti

Markmið frumvarpsins er að skapa skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar í lagareldi á Íslandi með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Einnig er lögð áhersla á að lagareldi verði stjórnað út frá skilgreindum mælikvörðum sem komi í veg fyrir að greinir hafi neikvæð áhrif á umhverfis sitt, hvort sem er á vistkerfi eða villta stofna. Þá er með frumvarpinu stefnt að því að dýravelferð og sjúkdómavarnir verði hér á landi með besta hætti á heimsvísu.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum sem ná til sjókvíaeldis. Þar má nefna að áhettumat erfðablöndunar verður gefið út í fjölda fiska, lögfestingu nágildandi friðunarsvæða og friðun Eyjafjarðar og Öxarfjarðar, breytt fyrirkomulag á útfærslu og framkvæmd áhettumats



erfðablöndunar, aukið eftirlit Matvælastofnunar, breytingar á leyfilegum lífmassa vegna affalla og lúasmits og hertar reglur um kynproska fisk.

Lög um hafeldi sem þó er ekki enn stundað

Þá er í frumvarpinu einnig fjallað um hafeldi, sem er sjókvíaeldi á svæðum sem eru utan friðunarsvæða og viðmiðunarlínu um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hafeldi er þó ekki enn stundað við Ísland, en aukinn áhugi hefur verið á starfseminni síðastliðin ár. Í greinargerð með frumvarpinu segir að til að komast að því hvort og hvar hafeldi sé vanlegt í íslenskri lögsgögu þurfi að ráðast í ítarlegar rannsóknir sem sníða þarf ramma um.

Einnig þurfi að skapa ramma um leyfisveitingaferlið en miklu máli skipti að fyrirsjáanleiki og skýr löggjöf séu fyrir hendi til að styðja við fyrstu skref greinarinnar.

Drögin að frumvarpinu er afraðst umfangsmikillar stefnumótunarvinnu sem hófst í byrjun árs 2022. /smh

Morgunfundir um landbúnaðarmál

Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í landbúnaði efna til morgunfundaraðar um landbúnaðarmál.

Fundirnir eru hugsaðir sem umræðuvettvangur fyrir hvers konar málefni er snerta landbúnaðinn, að því er fram kemur í tilkynningu.

Fundirnir verða með óformlegu sniði þar sem fólk gefst tækifæri til að kynna sínar athuganir og hugmyndir og eftir að framsögu lýkur gefst tími til fyrirspurna og almennra umræðna.

„Það er töluverð eftirspurn eftir frekari umræðum um málefni landbúnaðarins í samfélögum í dag, hvort sem er frá þeim sem starfa í greininni, stjórnálfólk eða öðrum. Með þessu framtaki viljum við efla og auðga umræðuna og veita tækifæri til frekari upplýsinga-miðlunar“ segir Margrétt Gísladóttir, framkvæmda-stjóri SAFL. Fyrsti morgunfundurinn verður haldinn 18. janúar nk. kl. 9 í húsakynnum Mjólkursamslöðunnar að Bitruhlási 1 í Reykjavík. Þá mun Erna Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Mjólkursamslöðunni, fjalla um innflutning á landbúnaðarafurðum og tollamál. Málstofan er opin öllum. /ghp



Erna Bjarnadóttir.



ÓDÝR

gleraugu
umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í
styrk +/ - 6,0 með cyl. til 2,0

39.900 kr.

Margskipt gleraugu
(afgreiðslutími +/ - tvær vikur)

Hamrahlið 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002



Alls voru 1.592 hross flutt út á árinu 2023 samkvæmt tölum WorldFengs, upprunaættbók íslenska hestusins. Útflutningstekjurnar þó mun hærra samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Mynd / Íslandsstofa

Útflutningur:

Færri hross en hærra verð

– Mikið misräemi milli talna WorldFengs og Hagstofunnar

Meðalverð á útfluttu hrossi var um milljón krónur á árinu 2023 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Uppgefin verð hafa hækkað tölувart milli ára.

Alls voru 1.592 hross flutt út á árinu 2023 samkvæmt tölum WorldFengs, upprunaættbók íslenska hestusins. Er þetta um 24% samdráttur í útflutningi hrossa frá árinu 2022 þegar 2.085 hross voru flutt út, en minna en helmingur af útflutningi metársins 2021 þegar 3.341 hross var flutt frá landinu.

Samkvæmt tölum WorldFengs voru 702 hryssur, 616 geldingar og 274 stóðhestar flutt út á árinu 2023. Alls voru 119 hrossanna með fyrstu verðlaunum í kynbótadómi. Hæst dæmda útflutta hrossið var stóðhesturinn Þór frá Stóra-Hofi en hann er með 8,84 í aðaleinkunn. Hann er fæddur 2013 undan Arion frá Eystra-Fróðholti og heiðursverðlaunahryssunni Örk frá Stóra-Hofi. Hann létt að sér kveða á Landsmóti hestamanna árið 2022 og hlaut brons í töltkeppni mótsins.

Hátt dæmd hross útflutt

Verðlaunahryssan Katla frá Hemlu II var hæst dæmda hryssan til að yfirgefa Ísland á árinu 2023, en hún hefur verið í eigu Örnju Egger-Meier frá Sviss síðan árið 2019. Katla var hæst dæmda kynbótahross ársins 2021 og tók þátt í kynbótadóum á heimsmeistaramóti íslenska hestusins árið 2023.

Af öðrum hátt dæmdum útflutum hrossum má nefna Sölkum frá Efri-Brú (ae. 8,76), Spaða frá Stuðlum (ae. 8,73), Organista frá Horni I (aw. 8,72), Lýðfúr frá Eystri-Hól (ae. 8,67), Hersi frá Húsavík (ae. 8,62) og Hrönn frá Fákshólum (ae. 8,55).

Útflutningslöðin voru 21 talsins. Langflest hrossanna, 757 þeirra, fóru til Þýskalands.



Katla frá Hemlu II, setin af eiganda sínum, Anja Egger-Meier frá Sviss. Katla er eitt hæst dæmda útflutta hross ársins 2023.

Mynd / Nicki Pfau

Pá fóru 193 til Danmerkur, Spánar, Finnlands, Færeys, Frakklands, Bretlands, Ungverjalands, Írlands, Ítalíu, Lúxemborg, 144 til Svíþjóðar, 101 til Austurríkis og 101 til Bandaríkjanna. Ónnur hross fóru til Belgíu, Kanada, Sviss, Lettlends, Hollands, Noregs og Póllands.

Meðalverð um milljón

Í tölum Hagstofu Íslands má finna uppgefið útflutningsverð hrossa gegnum tollskránum. Í þeim eru skráð 1.969 útflutningshross á fyrstu tímum ársins 2023 sem eru mun fleiri en útgefni hrossapassar fyrir árið, en slíkur passi er forsida útflutnings. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands sækir stofnunin tölur sínar frá Töllinum, en slík gögn geta borist seit. Þannig mun töluvart af uppgefnunum útflutningi árið 2023 hafa farið fram árið 2022.

En samkvæmt uppgefnum útflutningstekjum hjá Hagstofu Íslands námu þær riflega 2 milljörðum á fyrstu tímum ársins 2023 og er það töluvart hærra en fyrir sama tímabil í fyrra þegar tekjurinn námu 1,3 milljörðum króna. Meðalverð hests samkvæmt uppgefnunum tölum nú er rúmlega milljón krónur. Meðalverðin voru allt frá tæpum sextíu þúsund krónum upp í 2,5 milljónir króna fyrir eitt hross. Hæst er meðalverð fyrir hross sem fara til Sviss um 2,6 milljón kr. Uppgefið meðalverð er yfir 2 milljónum króna fyrir hross sem hafa farið til Bandaríkjanna, Danmerkur, Kanada, Sviss og Ítalíu.

EKKI eru nema tvö ár síðan meðalverð útflutta hrossa var um 690.000 krónur samkvæmt Hagstofunni en í fyrra var meðalverðið um 916.000 krónur /ghp

Urriðakotshraun friðlýst

Guðlaugur Pór Pórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra friðlýsti Urriðakotshraun sem fólkvang í gær, miðvikudaginn 10. janúar.

Er það hluti af Búrfellshrauni sem rann fyrir um átta þúsund og eitt hundrað árum.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að friðlýsingu svæðisins sem fólkvang sé ætlað að

tryggja aðgengi almennings að náttúru Urriðakotshrauns, sem búi yfir fjölbreyttum náttúru- og menningarminjum og miklum möguleikum til útvistar, náttúruskoðunar og umhverfisfreðslu. Urriðakotshraun liggur við Heiðmerkurveg skammt frá Urriðaholti í Garðabæ.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir að hraunið sé svokallað

klumpahraun og jaðar þess uppbelgdur og úfinn. Í hrauninu séu sveigðir hryggir á yfirborði og úfnir hraukar við jaðranu. Nokkuð sé um hraunhella og kallist þeir Selgjáhellar og Maríuhellar.

Viðstaddir friðlýsinguna voru fulltrúa sveitarfélagsins, Styrktar og líknarsjóðs Oddfellows og Golfklúbbssins Odds sem friðlýsingin var unnin í góðu samráði við. /ál

Tilboð í janúar og febrúar

*Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.
Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.*



TILBOÐ 1 (ljósmynd)

Svargrár litur

**Sett eins og á mynd - 565.000
án blómaramma - 465.000**

TILBOÐ 2

**Demanter - passar líka á duftleiði
149.000 (199.000 með lukt)**



Svartur



Paradiso



Blár



Grár




Rúmar vel tvö nöfn

TILBOÐ

**Viðhaldsfrír bekkur úr granít
Svartur, grár eða paradiso.
Sjá heimasíðu.
150cm - 160kg
frí sending með LF
Afhending í mai. 160.000 kr**





Um 100 þúsund gestir koma í Vök á hverju ári, þar af um 60% erlendir gestir. Baðlónið er staðsett við Urriðavatn sem er aðeins í nokkura mínumánuð fjarlægð frá Egilsstöðum.

Myndir / Aðsendar

Leggur línumnar fyrir ferðamannasumarið

Kristín Dröfn Halldórsdóttir er nýr framkvæmdastjóri hjá baðlaugnum VÖK Baths.

Kristín Dröfn er fædd og uppalin á Austurlandi og hefur mikla reynslu af ferðajónustu. Hún starfaði til dæmis um langt skeið hjá Icelandair Hotels við fjölbreytt störf. Síðustu tvö ár hefur Kristín starfað hjá LS Retail, sem hluti af alþjóðlegu söoluteymi í Evrópu með hugbúnaðarlausnir fyrir hótel, heilsulindir og veitingastaði.

„Ég er mjög spennit fyrir starfinu og ánægjulegt að komast aftur í tengsl við ferðajónustusamfélögð þar sem mínar rætur liggja. Vera í samskiptum við ferðamenn, bæði innlenda og erlenda, sem og heimafólkid okkar. Petta er lifandi starfsvettvangur og mörg áhugaverð viðfangsefni fram undan.

Fyrstu verkefnin eru að kynnast samstarfsfólkini mínu og setja mig inn í daglegan rekstur. Auk þess erum við að leggja línumnar fyrir komandi ferðamannasumar,“ segir Kristín en hún tók við starfinu af Aðalheiði Ósk Guðmundsdóttur.

Vök Baths var opnað í júlí 2019 rétt hjá Egilsstöðum og telur



Kristín Dröfn Halldórsdóttir.

gestafjöldinn um 100 þúsund árlega, þar af eru erlendir gestir um 60%. Um 30 manns vinna við böðin þegar mest er yfir háannatíma. Vök Baths hlaut nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðajónustunnar árið 2022 og steinsteypuverðlaun Steinsteypufélagsins árið 2023 svo eitthvað sé nefnt.

En hvernig leggst sumarið 2024 í Kristínu Dröfn?

„Veðurblíðan á Héraði ætti að vera landsmönnum kunn og gangi væntingar okkar eftir um sólrikt sumar getum við átt von á töluberðum fjölda Íslendinga og miðað við spár um komu ferðamanna til landsins getum við ekki verið annað en bjartsýn.“ /mhh

Segðu BLESS við óværuna!

YKKAR
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavörumerlunum

Matvælastofnun:

Ólögmæt vörlusvipting

– Lærdómur dreginn og leitað eftir samvinnu um gerð viðbragðslista

Vörlusvipting Matvælastofnunar á búfé Guðmundu Tyrfingsdóttur í Lækjartúni í Ásahreppi var úrskurðuð ólögmæt í matvæla-ráðuneytinu fyrir jól.

Forstjóri Matvælastofnunar vill að tiltækur verði viðbragðslisti sem hægt verði að grípa til þegar setja þarf bústjóra yfir býli.

Matvælastofnun vörlusvipti og fargaði í byrjun síðasta árs tóu nautgripum, 47 fjár, 45 hænum og sex hrossum, sem voru í eigu Guðmundu. Matvælastofnun hafði metið og tilkynnt um á fundi þann 4. janúar að ekki væru fyrir hendi aðilar sem gætu tryggt velferð dýra hennar, í fjarveru hennar frá bústörfum. Í úrskurðinum segir að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé ekki hægt að staðfesta að svo hafi verið, auk þess sem brotið hafi verið á andmælarétti hennar.

Engin þörf á svo skjótum og varanlegum aðgerðum

Í niðurstöðum úrskurðarins segir auk þess að ekki hafi verið nauðsynlegt að grípa til svo skjótra og varanlegra aðgerða án þess að gefa Guðmundu færí að koma á framfæri athugasemdum við málsmæðferðina. Í gögnum hafi ekki verið að finna staðfestingu þess að búfé á bænum hafi orðið fyrir varanlegum skaða sökum vanföðrunar, hardýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar.

Pá kemur fram að við úrlausn málssins hafi ráðuneytið óskað eftir nánar upplýsingum um þann þátt málssins sem sneri að leitinni að umsjónarmanni eða aðila til að sinna búrekstrinum. Í umsögn Matvælastofnunar um málid hafi verið vísað til símtala við ýmsa aðila sem ekki hafi verið tilbúnir til að gangast við ábyrgð á dýrunum.

„Ekki verður séð að þau símtöl hafi verið skráð og þau eru ekki hluti af gögnum málssins,“ segir í úrskurðinum. Slíkt væri ekki í samræmi við ákvæði upplýsingalaga þar sem fram komi að við meðferð málá þar sem taka á ákvörðun um rétt og skyldu manna ber stjórnvöldum að skrá upplýsingar um málSATVÍK sem veittar eru munnelega. Ekki hafi því verið hægt að staðfesta hvort í reynd hafi verið fullreynt að fá umsjónarmann til að taka við búinu, enda upplýsingar ekki tiltækar um hvernig staðið var að þeim þætti.

Samstarf um viðbragðslista

Í umfjöllun Matvælastofnunar á vef sínum, eftir úrskurð ráðuneytisins, kemur fram að Matvælastofnun hafi



Hrönn Ólina Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar, segir að sá lærdómur sé dreginn af málinu að ekki sé hægt að treysta á persónulegt tengslanet starfsmanna stofnunarinnar í aðstæðum sem þessum.

Mynd / Aðsend

að viðbragðslista er meðal annars nefnd í skýrslu Ríkisendurskoðunar um úttekt á eftirliti með dýravelferð og hugmyndin hefur verið rædd í óformlegum samskiptum við þessa aðila sem hafa verið nefndir. Við höfum nú þegar fundað einu sinni milli jóla og nýárs með Bændasamtökunum, þar sem við tókum þetta upp og aðilar sammála um að fylgja þessu máli eftir.

Við höfum ekki náð að ræða formlega við önnur samtök eins og dýraverndunarsamtök en það er að dagskrá. Hingað til í óformlegu samtal þá hafa undirtektirnar verið mjög góðar og ég tel að þetta verði framfaraskref fyrir stofnunina og dýravelferð í landinu,“ segir Hrönn. /smh

Nýárslömbin Frosti og Fannar



Sigurður Ólafsson með lömbin og Rökkvu. Frosti er svartbotnóttur flekkóttur og Fannar er svartbotnóttur.

Mynd / Helga Þórelfa Davids

Ærin Rökkva á bænum Stafafelli, skammt frá Höfn í Hornafirði, gerði sér lítið fyrir og bar tvemur hrútlömbum milli jóla og nýárs.

Lömbin hafa fengið nöfnin Frosti og Fannar. Það merkilega er að Rökkva bar einnig 30. janúar síðasta vetur og hefur því boríð tvísvar sinnum á sama ári. Þá átti hún svartbotnótt flekkóttu og svart-flekkóttu gimbrar, sem voru báðar settar á í haust.

„Það er alltaf gaman að fá lömb, ekki síst svona í skammdegini. Þau liffga upp á hversdagsleikann og svo tekur alvöru sauðburður við í vor, það er alltaf frábær tím,“ segir Helga Þórelfa Davids bóndi, en hún og maður hennar, Sigurður Ólafsson, eru með um 350 vetrarfóðraðar kindur á bænum. Á heimilinu er líka ástralski fjárhundurinn Baldur. /mhh

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótlag uppsetning.

- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþróttahús og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

Hveragerðisbær:

Ófremdarástand í fráveitumálum



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Hveragerði hefur verið undir smásjá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna fráveitu bæjarins. Í júni á síðasta ári var bæjarfélagið áminnt eftir að heilbrigðiseftirlitið hafði sent ítrekaðar kröfur um úrbætur.

Skólpdreinsistöð Hveragerðisbærar í Vorsabæ var tekin í notkun árið 2002 og þótti þá mikil framfaraskref í fráveitumálum sveitarfélagsins. Skólpdreinsistöðin er með tveggja þrepa hreinsun sem, samkvæmt starfsleyfisskilyrðum, felur í sér lífræna hreinsun þar sem örverur brjóta niður næringarefnini í skólpinu, bæði loftháð og loftfirrt. Fastur ólífraðn úrgangur er síður frá skolpvatni í grófsíu, sandur er feldur niður í sandfelliker og fitu er fleytt ofan af í fituþró. Eftirhreinsun fer fram í um 3.500 fm siturbeði með 300 metra löngu malarfylltu skurðakerfi sem skolpvatnið seytlar um áður en það er losað í viðtaka.

Viðtakinn er Þorleifslækur í Varmá, sunnan bæjarins, sem var annáluð sjóbirtingsveiðiá en skilgreind sem viðkvæmt vatnasvæði. Frá því í mars sl. hefur veiði í ánni verið óheimil um ótligreindan tíma vegna lakra vatnsgæða af völdum affalls frá skólpdreinsistöðinni.

Viðvarandi frávik

Skólpdreinsistöðin er hönnuð til að taka við 4.400 persónueiningum og er hámarksrennslí hennar 120 rúmmetrar á klukkustund. Í byrjun október voru 3.314 fbúar í Hveragerði en auk þess er í bænum fjöldi ferðamanna í gistingi ásamt ýmsum atvinnurekstri. Samkvæmt úttekt og mælingu er áætlað álag hreinsistöðvarinnar um 5.500 persónueiningar og hámarksrennslí 200 rúmmetrar á klukkustund. Hún er því komin yfir polmörk og aðkallandi er að sveitarfélagið fari í úrbætur og framkvæmdir við stækku stöðvarinnar svo hún geti annað á lagi sístækkandi byggðarlags.



Viðtakinn er Þorleifslækur í Varmá sem skilgreint er sem viðkvæmt vatnasvæði. Hveragerðisbær hefur gert þriggja ára samning við veiðifélög á svæðinu sem fela í sér bætur vegna banns við stangveiði í ánni um ótligreindan tíma.

Í eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á fráveitukerfi Hveragerðis í byrjun nóvember sl. komu fram fjögur frávik frá starfsleyfisskilyrðum og lögum um fráveitur og skólp. Fyrsta frávikið snýr að því að hreinsuð seyra er urðuð innan lóðar skólpdreinsistöðvarinnar þar sem ekki hefur gengið að koma henni í nýtingu.

Pá hefur fjöldi saurgerla í ánni verið yfir mörkum og var fyrst getið um það í úttekt árið 2018. Það vandamál virðist viðvarandi.

Þriðja frávikið snýr að sitursvæði stöðvarinnar sem er nú ónothæf. Nú safnast óhreinsað skólp á svæðið þegar hreinsistöðin ræður ekki við magnið sem kemur inn í hana og hún fer á yfirlall. Þá eru ummerki um úrgang við útrás og í viðtaka sem og set og fita sem er brot á starfsleyfisskilyrðum.

Engar aðgerðir hafnar

Á bæjarstjórnarfundi í Hveragerði þann 29. nóvember sl. svaraði Geir



Óhreinsað skólp safnast fyrir í siturbeð við skólpdreinsistöð Hveragerðisbærar í Vorsabæ. Stöðin er komin yfir polmörk og virkar því tveggja þrepa hreinsunarferlið þar sem skyldi.



Hreinsuð seyra er urðuð innan lóðar skólpdreinsistöðvarinnar í Hveragerðisbær þar sem ekki hefur gengið að koma henni í nýtingu.

Gruggug staða víðar

Í stöðuskýrslu fráveitumála fyrir árið 2020, sem Umhverfisstofnun gaf út árið 2022, kemur fram að aðeins þrjú sveitarfélög viðhafa tveggja þrepa hreinsun; Hveragerði, Hvolsvöllur og Egilsstaðir.

Engin þeirra var þó fullnægjandi en í yfirliti yfir stöðu skólpmála á Íslandi árið 2020 sést að mun fleiri sveitarfélög ættu samkvæmt hreinsunarkröfum að viðhafa tveggja þrepa hreinsun en gera það ekki. Því er pottur brotinn viða um land.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2024-2026 er gert ráð fyrir kostnaði upp á 500 milljónir króna við endurbætur á fráveitunni og á fundi bæjarráðs 21. desember sl. voru lögð fram drög að ráðgjafarsamningi við Mannvit vegna fráveitunnar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gaf Hveragerðisbær frest til 13. desember til úrbóta og þann 12. desember funduðu starfsmenn þess með Geir Sveinssyni bæjarstjóra. Þar kemur fram að bærinn muni senda Heilbrigðiseftirlitini foraðgerðaráætlun, sem er undanfari aðgerðaráætlunar, í síðasta lagi 15. janúar nk. Aðrar hugmyndir til að minnka álag á hreinsistöðina sem voru ræddar á fundinum var að hvetja íbúa og atvinnurekendur til að fara í vatnssparandi aðgerðir.

Einnig koma fram ætlanir um að setja upp 1.000 pe. hreinsistöð í Árhólmum en í minnisblaði kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafi efasemdir um að það nægi. Einnig segir að Hveragerðisbær hafi gert þriggja ára samning við veiðifélög á svæðinu sem fela í sér bætur vegna banns við stangveiði í ánni.

Vildu gefa skút í Ölfus

Ein stærsta áskorun fráveitumála Hveragerðisbærar lýtur að því að koma seyrunni frá skólpdreinsisvæðinu og til nýtingar. Við tveggja þrepa vinnslu hreinsistöðvarinnar auk útvötnunar og kölkunar er seyran tilbúin til nýtingar sem áburður á yfirborði og falla til um

Í minnisblaði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 13. desember sl. kemur fram að Hveragerðisbær muni nú vera í viðræðum við Hrunamannahrepp um að móttökustöðin Seyrustaðir á Flúðum taki við seyrunni.



Írland - eyjan græna

4. - 12. júní 2024
Farárstjórn: Gísli Einarsson
Verð 339.500 kr. á mann í tvívíli

Eyjan græna Írland býður upp á svo ótal margt sem gleður, fallegt landslag, áhugaverða sögu, söngva, sagnir og skemmtilegt krárlíf. Við ökum m.a. hinn margfræga Kerry hring, skoðum viskiverksmiðju í Midleton, stöldrum við í miðbæ Cork og ljúkum svo ferðinni í hinni líflegu Dublin.

Bókaðu núna á [baendaferðir.is](#)

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



SANY

ÁREIÐANLEIKI VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



SANY
SY135C

AFL
78,5 kW / 2.000 rpm

ÞYNGD
15.000 kg*

MOKSTURSGETA
5.970 mm

Engcon Rótortilt EC214, EC-OIL Automatic quick coupler system.
3 skóflur Engcon. Árgerð 2022.

NÝ SÝNINGARVÉL TILBOÐ:

Kr 16.900 þús.

SANY
SY155U

AFL
78,5 kW / 1.900 rpm

ÞYNGD
16.000 kg*

MOKSTURSGETA
6.020 mm

Engcon Rótortilt EC219, EC-OIL Automatic quick coupler system.
3 skóflur Engcon. Árgerð 2021.

NÝ SÝNINGARVÉL TILBOÐ:

Kr 17.100 þús.

* fyrir utan rótortiltið

NÝ SENDING AF LITLUM GRÖFUM FRÁ 2-9 TONNA. ERUM MEÐ VÖKVA BROTHAMRA FYRIR GRÖFUR FRÁ 3-50 TONN.



SANY
SY80U

AFL
53.7 kW / 2.100 rpm

ÞYNGD
8.800 kg

MOKSTURSGETA
4.535 mm

Verð með vökva hraðtengi, 2 skóflur 80, 150cm

Kr 10.990 þús.

Verð með STEELWRIST Rótortilt og 2 skóflum

Kr 13.600 þús.

STEELWRIST RÓTORTILT TRYGGIR AFKÖST

STEELWRIST RÓTORTILT TRYGGIR HÁMARKS AFKÖST VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR OG SPARAR ÞÉR ÞANNIG TÍMA OG PENINGA.



GERD
SY18C

AFL
14,6 kW / 2.400 rpm

ÞYNGD
1.925 kg

MOKSTUR
0,04 m³

Breikkanlegur undirvagn, frá 98 cm-135 cm

Verð með hraðtengi
og 3 skóflum:

Kr. 3.990 þús.

GERD
SY26U

AFL
15,2 kW / 2.500 rpm

ÞYNGD
2.760 kg

MOKSTUR
0,06 m³

Verð með 2 skóflum 60, 120 cm
og vökva hraðtengi:

Kr 4.990 þús.

Með STEELWRIST Rótortilt
og 2 skóflum:

Kr. 6.600 þús.

GERD
SY35U

AFL
18,2 kW / 2.200 rpm

ÞYNGD
3.860 kg

MOKSTUR
0,12 m³

Verð með 2 skóflum 60, 120 cm
og vökva hraðtengi:

Kr 5.990 þús.

Með STEELWRIST Rótortilt
og 2 skóflum:

Kr. 7.600 þús.

GERD
SY50U

AFL
29,1 kW / 2.400 rpm

ÞYNGD
5.300 kg

MOKSTUR
0,152 m³

Verð með 2 skóflum 60, 130 cm
og vökva hraðtengi:

Kr 6.990 þús.

Með STEELWRIST Rótortilt
og 2 skóflum:

Kr. 8.600 þús.

Öll verð án VSK

Sany er einn stærsti vinnuvélaframleiðandi í heimi og bekkt fyrir endingu.

Þess vegna leiðir Sany markaðinn með 5 ára verksmiðjuábyrgð, eða sem jafngildir 10.000 vinnustundum.

ELFOSS EHF.

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | elfoss@elfoss.is | www.sany.is | Sími 893-4020

LEIÐANDI
ÁBYRGÐ
Á MARKAÐI

5 ÁR
OG/ EÐA 10.000 VST

Sauðfjársæðingar:

Dýrmæt erfðaefni dreifast víða

– Rúmlega tuttugu og átta þúsund skammtar sendir út frá tveimur hrútastöðvum

Eybór Einarsson, ráðunautur ljá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), segir að þáttakan í sæðingum hafi verið mun meiri í ár samanborið við árin par á undan. Fara þurfi aftur til ársins 2012 til að finna álíka aðsókn, en þá hafi líka verið mun fleira fí í landinu. Mest aðsókn var í hrúta með erfðaefni sem veitir móttöðu gagn riðu.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Nokkur atriði hafa gert það að verkum að áhugi á erfðaefni hefur verið mikill. Fyrst nefnir Eyþór Einarsson vilja bænda til að rækta gagn riðu, en mjög hátt hlutfall hrútanna á hrútastöðvunum í ár voru með arfgerðir sem geta veitt vernd gegn sjúkdónum. Það sé nýmæli, en í fyrra hafi bændum fyrst staðið til boða að velja verndandi eða mögulega verndandi erfðaefni úr örfáum hrúturnum.

„Svo eru þetta miklu meira spennandi hrútar en mann hefði órað fyrir að hægt yrði að bjóða upp á og þessir ARR hrútar eru að standa sig frábærlaga vel,“ segir Eyþór. Það er eina arfgerðin sem er alþjóðlega viðurkennt að veiti vernd gegn riðuveiki, en svo eru nokkrar sem eru skilgreindar sem mögulega verndandi.

Þá bætist við að ríkið hafi stigið inn með myndarlegan stuðning. Hver sæðing með sæði úr hrúturnum sem bera ARR genasamsætuna verði styrkt um allt að 1.030 krónur. Þá geti bændur fengið niðurgreiðslu allt að 515 krónum ef sætt var með erfðaefni úr hrúturnum sem beri mögulega verndandi arfgerðir. Samkvæmt verðskrá hrútaskrárinnar borga bændur á bilinu 1.030 til 1.520 krónur fyrir hvern sæðisskammt út frá því hversu margar ær eru sæddar. Eyþór nefnir jafnframt að farnar hafi verið tvær kynningarferðir um landið í haust, annars vegar undir yfirschriftinni „Ræktun gegn riðu“ og hins vegar hinir árlegu hrútfundur. Þá hafi komið upp nýtt riðutilfelli í haust sem hafi hugsanlega ýtt enn frekar við bendum.

Verndandi arfgerðir eftirsóttar

Á fengitíðinni núna voru hrútar með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir langvinsselastir. Eyþór segir að það muni hafa jákvæða þýðingu á innleiðingu þessara arfgerða. „Það er greinilegt að bændur eru til í að taka þátt í þessu verkefni. Ég held að þessir ARR hrútar sem voru á stöðvunum núna hafi verið fullnýttir og rúmlega það,“ segir Eyþór.

Bændur hafi ekki þurft að gefa mikinn afslátt á almennum kynbótaeiginleikum til að koma upp móttöðu gagn riðu í sínar hjáðir, því hrútarnir með þessar eftirsóttu arfgerðir séu öflugir kynbótagripir. Til að mynda hafi Gullmoli frá Þernunesi, sem kom inn á sæðingastöð haustið 2022 vegna þess að hann ber ARR erfðabreytileikan, reynst besti lambafádirinn í fyrra. Flestir hrútarnir með ARR arfgerðina hafi verið lambhrútar og eru þeir ekki með fulla afkastagetu til sæðisframleiðslu, þó nokkrir þeirra hafi ekki staðið fullorðnu hrútunum langt að baki. Eyþór segir það hafa verið áskorun fyrir hrútastöðvarnar að anna eftirspurninni og var stundum ekki hægt að afgreidda pantanir eins og þær komu. Þá hafi eldri ARR hrútar hlautið undir bagga með þeim yngri.

Lambhrútarnir lofi góðu

„Þetta eru spennandi gripir en auðvitað höfum við ekki verið að velja lambhrúta hingað til á stöðvunar, því við höfum viljað vera örugg á því að þetta séu gripir sem séu að skila einhverju,“ segir Eyþór og vísar til að venjan sé að framkvæma afkvæmarannsóknir á gripum áður en þeir eru teknir inn á hrútastöðvarnar. „Petta eru allt kandídatar í að verða spennandi og góðir hrútar, en auðvitað verður það



Sæði tekið úr hrútnum Hreini frá Þernunesi.

Mynd / MHH



Eyþór Einarsson.



Jón Hjalti Eiríksson.



Sveinn Sigurmundsson.



Anton Torfi Bergsson.

Vanda þarf til verka

„Það sem breyttist núna er að við getum farið víðar og tekið hrúta af svæðum sem voru áður lokað,“ segir Eyþór. Skilyrðið sé þó að viðkomandi hrútar beri verndandi arfgerðir. Landið sé hólfaskipt í sauðfjárveikivarnarhólf og þau hólf þar sem hefur greinst riða á undanförnum tuttugu árum hafi verið utan seilingar fyrir hrútastöðvarnar.

Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að innleiðingu á ARR erfðabreytileikanum, því hrútarnir eiga allir aðtin að rekja til sama bæjarins, eða Þernunesi í Reyðarfirði.

Sauðfjárhjörðin á heim bæ er sú fyrsta á landinu sem vitað var til að byggi yfir ARR arfgerðinni, sem er alþjóðlega viðurkennd sem verndandi gegn riðuveiki. Gimsteinn frá Þernunesi var fyrsti hrúturinn sem staðfest var að bæri ARR.



Mynd / Halla Eggló Sveinsdóttir

Hreinn vinsælasti hrúturinn

Af þrjátíu vinsælustu hrúturnum á sæðingastöðvunum voru tuttugu og fjórir með verndandi arfgerðir. Hreinn frá Þernunesi, sem er arfhreinn ARR, trúður á topnnum með 1.439 skráðar sæðingar. Hann náiði ekki að anna þessari miklu eftirspurn, en bændur lögðu inn pantanir fyrir um 3.500 skómmtum. Útsent sæði frá honum voru 1.705 skammtar.


Aukning á þáttoku í sæðingum milli ára er mjög mikil, en í desember 2022 voru sæddar 18.700 ær, á meðan 28.663 ær voru sæddar í desember 2023. Hina miklu aukningu má að vissu leyti rekja til niðurgreiðslu frá hinum opinbera til að dreifa arfgerðum sem veita vernd gegn riðu sem viðast. Matvælaráðuneyti lagði tuttugu milljónir til verkefnisins og segir í fréttakynningu frá RML að í lögsí góðrar þáttöku gæti niðurgreiðslan á hverja kind orðið lægri en lagt var upp með. Til að eiga rétt á styrk þurftu bændur að skrá sæðingarnar í Fjárvísi síðasta lagi 8. janúar.

Í hrútaskránni voru fjörutu og þrír hrútar fyrir utan forystuhrúta og feldfjárhruða. Af þeim voru sextíu prósent með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Á heimaskránu RML kemur fram að miðað við skráningu í Fjárvísi 4. janúar voru áttatíu prósent af ánum sæddar með hrúturnum sem bera mögulega verndandi arfgerðir og þar af sextíu prósent með ARR hrúturnum. Ef horft er til sæðinga og notkunar á heimahrúturnum með ARR megi gera ráð fyrir að yfir sjó þúsund ARR lambhrútar komi til greina á hrútastöðvarnar í haust.

**Bílabúðin
Stál og stansar**



Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is



Teikning / Hlynur Gauti

Hann, ásamt Hornsteini og Gullmola frá sama bæ, voru teknir til notkunar á hrútastöðvunum veturinn 2022–23. Nutu þessir hrútar vinsælda og fór erfðaefni úr þeim víða.

Pegar nýjasta hrútaskráin er skoðuð sést að bæst hefur nokkuð í fjölda þeirra hrúta sem bera ARR arfgerðina, en þeir eru ýmist frá Þernunesi eða undan hrútum þaðan. Þá eru einnig margir alveg óskyldir hrútar með aðrar genasamsætur sem eru skilgreindar sem „mögulega verndandi“ eða „lítíð næmar“. Sá hrútur sem var langmest pantaður var Hreinn frá Þernunesi, en hann er fyrsti arfhreini ARR hrútunnar sem hefur komið á hrútastöð og því gulltryggt að afkvæmi hans beri erfðabreytileikann.

„Ég held að þessir ARR-hrútar sem voru á stöðvunum hafi verið fullnýttir og rúmlega það...“

að koma ARR arfgerðinni út um allt land, sem stefnir í, þá verða allar kindur á einhvern hátt undan þessum Þernunesi-kindum,“ segir Jón Hjalti. Það geti verið allt í lagi, en ef það gerist mjög hratt þá sé mikilvægt að það sé ný kynslóð af hrútum í notkun á hverju ári. Reikna megi með mörgum arfhreinum ARR hrútum eftir tvö til þrjú ár og þá sé betra að fyrstu ARR hrútarnir séu langafar þeirra frekar en afar þeirra. Stefna skuli að því að ná sem flestum kynslóðum á sem skemmtum tíma.

Jón Hjalti segir almennt talið að með skyldleikarækt geti komið í ljós neikvæðir víkjandi eiginleikar í búfí. Það hafi gerst víða þó ekki séu sterkar vísbendingar um að það sé vandamál í íslenska sauðfjárstofninum. Með innleiðingu ARR sé skyldleikarækt ekki mesta áhyggjuefnin, heldur annað nátengt hugtak – erfðafjölbreytni. Mikilvægt sé að halda sem fjölbreyttustum genum í stofninum til að geta haldið kynbóta starfinu áfram til framtíðar.

Meira álag á hrútastöðvunum

Á landinu eru tvær hrútastöðvar, ein á Vesturlandi og önnur á Suðurlandi, og eru þær reknar af búnaðarsamböndunum á hvorum stað. Framkvæmdastjórar þeirra beggja eru sammála um að sæðingar hafi heilt yfir gengið mjög vel. Hrútastöðin í Borgarnesi er í umsjá Antons Torfi Bergssonar og sú sem er í Þorleifskoti í útjáðri Selfoss er stjórnad af Sveini Sigurmundssyni.

Anton Torfi vildi ekki fullyrða hvort það hafi orðið mikil aukning á bænum sem nýta sér þessa þjónustu eða hvort sömu bændurnir hafi keypt meira en vanalega. Hann tók þó sérstaklega eftir því að Húnvetningar hafi verið duglegir við sæðingar. Peir hrútar sem ekki báru verndandi arfgerðir voru mun minna notaðir en hefði annars verið.

Eins og áður segir var mikil ásókn í hrútinn Hrein frá Þernunesi og tók Anton Torfi eftir því að bændur sem rækti hyrnt fé hafi ekki sett fyrir sig að nota sæði úr honum, þótt hann sé kollótur. Mótstaðan sem hann gefi gegn riðu skipti þá bændur meira máli en últíl fjárins.

Fræði á bak við gæðasæði

Sveinn segir að á hrútastöðinni við Selfoss hefjist starfsfólkið handa við sæðistöku klukkan fimm á morgvana. Dýralæknir meti svo gæði sæðisins og þynni út með sérstökum vökva með tilliti til þéttleika sæðisfrumanna. Þá sé sæðið sett í strá sem innihaldi hvert fimm skammta. Þessu er svo dreift út til bända í litlum hitabrésum, ýmist með flugi eða bílum, en Sveinn segir bændur á Norðurlandi geta verið komnir með sæðisskammta um hádegisbil.

Flestir bændur fari á sæðingarnámskeið og sæði sínar kindur sjálfir sama dag og þeir fá sæðið í hendurnar.

Hægt sé að frysta sæðið, en bestur árangur náiðst sé það ferskt. Mikilvægt sé að halda réttu hitastigi



og segir Sveinn ferskt sæði lifa í vel rúman sólarhring og að árangurinn geti verið allgöður sé það notað daginn eftir.

Fanghlutfallið á því sæði sem fór til bænda frá kynbótaстöð Suðurlands á fengitíðinni 2022 var samkvæmt Sveini sjötíu og fimm prósent. Þá sé merkjanlegur munur á frammistöðu á milli bæja og þar sem mesta reynslan er heppnist sæðingar oft í áttuþróttum tilfellum.



Sæðingarhrútar fá tugguna sína.

Mynd / Anton Torfi Bergsson.

búa hversu margir sæðisskammtar séu teknir, en nokkur bú sæði yfir hundrað er á meðan önnur sæði færri en fimm.

Þrjátíu vinsælustu hrútarnir

Hrútur	Skráðar sæðingar	Útsent sæði	Sæðingastöð	Arfgerð	Arfgerð - flögg
1 Hreinn 23-920 frá Þernunesi	1.439	1.705	Vesturland	ARR/ARR	
2 Blær 23-918 frá Hraunhálsi	1.282	1.962	Vesturland	ARR/AN ₁₃₈ RQ	
3 Gullmoli 22-902 frá Þernunesi	1.278	2.032	Vesturland	ARR/ARQ	
4 Moli 23-919 frá Miðdalsgröf	1.210	1.757	Vesturland	ARR/ARQ	
5 Birkland 23-927 frá Austurhlíð	1.204	1.730	Suðurland	ARR/ARQ	
6 Jór 23-931 frá Hesti	1.185	1.611	Vesturland	ARR/ARQ	
7 Fannar 23-925 frá Svínafelli 2	1.146	1.485	Suðurland	ARR/AHQ	
8 Steinn 23-926 frá Kaldbak	1.143	1.563	Vesturland	ARR/ARQ	
9 Styrmir 23-930 frá Hríshóli	1.030	1.364	Vesturland	ARR/ARQ	
10 Laxi 19-903 frá Svarfholi	1.028	1.543	Vesturland	AHQ/AHQ	
11 Kristall 23-917 frá Árbæ	947	1.390	Suðurland	ARR/AN ₁₃₈ RQ	
12 Frosti 22-913 frá Ásgarði	885	1.250	Suðurland	AHQ/AHQ	
13 Kátor 20-905 frá Efstu-Grund	852	1.460	Suðurland	ARQ/ARQ	
14 Krókr 23-923 frá Skarðaborg	815	1.295	Suðurland	ARR/ARQ	
15 Atlas 23-924 frá Hofi	795	1.100	Suðurland	ARR/ARQ	
16 Úlli 22-914 frá Ytri-Skógrum	763	1.130	Vesturland	AC ₁₅₁ RQ/ARQ	
17 Hraunar 23-929 frá Brúnastöðum	761	1.070	Suðurland	ARR/ARQ	
18 Þór 21-896 frá Ytri-Skógrum	753	1.155	Suðurland	AC ₁₅₁ RQ/ARQ	
19 Starri 23-928 frá Steinnesi	731	1.205	Suðurland	ARR/ARQ	
20 Bjarki 23-922 frá Hafrfellstungu	683	1.355	Vesturland	ARR/ARQ	
21 Gimsteinn 21-899 frá Þernunesi	677	1.530	Suðurland	ARR/ARQ	
22 Móði 23-921 frá Þernunesi	598	940	Suðurland	ARR/ARQ	
23 Jaður 20-891 frá Múlakoti	592	945	Suðurland	ARQ/ARQ	
24 Angi 18-882 frá Borgarfelli	545	855	Vesturland	ARQ/ARQ	
25 Gretti 20-877 frá Ytri-Skógrum	515	1.015	Suðurland	ARQ/ARQ	
26 Bolti 23-932 frá Reykjum	508	880	Suðurland	AT ₁₃₇ RQ/ARQ	
27 Böggull 21-911 frá Kerlingardal	493	805	Suðurland	ARQ/ARQ	
28 Sævar 21-897 frá Ytri-Skógrum	464	825	Vesturland	ARQ/ARQ	
29 Prúður 22-915 frá Miðdalsgröf	397	720	Vesturland	AC ₁₅₁ RQ/ARQ	
30 Kraftur 19-883 frá Skarði	395	780	Suðurland	AHQ/ARQ	

Dökkggræn flögg standa fyrir verndandi arfgerð og ljósgræn fyrir mögulega verndandi.

Útsala á ELBA raftækjum Rýmum fyrir nýjum tækjum

Allt að 70% afsláttur



FRÍFORM
2000 – 2024

Árið í myndum

Nýliðið ár bar margt merkilegt í skauti sér og fréttæfni voru ærin. Hér er sýnishorn af forsíðuljósmyndum Bændablaðsins árið 2023 og sýna þær að einhverju leyti hvar þunginn lá í umfjöllun á hverjum tíma.

/sá



Sauðfjárbændurnir á Urriðaá og Bergsstöðum í Miðfirði standa saman í erfiðum samningaviðræðum við fulltrúa matvælaráðuneytisins um bóttagreiðslur vegna niðurskurðar sem fyrirskipaður var á um 1.400 fjár á bæjunum tveimur í byrjun apríl eftir að riðuveiki var staðfest í þeirra hjörðum. Bæði bú voru meðal þeirra fremstu í íslenskri sauðfjárrækt þar sem mikil alúð var lögð í ræktunina.

Fjallað er um eftirmál riðuveiki á bæjum í Miðfirði og Skagafirði og rætt við bændur. Eru þeir sammála um að reglugerð sem ákvarðar bóttagreiðslur sé í raun starfslokasamningur við bændur, enda geri hún ekki ráð fyrir að tjón sé að fullu bætt. Vilji bændur byrja upp á nýtt, með sambærilegan fjárstofn, þurfi þeir sjálfrir að leggja til umtalsvert fjármagn. Auk þess séu afurðatjónsbætur langt undir meðalafurðum í dag. Frá vinstri eru þau Dagbjört Diljá Einþórssdóttir og Ólafur Rúnar Ólafsson á Urriðaá, Ari G. Guðmundsson og Elín Anna Skúladóttir á Bergsstöðum.

11. tbl. 8. júní. Mynd / Sigurður Már Harðarson



Eydís Anna Kristófersdóttir og Steinþór Logi Arnarson með níu mánaða soninn Kristófer Loga. Þau tóku formlega við búskapnum á Stórholti í Dalabyggð snemma á síðasta ári af foreldrum Steinþórs. Steinþór hefur gegnt formennsku í Samtökum ungra bænda í rúmt ár og er það hans mat að íslenskur landbúnaður standi á tímamótum. Það sé ekkert sjálfsgagt mál að kynslóðaskipti eða nýliðun eigi sér stað þegar afurðaverð er ekki nógú hátt, vextir á lánum séu himinháir og verð á aðföngum í hæstu hæðum. Skýr skilaboð til framtíðar verði að koma sem fyrst frá stjórnvöldum.

9. tbl. 11. maí. Mynd / Sigurður Már Harðarson



Þeir eru að eigin sögn hvatvisir bræður úr Kópavogi sem hafa engan bakgrunn í garðyrkju. Þeir eru þó „þokkalega“ framkvæmdaglaðir og tóku upp á því að kaupa sér garðyrkjastöð fyrir fjórum árum. Seinna keyptu þeir fyrirtæki sem framleiðir sprettur og síðan fylgdu kaup á annari veglegri garðyrkjastöð. Í dag eru þeir Pétur Haukur og Águst Loftssynir meðal stærstu salatframleiðenda landsins.

13. tbl. 6. júlí. Mynd / Karl Ólafsson



Hjörtur Logi Birgisson, bóndasonur á bænum Flatey á Mýrum í Hornafirði, var vel tækjum búinn fyrir kornuppskeru ársins. Á Flatey er risin kornþurrkstöð sem framleiddi um 500 tonn af þurru byggi í vor. Stöðin er visir að fyrsta kornsamlagi landsins.

19. tbl. 19. október. Mynd / Vilborg Rún Guðmundsdóttir

PÓRF

Með þér í meira en 60 ár

Reykjavík, Akureyri og von bráðar á Selfossi
Thor.is S 569-1500





Hjónin Jóhann Pjetur Jónsson og Harpa Jóhanna Reynisdóttir eru ráðin af Vegagerðinni til að smala umferðarþyngstu þjóðvegina frá Hvalfjarðargöngum að Holtavörðuheiði til að fækka slysum. Vegna umferðarþunga þurfa þau að sinna starfinu í skjóli nætur.

16. tbl. 7. september. Mynd / Ástvaldur Lárusson

Heimsmeistaramót íslenskra hestins fór fram í Hollandi í byrjun ágúst. Þær náði íslensk landslíðið sögulegum árangri og vann til 16 gullverðlauna og 5 silfurverðlauna.

Hér fara þeir Elvar Þormarsson á Fjalladís frá Fornusöndum og Daniel Gunnarsson á Einingu frá Einhamri II sigursprettinni í 250 m skeiði þar sem Elvar á Fjalladís varð heimsmeistari í greininni og Daniel á Einingu lenti í öðru sæti.

15. tbl. 24. ágúst. Mynd / Krijn Buijtelaar



Björgvin Þór Harðarson, svínabóndi í Laxárdal, hefur þurft að byggja og breyta miklu á búi fjölskyldu sinnar undanfarin misseri. Svínarækt er búgrein sem stendur á tímamótum þar sem ný reglugerð um aðbúnað tekur gildi eftir tvö ár.

Með því munu íslenskir svínabændur vera í fararbroddi á heimsvísu hvað dýravelferð varðar.

2. tbl. 26. janúar. Mynd / Ástvaldur Lárusson

Litlir og stórir – en allir knáir! Díana Rós Prastardóttir, bóndi og bókará á Þórustöðum, með dótturina Heklu Lind Jónsdóttur. Í baksýn er stærsta og öflugasta kartöfluupptökuvél landsins og Jón Helgi Helgason, eiginmaður Diönu, rabbar við gest um kartöflubúskapinn. Þótt bjart sé yfir mannskapnum er búskapurinn bændum þungur í skauti og blikur á lofti.

20. tbl. 2. nóvember. Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

Vikugamlir kjúklingar í uppeldi á Lambhaga í Ölfusi. Þrjú fyrirtæki standa að allri alifuglaframleiðslu hér á landi, á rúmlega 30 stöðum kringum landið. Umfang framleiðslunnar telur um 6 milljónir fugla á ári. Framleiðslan nam um 9.500 tonnum í fyrra.

Kolefnisspor íslenskra kjúklinga er minna en flestra annarra dýrategunda til manneldis og kolefnisspor íslenskrar kjúklingaframleiðslu er langt fyrir neðan heimsmeðaltal. Allur úrgangur, eða hráefni, sem ekki er nýtt til manneldis, er notað sem áburður eða til landgræðslu.

7. tbl. 4. apríl. Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

**TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN
Á LIÐNU ÁRI.
GLEÐILEGT NÝTT ÁR!**

AFLVÉLAR

brands shown: aebi, schmidt, VALTRA, PRONAR, Tokuam, NC, ODES, MOTOR, ARIENS, boqballe, ERT, DUUN INDUSTRIER, KONI, TEXA, AL-KO, solo, PELLENC, i-mop, cleanfix

AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSÁDILI

Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Þelamörk:

Geldur varhug við minnkandi kjötframleiðslu innanlands

– Ræktar hross sín og sauðfé af metnaði og gleði

Hjónin í Garðshorni á Þelamörk hafa árum saman ræktað gæðinga og hlutið viðurkenningar fyrir, auk þess sem þau eru með 400 fjár.

Það eru þau Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Agnar Þór Magnússon sem búa í fagrri Hörgársveitinni ásamt fjölskyldu sinni. Pau reka tamningastöð, hafa sýnt kynbótahross fyrir sig og aðra og boðið upp á reiðkennslu.

Í dag er heildarfjöldi hrossa í eigu búsinns 34 og í kring skottast þrír Border Collie-hundar.

Aðspurð um hverjar helstu áherslur þeirra séu í búskapnum svarar Birna að í sauðfjárræktinni sé það auðvitað að bæta áfram kjötgæði og magn sem hver gripur fyrir sig gefi af sér.

„Við hyggjum ekki á neinar stórar breytingar hvað féð varðar,“ segir Birna. Þau muni halda áfram á sömu braut og reyna smám saman að ná inn í stofninn fleiri góðum gripum sem bera verndandi arfgerð gegn riðu.

Um hrossaræktina segir hún þau leitast við að rækta geðgóð, fallega sköpuð hross með góðar gangtegundir og rými.

„Framtíðaráformin í búskapnum eru í rauninni bara að hafa gaman af því sem maður er að gera og njóta,“ bætir Birna við.

Þau hlutu árin 2014 og 2021 Heiðursviðurkenningu Bændasamtaka Íslands fyrir árangur í hrossarækt.

Á tánum í rekstrinum

Misjafnt er milli árstíma hversu margir starfa við búið. Nú yfir vetrarmánuðina eru það tvær til fjórar manneskjur. Svo koma fleiri að á álagstínum eins og í sauðburði og smalamennsku. Þau Birna og Agnar hafa ekki farið varhluta af



Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius ásamt börnum sínum, Ylva Sól, Yrsa Lif og Degi Snæ og hrossaræktar-heiðursskjöldum frá Bændasamtökum Íslands. Myndir / Aðsendar



Systkinin í Garðshorni; þau Yrsa Lif, Ylva Sól og Dagur Snær á hestinum Galileo.

þungum búrekstri líkt og bændur um land allt. „Par sem flestöll aðföng sem lúta að búrekstri hafa hækkað höfum við reynt eftir fremsta megni að hagræða í öllu og huga að öllum þáttum sem snúa að því að bæta reksturinn,“ segir Birna og heldur áfram:

„Við höfum hingað til reynt að koma hrossunum snemma í verð, til að yngja upp vélar og taeki til að lenda ekki í óþarflega miklum viðhaldskostnaði, sem vill oft verða þegar tækin eru komin til ára sinna.

Sem betur fer er áburðarverð eithvað að síga niður á við á ný og afurðaverð hjá sauðfjárbendum að leita upp á við, þó svo enn megi bæta í til að vel megi við una.“

Verður að styðja vel við

Við varðar hennar sýn á stöðu landbúnaðarins nú um stundir telur hún að huga verði að mikilvægi þess að hlúa að góðu og uppybyggilegu kerfi fyrir þa bændur sem eru starfandi í landinu.

„Heilnæmari og óspilltari vörur er ekki hægt að finna og því mikilvægt að styðja vel við landbúnaðinn hérlandis svo ekki komi til þess að Íslendingar nái ekki að sinna eigin landi með afurðir. Við teljum að það megi endurskoða ýmsa liði er snúa að því kerfi sem er við lýði í dag til að bæta megi stöðu starfandi bænda.“

Hún veltir fyrir sér hvort fólk hafi ekki val um annað en að kaupa matvörur erlendis frá þar sem sýklalyfjanotkun sé víða ansi mikil.

„Maður veltir fyrir sér hvaða áhrif það hefur á okkar heilbrigðiskerfi ef við náum ekki að sinna okkar íslenskars markaði og einungis erlendar matvörur verði á boðstólmum stóran hluta ársins sem innihalda mun meira magn af sýklalyfjum.

Ef fram heldur sem horfir og kjötframleiðsla á Íslandi heldur áfram að minnka er möguleiki á þeirri stöðu í framtíðinni að við höfum ekki lengur val um að versla heilnæmar matvörur frá Íslandi,“ segir hún og rifjar upp að í grein eftir Ernu Bjarnadóttur í Bændablaðinu í fyrra hafi verið bent að sýklalyfjaónæmi væri ein af þremur stærstu

heilsufarsógnum samtímans, að mati framkvæmdastjórn ESB og WHO. Hetta á sýkingum af völdum fjlólnemra baktería, sem geti borist úr dýrum í folk, aukist með vaxandi innflutningi á hráu kjöti frá þeim löndum þar sem sýklalyfjanotkun sé mikil.

Gæðastundir í búskaparstússi

Þau hjónin sjá gleðina í störfum sínum og Birna segir að það skemmtilegasta við búskapinn sé fjölbreytin.

„Enginn dagur er eins og það er gott að geta unnið lískamlega vinnu sem heldur manni gangandi.“ Það sé í raun margt skemmtilegt við að fá fast og viðfangsefnin jafnolík eins og þau séu mörg.

„Það er gaman að sjá nýja gripi fæðast, sjá þá alast upp og svo að klára að láta eithvað verða úr þeim með tamningu. A sjá hestana blómstra hjá öðrum og eða njóta þeirra sjálf.

Svo er ekki síður gaman að deila þessu með börnum og við höfum sannarlega átt margar gæðastundir í alls konar stússi við búskapinn,“ segir Birna í Garðshorni að lokum.

/sá

Kubota
Nú með kaupauka M5

PÓR

Með þér í meira en 60 ár

Reykjavík, Akureyri og von bráðar á Selfossi
Thor.is S 568-1513 og 568-1556



Í Garðshorni eru um 400 fjár. Bændurnir reyna smám saman að ná inn í stofninn fleiri góðum gripum sem bera verndandi arfgerð gegn riðu. Mynd / sá

20% JANÚAR ÚTSALA VÝSIL

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍDUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



H Husqvarna
snjóblásarar - finndu kraftinn



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stor dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stor dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stor dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



H Husqvarna
á Íslandi - allt til á lager



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



FS400
Gólfög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Tyrfingur Sveinsson, bóni í Lækjartúni 2 í Ásahreppi.

Myndir / Aðsendar



Lífkolin eru til margra hluta nysamleg í búskapnum.



Tyrfingur smíðaði ofninn að grunni til úr 200 litra olíutunnu.

Heimaframleiðsla á lífkolum

– Til margra hluta nysamleg í landbúnaði

Sigurður Már Harðarson
sm@bondi.is

Tyrfingur Sveinsson, bóni í Lækjartúni 2 í Ásahreppi, prófaði sig áfram síðastliðið sumar í framleiðslu á lífkolum úr afgangs timbri í heimasmíðuðum ofni.

„Ég smíðaði ofninn bara úr 200 litra olíutunnu sem er fyllt af byggingatímberi og síðan verður það að lífkolum. Þetta voru nokkrar svoleiðis lotur hjá mér í sumar. Afraksturinn fyllti síðan eitt fiskikar,“ útskýrir Tyrfingur.

Útrýmir nánast lyktinni

Lífkol eru kolefni og fjölhæft hráefni í landbúnaði. Þau eru búin til með því að hita lífmassa í súrefnislusu umhverfi og hægt er að nota meðal annars sem orkugjafa, jarðvegsbæti og til að blanda saman við undirburð – sem er einmitt sú leið sem Tyrfingur hefur farið í nýtingu á þessum verðmætum. „Þetta er mjög skilvirkт efni í því sem við höfum verið að gera. Þar

sem við höfum blandað þeim saman við undirburðinn er nánast engin lykt lengur. Kolin draga í sig köfnunarefnir og flest lyktarmengandi efni, þannig að það má segja að þetta sé bæði mjög loftslags- og umhverfisvænt að mörgu leyti. Síðan auðgar þetta lífræna úrganginn í moltugerðinni líka.

Samkvæmt því sem ég hef lesið mér til um þá skapast kjöraðstæður fyrir örverur í moltu eða lífrænum áburði þar sem lífkolum hefur verið bætt saman við. Það er í raun alveg ótrúlega mikil holrými í þessu efni sem skapar meðal annars þessar aðstæður.“

EKKI ÁBURÐUR HELDUR JARÐVEGSBÆTIR

Tyrfingur segir að hann telji að ekki sé hegt að nota lífkolin beint sem áburð heldur fyrst og fremst sem einn þátt í því að bæta lífríkið í jarðveginum, skapa skilyrði fyrir þær örverur sem síðan bæta frjósemi jarðvegsins í framhaldinu.

„Í rauninni væri best ef maður gæti nýtt einnig einhverjar hliðaráfurðir eins og til dæmis

allan varmann sem verður til í framleiðsluferlinu. En ég ætla bara að byrja á því að halda áfram á sömu braut,“ segir Tyrfingur um það hvernig hann sjái framtíðina fyrir sér í þessari framleiðslu. „Það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu annað en að koma sér upp þeim tæknibúnaði sem þarf, eins og varmaskipti og nauðsynlegum lögnum. Maður byrfti að leggja út einhvern stofnkostnað og fara í framkvæmdir til að hægt væri að hagnýta hann, en lífklega myndi það margborga sig. Svo er auðvitað mikil í umræðunni núna þessar kolefniseiningar sem vel væri hægt að framleiða með þessum hætti ef farið væri út í þetta á stærri skala.

Það væri þó nærtækast fyrir okkur hér í okkar blandaða búrekstri að nota þetta líka á stórum skala til moltugerðar og þá í skítinn frá búfénu. Það er einmitt það sem við höfum byrjað á og ég er mjög ánægður með hvernig það hefur gengið,“ segir hann en þau Hulda Brynjólfssdóttir, kona hans, eru með 33 holdakýr og um 60 kindur, auk þess að vera með hross, geitur og landnámshænsn.

Bætiefni í fóður

En notkunarmöguleikarnir í búskapnum eru fleiri.


„Svo hef ég líka frétt af góðum árangri af notkun lífkola þegar þeim er blandað saman við fóður hjá skepnum í örlitlu magni.

Það hefur til dæmis mælst svoltíl vaxtaraukning í skepnum við slíka

notkun, en þó liggr ástæðan í því að þau eru svo hreinsandi að þau draga í sig öll óæskileg efni svo að griprinir þrífast betur.

Það þekkist til dæmis að nota kol við skitu hjá kálfum og við sjálf höfum góða reynslu af því að gefa lömbum með skitu AB-njólk með örlitlu af kolum í, maður sá mun strax daginn eftir,“ segir Tyrfingur.

AÐ BÚA TIL LÍFKOL



Lífkol eru búin til með því að hita lífmassa í súrefnislusu umhverfi.

Til verksins má nota allt frá einföldum eldofnum upp í sérhæfðar verksmiðjur.

Framleiðsla á lífkolum

Einfalt er að búa lífkol til. Allt sem þarf er hiti og umhverfi þar sem súrefni er útilokað. Þetta var lengst af gert með því að kveikja í viðarbining og tyrra svo yfir. Við það sundrast (e. pyrolysis) efnið, upp stíga gufur, einu nafni kallaðar viðargas, og eftir verða viðarkol. Þar sem hægt er að gera þetta við nánast hvaða lífræna efni sem er, ekki eingöngu trjávið, er talað um lífkol og eru viðarkol ein tegund lífkola. Með því að setja upp ógn flóknari búnað en holu og torf og stilla þannig betur hitastigið í ferlinu er hægt að vinna ýmis verðmæt efni úr gufunum (viðargasini), svo sem eldsneyti, olíur, plastefni, o.m.fl. Eftir standur að lokum hið kolada efni.

/Skógræktin

**Lilleseth
Kjetting**

Finndu fyrir öryggi á veginum í vetrur
SKRALLI ER UMBODSAÐILI FYRIR LILLESETH SNJÓKEÐJUR



VÖRUBÍLAR

Finndu fyrir öryggi á veginum í vetrur
SKRALLI ER UMBODSAÐILI FYRIR LILLESETH SNJÓKEÐJUR



DRÁTTARVÉLAR



VINNUVÉLAR

Í meira en 70 ár hefur Lilleseth Kjetting framleitt hágæða snjókeðjur fyrir norskur aðstæður. Fyrsta sendingin frá þeim er á leiðinni til Skralla og aðeins örfá pör óseld.

**Upplýsingar á Facebook
eða í síma 862 4046**

**SKRALLI
INNFLUTNINGUR
RÁDGJÖF**

skralli.is



HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Frá undirskrift samningsins um nýja miðbæinn. Frá vinstri: Elliði Vignisson bæjarstjóri, Karl Práinsson, framkvæmdastjóri Arnarhvols, og Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs.

Mynd / Aðsend

Nýsköpun:

Fisksnakk á erlenda markaði

– Fann ekki harðfisk í London og þróaði því fiskflögusnakk

Nýstárlegt fishsnakk, þurrkaðar fiskflögur undir nafninu Krispa, urðu til þegar íslensk tónlistarkona í London fann hvergi harðfisk til sölu og var ekki til í kartöfluflögur í staðinn.

Á jólamaðraðsrölti nýverið mátti sjá til sölu harla óvenjulegan harðfisk: hertan þorsk með svörtum ólífum og hvítlauk. Þótti það nýstárlegt og því gripin askja og harðfisksnakkið smakkað. Söluaðilinn, Alda Björk Ólafsdóttir, upplýsti að samsetningin væri komin úr svonefndu Miðjarðarhafsfæði.

Alda var spurð um tilurð framleiðslunnar og rekur hana til búsetu sinnar í Bretlandi, þar sem hún bjó í rúmlega þrjá áratugi. Þar hafi engan harðfisk verið að fá.

„Árið 1989 flutti ég til London vegna þess að ég er söngkona og lagahöfundur og vildi „meika“ það og það gekk mjög vel,“ segir hún og heldur áfram: En sem Íslendingur, og alin upp á vissum tíma, þá var ég ekki alin upp við að borða kartöfluflögur og annað „rusl“ og í Bretlandi var ekki seldur harðfiskur.“

Hreinn og ómengadur fiskur

„Ég byrjaði því að hugsa; ég hlýt að geta búið til minn eigin harðfisk heima. Svo ég byrjaði að þróa þessa hugmynd og þannig varð Krispa til. Þunnar flögur, svipðar og kartöfluflögur, en eru bara hreinn, ómengadur fiskur með náttúrulegum kryddum eins og jalapeño, ostrusósu og svörtum ólífum,“ segir hún.

Alda framleiðin fishsnakkið úr verðlitlu hráefni sem nýtist illa í aðra framleiðslu, til dæmis afskurði og roð sem ella færí í dýrafóður. Í vörulínum má m.a. finna þorsk, þurrkaðan villtan lax, landeldis lax, bleikju og bleikjuroð. Framleiðslan er seinleg og mikil handavinnan og því hefur verið unnið að því að fá betri tæki og fleiri hendur í verkefnið.

Hún selur afurðir sínar undir merkinu Krispa Fish Snack í Hagkaup á höfuðborgarsvæðinu, í



Alda Björk Ólafsdóttir hakkar fiskafskurði til framleiðslu á Krispa fishsnakki. Framleiðslan fer fram á Hellu og nú er Alda í útrás með afurðirnar.



Fisksnakkið er að mestu framleitt úr þorski og náttúrulegum kryddum en einnig er unnið úr viltum íslenskum laxi, landeldislaxi og bleikju. Bleikjuroði nýtur sérstakra vinsælda.

Myndir / Aðsendar

Ég reikna með að allt að fjögur heilsársstörf muni skapast þegar framleiðslan er komin í fullan gang,“ segir Alda.

„Ég kalla þessar afurðir fishsnakk þar sem þetta er ekki framleitt eins og hefðbundinn harðfiskur. Varan hefur fengið frábærar viðtökur og vakið óskipta athygli bæði hérlandis og erlendis. Og þess má geta að unnið er hörðum höndum við að koma framleiðslunni í verslanir í Bretlandi og Bandaríkjum í samstarfi við Matvælastofnun,“ segir hún að endingu.

Viking Kitchen, fyrirtæki Öldu og Atla, fékk í fyrra tæplega 8 milljóna króna styrk úr Fjársjóði Matvælasjóðs til að undirbúa markaðssókn erlendis fyrir fishsnakkið.

/sá

Kjarnholt 7 - Sveitasetur á góðum stað til sölu



Lögmannsstofa Ólafs Björnssonar kynnir jörðina, Kjarnholt 7, 806 Bláskógarbyggð. Jörðin er gríðarlega vel staðsett í Bláskógarbyggð og býður upp á marga skemmtilega möguleika. Jörðin er ca 7 ha, og vel staðsett í spennandi sveitarfélagi sem er í klukkustundar akstri frá Reykjavík. Einnig er stutt í gullna hringinn og þá er nokkuð gott útsýni yfir Geysis svæðið.

Jörðin hentar vel sem stæðilegt sveitasetur og fullkomlið af drepp fyrir stórfjölskylduna en býður einnig upp á spennandi möguleika á því að fara rekstur á ferðajónustu á svæðinu. Á jörðinni hefur verið rekin farsael ferðajónusta og er með fullgild leyfi þess efnis. Á jörðinni er 10 svefnherbergja hús á þremur hæðum sem innréttáð hefur verið sem gistiheimili. Til greina kemur að innbú fylgi eigninni.

Svæðið býður hvort tveggja upp á frekari uppbyggingu á ferðajónustu eða tækifæri á því að eignast glæsilegt sveitasetur sem getur hýst stórfjölskylduna.

Nánari upplýsingar um eignina á www.olafur.is, eða í tölvupósti oli@olafur.is og kristo@olafur.is



Lögmannsstofa
ÓLAFS BJÖRNSSONAR

Eyraveg 15, 800 Selfoss | kt. 670705-1100
oli@olafur.is | s: 416 2220 | gsm: 894 3209 | www.olafur.is

Úlla stýrir Mývatnsstofu

Úlla Árdal hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Mývatnsstofu og hefur hún þegar hafið störf.

Úlla er margmiðlunarfræðingur frá Margmiðlunarsskólanum og digital composer frá Campus i12 í Svíþjóð. Hún hefur sínt síðu markaðs- og þróunarstjóra Mývatnsstofu síðustu 3 ár, að því er fram kemur í tilkynningu frá Mývatnsstofu. Áður starfaði Úlla sem fréttamaður RUV á Norðurlandi og á sjónvarpsstöðinni N4.

„Úlla mun sjá um daglegan rekstur Mývatnsstofu og markaðssetningu Þingeyjar sveitar til innlendra og erlendra ferðamanna ásamt því að fylgja eftir þeim verkefnum sem styðja við hvers konar uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Pá heldur Mývatnsstofa úti öflugu viðburðastarf, s.s. Vetrarhátið við Mývatn, Mývatnsmarathon og Jólasveinarnir í Dimmuborgum,“ segir í tilkynningu.

Par kemur jafnframt fram að eitt af markmiðum Mývatnsstofu sé að styrkja jaðartíma ferðajónustu á svæðinu, auka þar af leiðandi þjónustustörf og stuðla að fylgjuna atvinnutækifæra á heilsárs grundvelli.

/ghp



Úlla Árdal.



**GLEÐILEGT ÁR OG TAKK FYRIR
VIÐSKIPTIN Á UNDANFÖRNUM ÁRUM
SOLIS ER MEST SELDA
DRÁTTARVÉLIN Á ÍSLANDI 4 ÁR Í RÖÐ**

*Samkvæmt nýskráningu á vef Samgöngustofu**



Vallarbraut.is S- 4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 Hafnarfirði

GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegghús og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!



BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skyli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.





Margrét sýndi þessa framræfnulegu mynd sem Matís fékk gervigreindarforrit til að teikna upp. Myndin sýnir að því er virðist, skordýr, þörunga, frumuræktað kjöt, þríviddarprennuð matvæli og örþörungadrykk.



Margrét Geirsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís, hélt erindi á afmælisráðstefnu RML í nóvember um protein morgundagsins.

Mynd / Aðsend



Próteinum morgundagsins, sem eru talin álitlegust, er skipt niður í sjö flokka; örþörunga, örveruprótein, belgjurtir, soja, fiskeldi, prótein sem ræktuð eru á tilraunastofu og svo skordýr. Hér má sjá lirfur svörtu hermannaflugunnar.

Mynd / James Tiono



Kjúklingafóður sem innihélt mikið magn af nýpróteini úr örþörungum reyndist fara illa í fuglana, auk þess sem fjaðrir þeirra urðu grænar.

Mynd / Skjáskot

Matvæli:

Prótein framtíðarinnar

– Umhverfislegur ávinningur graspróteinframleiðslu á Íslandi

Mikil áskorun liggar í því að mæta próteinþörf fyrir sívaxandi mannfjölda. Svokölluð nýprótein eru að ryðja sér í meira mæli til rúms í rannsóknum og þróun á matvælum framtíðarinnar.

Eftirlspurn eftir próteini hefur aldrei verið meiri og er Evrópa ekki sjálfrí sér næg þegar kemur að próteinframleiðslu. Aðgengi að hágæða próteinum framleiddum með sjálfbærum hætti fer minnkandi í ljósí loftslagsbreytinga og álags á auðlindir. Samt sem áður þarf slík framleiðsla að tvöfaldasí fyrir árið 2050 til að mæta eftirlspurn.

Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Margrétar Geirsdóttur, verkefnastjóra hjá Matís, á afmælisráðstefnu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins þann

23. nóvember sl., en þar fjallaði hún um prótein morgundagsins.

„Nýprótein eru ekki algeng eða jafnvél óþekkt á diskum neytenda. Þau eru þróuð sérstaklega til þess að mæta vandamálum á bordi við loftslagsmál, land- og vatnsnotkun, lýðheilsu, dýravelferð og hrингrás,“ sagði Margrét meðal annars á fyrilestrinum.

Ungarnir urðu grænar

Próteinum morgundagsins, sem eru talin álitlegust, er skipt niður í sjö flokka; örþörunga, örveruprótein, belgjurtir, soja, fiskeldi og prótein sem ræktuð eru á tilraunastofu.

Í erindi sínu sýndi Margrét gervigreindarmyndir með vélrennum hugmyndum um hvernig framleiðsla

frumuræktaðs kjöts og einfrumunga gætu litid út. Prótein slískra próteinverksmiðja eru ekki langt á veg komnar en þó glittir í spennandi lausnir þegar litid er til rannsókna sem unnar hafa verið, eða eru í vinnslu.

Pannig hefur Matís að undanförmu tekið þátt í nokkrum verkefnum um nýprótein. Einu þeirra er nýlokið en það er Evrópuverkefnið NextGenProteins. Í því voru prótein úr skordýrum og örveruprótein þróuð og notagildi þeirra prófuð í ymsum matvælum og dýrafóðri. Í einni tilrauninni þar sem kjúklingum var gefið fóður sem innihélt hatt magn af örþörungapróteini urðu fjaðrir þeirra grænleitar auk þess sem fuglarnir brugðust illa við fóðurbreytingunum. Fóður sem innihélt lægra magn kom hins vegar ágætlega út.

Giant Leaps er annað Evrópuverkefni sem Matís er hluti af en það snýr að því að umbreyta fæðukerfinu með tilliti til umhverfisáhrifa og bættrar heilsu og vellidananar fólks, dýra og jarðar. Margrét tók þar nokkur dæmi um nýsköpunarfyrirtæki sem hefðu rekið sig á stórar hindranir þegar kom að því að fá leyfi fyrir framleiðslu á söluvörum sem innihélt nýprótein á markað.

Raunhæft að framleiða hér grasprótein


Margrét lagði áherslu á möguleika Íslands þegar kemur að nýpróteinframleiðslu, til dæmis úr grasi, enda

myndi slík framleiðsla fela í sér mikinn umhverfislegan ávinning fyrir Ísland.

Matís, RML, LbhÍ og Bændasamtökinn vinna nú að verkefni styrkt af Matvælasjóði sem snýr að því að kanna möguleika á graspróteininnslu á Íslandi. Miðað við núverandi verðlagningu á próteini mun fjárhagsslegur grði af slískri framleiðslu vera líttill þó hún sé vel raunhæf. Ísland hefur að mati Margrétar einstaka möguleika þegar kemur að ræktun og framleiðslu nýpróteina. Á þann hátt er hægt að auka sjálfbærni í innlendri matvælaframleiðslu en til að því markmiði verði náð eru áframhaldandi rannsóknir nauðsynlegar í samstarfi við alla hagaðila.

/ghp

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

- Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir**
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð**
- Bílskúrshurðir**
- Hurðir í trékarma**
- Tvískiptar hurðir**

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VHURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Reynir Pétur Steinunnarson, garðyrkjubóni á Sólheimum og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

Knútur Rafn og Reynir Pétur sæmdir fálkaorðu

Forseti Íslands sæmdi 14 Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag.

Að þessu sinni voru tveir í þeim hópi sem tengja má við íslenskan landbúnað. Knútur Rafn Ármann, framkvæmdastjóri og eigandi Friðheima, var sæmdur riddarakrossi fyrir frumkvöðlastarf á svíði matvælaframleiðslu, ferðapjónustu og atvinnuuppbyggingar. Friðheimar eru fjölskyldufyrirtæki þar sem stunduð er ylrækt á grænmeti, hrossarækt og ferðapjónusta.

Reynir Pétur Steinunnarson, garðyrkjubóni á Sólheimum, fékk riddarakross fyrir afrek og framögugu í þágu fatlaðra. Hann hefur lengi starfað við garðyrkjastöðina Sunnu



Knútur Rafn Ármann framkvæmdastjóri og eigandi Friðheima. Hann er meðal annars kunnur fyrir að hafa gengið hrингveginn í kringum landið sumarið 1985 í þeim tilgangi að safna fjármagni til að hægt yrði að byggja íþróttahús á Sólheimum.

/smh

ALLT AÐ
35%
AFSLÁTTUR FYRIR
KLÚBBFÉLAGA

Pantaðu núna ef þú vilt skipta um glugga í sumar!

Það er ca. 13-15 vikna afhendingartími á gluggum og hurðum hjá okkur.

Skanva hefur yfir 10 ára reynslu í Skandinavíu, þar sem gott og vandað gæðahandverk einkennir alla glugga og hurðir Skanva. Þar að auki eru Skanva gluggar og hurðir vottaðir og slagveðursprófaðir fyrir íslenskar aðstæður.



Skanva ehf. - Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 8400



Skanva.is



Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða



Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir



Tveir ættliðir Kirkjubæjarbænda leiða hér saman hesta sína. F.v. Ísabella frá Kirkjubæ, Hanna Rún Ingibergsdóttir, Águst Sigurðsson sem er nýr forstöðumaður Lands og skógar, Unnur Óskarsdóttir með Lilju Rún Hjörvars dóttur, Hjörvar Ágústsson og Grund frá Kirkjubæ. Nú hafa Hjörvar og Hanna Rún tekið við keflinu í búskapnum, af Unni og Ágústi sem búseitt eru á Hvolsvelli. Myndir / Aðsendar

Land og skógur:

Ný stofnun byggð á traustum grunni

– Stafræn aðalskrifstofa og átján starfsstöðvar vítt um land

Steinunn Ásmundsdóttir



Ný stofnun, Land og skógur, tók um áramót við hlutverki og skuldbindingum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og segir forstöðumaður verkefnin fram undan ærin.

Matvælaráðherra skipaði í vetrarþyrjun Águst Sigurðsson forstöðumann Lands og skógar til fimm ára. „Áskoranir okkar nú fyrstu skrefin eru hreinlega að skipuleggja stofnunina, fag- og stoðsviðin og hin ótalmörgu verkefni sem við sinnum,“ segir hann. „Hvernig við vinnum þvert á svíð og starfsstöðvar og hver gerir hvað. Þá eru ótal þættir sem þarf að samræma frá hinum eldri stofnunum og sem snúa m.a. að mannauðsmálum, fjármálum og bókhaldi, kerfum og stefnum.“

En okkar stærsta áskorun er auðvitað grunnstef og meginmarkmið starfseminnar sem er að ná framúrskarandi árangri í að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra,“ segir hann.

Glögg yfirsýn og gæði

Skógræktin og Landgræðslan áttu marga snertifleti en áherslur gátu verið ólíkar og jafnvel öndverðar.

„Við ætlum að taka með okkur allt það góða sem hinar eldri stofnanir hafa staðið fyrir og byggja á því en skilja eftir það sem við þurfum ekki að nota,“ segir Águst. „Ég er kannski ekki í aðstöðu til að fullyrða um það sem við ætlum að breyta í starfseminni en ég get hins vegar sagt fullum fetum hvað við ætlum að leggja áherslu á.“

Við ætlum að hafa glögga yfirsýn og byggja okkar starf á traustri þekkingu, viðindalegum grunni og því sem best hefur reynst í vinnubrögðum. Þá leggjum við mikil upp úr því að setja okkur mælanleg markmið í sem flestum þáttum til að máta okkur við og finna út hvernig okkur miðar. Þetta er mjög mikilvægt finnst mér.

Hinar eldri stofnanir bjuggu við það að vera eftirsóknarverðir vinnustaðir með gott orðspor og eiga í mjög árangursríku samstarfi innan lands sem utan og þeim styrkleika viljum við að sjálfsögðu halda og efla enn frekar. Þá er okkur afar mikilvægt að tryggja samhæfingu sviða og skilvirkni starfseminnar og sækja fram á sviði rannsókna, vöktunar og þróunar og þar liggur sterkt áherslan án nokkurs vafa,“ segir Águst enn fremur.

Nýtt skipulag með nýjum sviðum

Búið hefur verið til nýtt skipulag fyrir Land og skóg, með nýjum sviðum og endurskoðuðu vinnulagi þvert á svíð og verkefni.

„Sum sviðanna eru sambærileg við skipulag hjá fyrrí stofnunum en verkefni og starfsfólk flyst að nokkru marki til,“ segir Águst og heldur áfram:

„Fagsviðin verða fimm talsins og fyrir þeim fara sviðsstjórar sem þegar hafa verið skipaðir. Bryndís Marteinsdóttir stýrir sviði Sjálfbærrar landnýtingar og er staðsett í Keldnaholti, Hreinn Óskarsson er sviðsstjóri Þjóðskóga og landa og er með starfsstöð á Selfossi, Brynjár Skúlason er sviðsstjóri Rannsókna og þróunar með aðsetur á Akureyri, Hrefna Jóhannesdóttir stýrir sviði Ræktunar og nyttja með aðsetur í Skagafirði og Guðstav Asbjörnsson er sviðsstjóri Endurheimtar vistkerfa með aðsetur í Gunnarsholti.“

Þá séu skilgreind tvö ný stoðsvið sem gangi þvert á fagsviðin. „Annars vegar er það Gögn, miðlun og nýsköpun sem Gunnlaugur Guðjónsson stýrir og er staðsett á Egilsstöðum og hins vegar Fjármál og þjónustumiðstöð sem Elín Fríða Sigurðardóttir fer fyrir og hefur sína skrifstofu í Gunnarsholti.“

Að sögn Ágústs mun fólk í upphafi í flestum tilfellum sinna sömu verkefnum og áður þó svo að skipulagið hafi breyst en þegar frá líður er reiknað með að einhverjar breytingar geti orðið.

Allt ræktarland kortlagt

Meðal nýrra verkefna Lands og skógar er að kortlegga allt ræktarland á Íslandi sem henta



Gleðiríkur fjölskyldufundur með barnabörnum: Unnur heldur á Lilju Rún Hjörvars dóttur og Águst á Leó Árnasyni. Fyrir aftan þau standa Arngrímur Águst og Patrekur Örn Elvarssynir.

þykir til matvælaframleiðslu. Er markmiðið að standa vörð um gott ræktunarlend til að tryggja fæðuöryggi. Sveitarfélögum ber að taka mið af slískri kortlagningu ræktarlands og hafa sem undirstöðu fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga.

„Þetta er gríðarlega mikilvægt verkefni, tel ég, og nokkuð umfangsmikið,“ segir Águst og heldur áfram: „Það er liður í að hugsa til lengri framtíðar og ná betur utan um hvað hentar hvar og hvernig skynsamlegast væri að haga nýtingu á þeiri takmörkuðu auðlind sem landið er.“

Við erum þegar farin að huga að þessu og reiknum með að þetta verði unnið að næstu tveimur til þremur árum. Þetta er dæmigert verkefni sem verður unnið þvert á svíð, og snertir líklega öll fagsviðin, auk þess sem teymi landupplýsinga á svíði Gagna, miðlunar og nýsköpunar mun leika lykilhlutverk í þessu. Síðan þarf auðvitað að viðhalda upplýsingunum áfram þó svo að grunnurinn verði unninn nokkuð þétt nuna næstu árin.

Kortlagning ræktarlands sem þykir henta til matvælaframleiðslu er meginstefið í þessu verkefni en það hlýtur að liggja á bordinu

að samhliða því er mikilvægt að ná yfirsýn á hvað hentar best til annarrar nýtingar, svo sem skógræktar. Við þurfum að horfa á heildarmyndina.“

Sjálfbær landnýting

Fleiri landbúnaðartengd verkefni liggja á borði stofnunarinnar. „Annað nýtt verkefni sem við höfum þegar fengið í hendur frá ráðuneyti okkar er að undirbúa innleiðingu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu,“ segir Águst og útskýrir að það hafi lengi staðið fyrir dyrum að sú reglugerð taki gildi og nú sé endurskoðuð tillaga að henni á leið í samræðsgátt og reiknað með að hún taki gildi fljótega. Samkvæmt endurskoðaðri tillögu sé Landi og skógi ætlað mjög stórt hlutverk við innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar og undirbúningur þess hafinn.

„Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu snertir landbúnaðinn á margan hátt og með beinum hætti og það er mjög mikilvægt að vel takist til við innleiðingu hennar. Kynning og samtal um þessi mál er fyrsta skrefið og ég reikna með að slík vinna hefjist þegar í stað.“



Stóðhyrssur í Kirkjubæ á Rangárvöllum, bæjarhús og Hekla í baksýn. Ágúst er mikill átthagamaður og hefur yndi af ríkulegum sagnaarfi Rangárvalla.

Reglugerðin er viðtek og setur viðmið vegna beitarnýtingar, akuryrkju, framkvæmda og umferðar fólks og ökutækja,” segir Ágúst enn fremur. Að hans sögn eru að auki mörg stór og mikilvæg verkefni sem snerta landbúnað með ýmsum hætti og halðið verði áfram að sinna. Þar megi nefna öll loftslags- og vöktunarverkefni, kolefnismál, vernd og endurheimt vistkerfa, þ.m.t. votlendis og birkiskóga, hringrás næringarefna, verkefnið Bændur græða landið, skógrækt á lögbýlum, verkefni Landbótasjóðs, varnir gegn landbroti o.fl.

„Síðan er auðvitað samstarfsverkefnið Loftslagsvænn landbúnaður sem við tökum þátt í með RML og mörg fræðsluverkefni í viðtæku samstarfi við marga aðila, t.d. Grænni skógar í samstarfi við BÍ og félög skógarbænda undir hatti Endurmenntunar græna geirans á Reykjunum,” hnýtir hann við.

Stafraenor höfuðstöðvar

Starfsstöðvar Lands og skógar eru átján talsins og staðsettar vitt og breitt um landið.

EKKI var talin knýjandi þörf á að skilgreina sérstakar höfuðstöðvar og því eru höfuðstöðvar Lands og skógar stafraenor. Ágúst segir ástæður þess aðallega vera hina breyttu tíma og tækni; annað samskiptaform en áður var.

„Í okkar starfi fórum við hins vegar mikil út til fólks og verkefna og því skiptir miklu máli að starfsstöðvar okkar séu á heppilegum stöðum úti um landið á hverjum tíma í nálagð við hin staðbundnu verkefni, samstarfsaðila og skjólstæðinga. Við viljum mjög gjarnan fá gesti á okkar starfsstöðvar og tökum fagnandi á móti þeim,” segir hann.

Við upphaf starfseminnar vinna tæplega 140 manns hjá Landi og skógi, um allt land. Flest starfsfólk er þó í Gunnarsholti, Keldnaholti, á Móglisá, Egilsstöðum og Selfossi. Mikilvægar starfsstöðvar eru í Hallormsstað, Ásbyrgi, Hvammi í Skorradal, Þjórsárdal og Haukadal og á Akureyri, Vöglum, Silfrastöðum, Sauðárkrúki, Ísafirði, Brún í Vífidal, Hvanneyri og Tumastöðum.

„Svo má segja að 19. starfsstöðin okkar sé í Þórmörk en þar er fjörlag starfsemi frá vori til hausts ár hvert og byggir mikil á þátttöku sjálfbóðaliða auk sumarstarfsfólks. En síðan bætist mikil við hópinn yfir sumartímann við verkefni er lúta að skógunum og landgræðslulöndum, rannsóknastörfum, vöktun o.fl. Þar er oft um að ræða skólaþólk og erlenda sjálfbóðaliða en margt af okkar núverandi starfsfólk kom einmátt fyrst til okkar sem sumarstarfsfólk í skólaleyfum frá t.d. háskólanámi,” bætir Ágúst við.

Aettliðaskipti á Kirkjubæ

Ágúst er kvæntur Unni Óskarsdóttur leikskólkennara og búa þau á Hvolsvelli. Hún er Fljótshlíðingur og Landeyringur að aett og uppruna en alin upp á Hvolsvelli. „Við erum búin að vera saman í hartnær 40 ár,” segir Ágúst en sjálfur er hann að hálfu Fljótshlíðingur og að hálfu Eyfellingur en hefur alla tíð átt sína heimahöfni á Kirkjubæ á Rangárvöllum. Fyrst með foreldrum sínum og systkinum, frá 1967, en frá 1992 þau Unnur með fjölskyldunni og nú standa yfir aettliðaskipti og þróji aettliður fjölskyldu Ágústs tekinn við búsförráðum að Kirkjubæ.

Börnin eru fjögur; Elvar og Hjörvar uppkomni og Assa og Dagur háskólanemar.

Kirkjubær mun vera eitt fyrsta íslenska sveitabýlið sem byggði á hrossarækt og hestamennsku. „Foreldrar míni byggðu afkomu

„Okkar stærsta áskorun er auðvitað grunnstef og meginmarkmið starfseminnar sem er að ná framúrskarandi árangri í að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra ...“

sína á hrossarækt og sama má segja um þá sem áttu og ráku búið á undan þeim,” útskýrir Ágúst. „Við Unnur höfum hins vegar alltaf verið í fullu starfi við annað meðfram búslýsluni en nýja kynslóðin sem nú hefur tekið við rekstrinum hefur sína afkomu alfaríð af hrossum og hestatengdri þjónustu.“

Hrossaraektin í Kirkjubæ var á sínum tíma þekkt fyrir einkennislitinn rauðblesott og glófext en í seinni tíð hefur litafjölbreytnin orðið meiri. Ágúst tekur þó fram að þess sé gætt að halda þessu við.

Hann hefur átt hesta frá barnæsku en nú ber svo við að hann á engan hest sjálfur. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hann bregði sér á bak Kirkjubæjarhestunum.

„Það er reyndar þannig að forystufólk skógræktar og landgræðslu í gegnum tíðina hefur í mörgum tilfellum verið hestafólk og jafnvel í forystu fyrir landsmenn í þeim eftum. Þar má nefna Einar G. E. Sæmundsen, skógarvörð og formann Skógræktarfélags Íslands, Hauk Ragnarsson, forstöðumann á Móglisá, Svein Runólfsson landgræðslustjóra og Jón Loftsson skógræktarstjóra. Þannig að í ljósi sögunnar virðist alveg fullkomlega eðlilegt að forstjóri Lands og skógar sé líka hestamaður þótt það sé kannski ekki nauðsynlegt,” segir hann kankvís.

Svæði þrunagið sögu

Ágúst hefur mikinn áhuga á sögu og menningu Íslands. „Það hefur haft mikil áhrif á mig að búa á Kirkjubæ og hafa sögusviðið fyrir augunum umkringt Heklu, Tindfjöllum,



Frá fjölmennri stofngöngu Ferðafélags Rangæringa á Stóru-Dímon með 250 félögum. Magnús Hlynur Hreiðarsson tekur viðtal við Ágúst Sigurðsson, forseta og upphafsmanns FFRang



HVER ER MAÐURINN?

Ágúst Sigurðsson lauk doktorsprófi í erfðafræði magnbundinna eiginleika frá Sænska landbúnaðarháskólanum í Uppsöldum (SLU) árið 1996 og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í doktorsnámi frá Konunglegu sænsku akademíunni í skógrækt og landbúnaði. Áður hafði hann útskrifast sem búfræðingur frá Bændakólanum að Hvanneyri árið 1983, lokið raungreinadeildarprófi frá Tæknißkóla Íslands árið 1986 og aflað sér B.Sc. gráðu frá búvísindadeild Hvanneyrar árið 1989.

Hann starfaði við rannsóknir hjá SLU og sem landsráðsnaður í búfjárförðafræði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá árinu 1996 til 2004. Þá tók hann við stöðu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands fram til ársins 2014 og stýrði m.a. sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Hann var sveitarstjóri Rangárþings ytra árin 2014–2022.

Ágúst hefur verið leiðandi á sviði hrossaræktar og hestamennsku hér á landi og starfað sem kynbótdómari og fyrilesari í aðildarlöndum Alþjóðasamtaka eigenda íslenskra hesta. Þá hefur hann stýrt ýmsum umfangsmiklum rannsóknnaverkefnum, m.a. varðandi þróun kynbóta mats og ræktun íslenskra búfjárfotna.

Sem rektor Lbhí heitti hann sér m.a. fyrir þróun háskólanáms í skógræði og landgræðslu og stofnun Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem nú starfar undir hatti UNESCO (GRÓ-Lrt).

Ágúst hefur setið í stjórnun, ráðum, nefndum og hópum tengdum m.a. landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og maléfnum sveitarstjórn, skipulags og háskóla. Hann hefur leiðbeint nemendum í BS-, MS- og doktorsnámi við Lbhí og SLU og verið prófdómari og andmælandi við doktorsvarnir. Hann hefur ritat fjölda vísindagreina í alþjóðlegum ritryndi vísinda- og ráðstefnurit ásamt greinum í fagtímarit og blöð.

LAND OG SKÓGUR



- Land og skógur er þekkingarstofnun á sviði gróður- og jarðvegsauðlinda og gegnir mikilvægu rannsókna-, eftirlits- og fræðsluhlutverki við að vernda, endurheimta og bæta þessar auðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.

- Meginmarkmið stofnunarinnar eru að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir þjóðarinnar, nýta land af sjálfbærni, vakta og hafa yfirsýn, draga úr losun og stuðla að bindingu kolefnis og virkja og fræða almenning og hagsmunaaðila um gróður- og jarðvegsvernd, sjálfbæra nýtingu lands, uppyggingu og endurheimt vistkerfa, skóga og skógrækt.

- Starfsemin byggist á margvislegu innlendu og alþjóðlegu samstarfi við rannsóknastofnunir og háskóla og hefur viðtæk tengsl við ýmsar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar þjóðarinnar.

- Stofnunin starfar í samræmi við hina opinberu stefnu og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt: Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stofnunin recur starfssstöðvar vitt og breitt um landið og hefur umsíðun með þjóðskógum, löndum og landgræðslusvæðum.

- Land og skógur heyrir undir matvælaráðuneytið. Stofnunin veitir ráðherra aðstoð og ráðgjöf og sinnir öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.

- Gildi Lands og skógar eru: Pekking – Samvinna – Traust.

- Merki Lands og skógar er hannað af Fífin Jónsdóttir, sérfræðingi í vísindamálun hjá Landi og skógi. Það hefur margvislegar skírskotanir í starfseminum: gróður, jarðveg, tré, skóg, votlendi, loftslag, náttúru- og skógarstíga og leiðir sem valdar eru í starfseminni.

Þýskir bændur mótmæla sparnaðaraðgerðum

Þýskir bændur hafa að undanföru mótmælt áformum stjórnvalda um að draga úr niðurgreiðslum á dísilolíu og skattaívnunum fyrir landbúnaðartækni með því að hefta umferð á hraðbrautum og dreifa skít í þéttbýli.

Hundruð þýskra bænda á dráttarvélum söfnuðust saman í miðborg Berlínar þann 18. desember síðastiðinn til að mótmæla áformum stjórnvalda um að draga úr niðurgreiðslum á dísilolíu og skattaívnunum fyrir landbúnaðartækni á næsta ári. Áform stjórnvalda um niðurfellingu skattaívnana til bænda eru hluti af stórum sparnaðaraðgerðum þar í landi. Til að standa við sín eigin skuldabremsulög, sem kveða á um bann við hallarekstur ríkissjóðsins, voru stjórnvöld knúin til að grípa til stórtækra ákvæðana í fjárlögum sínum sem samþykkt voru undir lok síðasta árs.

Samkvæmt þeim verða afnumdar endurgreiðslur skatta á landbúnaðardísilolíu og skattaívnun fyrir landbúnaðartækni. Bændur halda því fram að slíkar aðgerðir ógni afkomu þeirra og samkeppnishæfni þýska landbúnaðarins.

Því fjölmenntu þeir á traktorum við Brandenborgarhlíðið í Berlín og mótmæltu fyrirhuguðum aðgerðum í desember og aftur í janúar. Forgöngumenn mótmælanna boðuðu ennafremur frekari mótmæli á landsvísu sem þeir hafa staðið við.

Mánuðaginn 8. janúar tóku bændur sig og töfðu umferð á hraðbrautum víða um Þýskaland með akstri dráttarvéla og annarra landbúnaðartækja. Á fréttavef Reuters erhaft eftir Jule Bonsels bónda í Rínarlandi að niðurfelling skattaívnunarinnar þyddi um 20.000 evra kostnaðarauka fyrir hennar rekstur, sem samsvarar um þremur milljónum íslenskra króna. Hún sagði slíkt viðbótarálag óásættanlegt og koma í veg fyrir nýliðun í landbúnaði.



Hundruð þýskra bænda á dráttarvélum söfnuðust saman í miðborg Berlínar þann 18. desember síðast liðinn til að mótmæla áformum stjórnvalda um að draga úr niðurgreiðslum á dísilolíu og skattaívnunum fyrir landbúnaðartækni á næsta ári.

Myndir / Skjáskot



Sparnaðaraðgerðunum er einnig ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði í Þýskalandi.

Fullyrt er í frétt Reuters að landbúnaður beri ábyrgð á 7,4% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda landsins. Umhverfisverndarsamtök segja bændur vel geti borii þá fjárhagslegu byrði sem fælist í niðurfellingunni. Haft er eftir Martin Hofstetter, landbúnaðarsérfræðingi Greenpeace, að það skjóti skökku við að ríkið sé að niðurgreiða notkun á dísilolíu þegar það ætti frekar að hætta notkun á henni.

Aftur á móti er haft eftir Erwin Decker, vínbónða í Svartaskógi, að niðurskurðurinn myndi gera út af við mörg fjölskyldurekin bú, nytjalönd myndu leggjast í örækt og engin ætti eftir að hagnast á því.

/ghp



Algeng smitileið fuglaflensu er þegar ránfuglar gæða sér á hræjum af sýktum fuglum.

Mynd / Óskar Andri

Fólk með fuglaflensu

Skað fuglaflensa hefur orðið milljörðum fugla að aldurtíla á árinu 2023. Samkvæmt Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna (CDC) olli fuglaflensa einnig veikindum 19 manna í átta löndum árin 2022 og 2023.

Í níu tilfella var um alvarleg veikindi að ræða og leiddi fuglaflensa fimm til dauða. Einkenni þriggja einstaklinga voru væg og sjö voru einkennalaus.

Samkvæmt skýrslu CDC höfðu einstaklingarnir í flestöllum tilfellum verið í návígvið sjúka eða dauða fugla.

Sundurliðun tilfella

Í skýrslunni má finna sundurliðun tilfellanna. Sex mannesjur greindust í Kambódíu, tvö í febrúar, tvö í október og tvö í nóvember árið 2023. Fjögur þeirra léust. Í Bretlandi komu upp fimm tilfelli, öll einkennalaus. Í Kína hafa tveir einstaklingar greinst, í september 2022 og janúar 2023.

Annar þeirra lést en ekki er vitað um afdrif hins. Tvö tilfelli hafa komið upp á Spáni, hjá starfsmönnum alifuglabús en báðir voru þeir einkennalausir. Í einu tilfelli í Víetnam lifði einstaklingurinn alvarleg veikindi af. Eins veiktist einn alvarlega í Chile í mars árið 2023 en lifði af. Eitt tilfelli af alvarlegum einkennum

sjúkdómsins greindist í Ekvador í desember 2022. Eitt einkenni hefur þá komið upp í Bandaríkjum.

Í skýrslunni kemur einnig fram að frá því að CDC hóf skráningu á tilfellum skæðrar fuglaflensu árið 1997 hafa 902 tilfelli verið tilkynnt um smit í mönnum. Tilfellin nái til 22 landa og er dánarhlutfall tilfella meira en fimmfíu prósent.

Fylgst með fuglaflensu á Íslandi

Skað fuglaflensa hefur verið greind og náð útbreiðslu bæði í framleiðsluhúsum alifugla, á fjölskyldubúgvörðum, í bakgörðum sem og meðal villtra fugla. Skýrsla CDC segir að að minnsta kosti 77,8 milljón fugla hafi smitast í Bandaríkjum og fari fjölgandi.

Fuglaflensans hefur einnig greinst í allmögum spendýrum og nýjasta dæmi þess er ísbjörn í Alaska sem nýlega drapst úr þessum skæða smitsjúkdómi.

Á Íslandi hefur skað fuglaflensa hefur greinst í villtum fuglum um allt land. Frá því í mars 2022 hafa verið í gildi hertar varnaraðgerðir til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og fylgist Matvælastofnun með tilfellum hér á landi, m.a. með því að bregðast við ábendingum um dauða fugla sem finnast á víðavangi.

/ghp

Um skerpikjöt

Fyrsta vísindagrein sem birt er um færð skerpikjötum er fátt um tegundafjölbreytileika baktería og sveppa í kjötinu.

Í alþjóðlega vísindatímaritinu International Journal of Food Microbiology birtist ekki alls fyrir löngre greinum skerpikjöt eftir Eyðfinn Magnussen og Svein-Ole Mikalsen, vísindamenn við náttúruvísindadeild Fróðskaparsetursins í Færeyjum.

Greinin ber nafnið „Bacterial species diversity of traditionally ripened sheep legs from the Faroe Islands (skerpikjöt)“. Er fjallað um bakteríu- og sveppaflóru skerpikjötins en hún fer mjög eftir því t.d. hversu hlýtt er í veðri þegar kjötið er hengt í hjall og á meðan þurrkun stendur, hvort sem er inni í kjötbítunum eða utan á þeim. Þetta skiptir verulegu máli fyrir bragðgæði kjötins þegar ákjósanlegri þurrkun er náð. Bragðið verði betra sé skerpikjötið sett í hjall í hlýju veðri og hafi þá bakteríu- og sveppir á ítarlegri rannsóknir skerpikjötins.

Rannsakað var kjöt úr Kollafirði, Oyndafirði og úr Höfn. Vakti athygli vísindamannanna hversu mismunandi bakteríu- og sveppaflóran var í kjöti eftir stöðum.



Færð skerpikjöt. Mynd / Skjáskot

Mætti jafnvel nýta þær upplýsingar til vöruþróunar.

Margt er enn óljóst varðandi þann mismun sem verður á bragðgæðum skerpikjöts eftir stöðum og aðstæðum og einnig er ekki að fullu ljóst hversu mikil örverubreyting verður í kjötinu á leiðinni frá hjalli í frysti og þaðan á bord rannsóknafólks. Kallar þetta á ítarlegri rannsóknir skerpikjötins.

Ðað rannsókninni kom einnig vísindafólk frá Kaupmannahafnarháskóla sem einblínir á matvælaöryggi og frá Vrieje-háskóla í Brussel sem sérhæfir sig í örverugreiningu og liftækni matvæla.

/sá

HONDA SNJÓBLÁSARAR FÁST Í FAGVERSLUN BYKO

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 515-4020

HONDA
GÆDI LYFIR 40 AR

HONDA SNJÓBLÁSARAR FÁST Í FAGVERSLUN BYKO



Ástand Amazon skánar. Mynd / P.M.

Ný umhverfisvæn rafhlaða

– Notar færri vandfengin, dýr og illa endurvinnanleg efni

Svíar hafa þróað nýja nátríumjónaráfhlöðu sem gæti í framtíðinni nýst í rafknúin farar-tækni. Hún mun vera án m.a. alkálímálmssins líþiums, auðveldari í endurvinnslu, hitapolnari og ódýrari en núverandi kostir.

Pað var sánska fyrirtækið Northvolt, einn helsti rafhlöðuframleiðandi Evrópu, sem þróaði rafhlöðuna í samstarfi við þarlent fyrirtæki, Altris, og segir hana tímamótauppgötvun.

Segir í frétt The Guardian að Northvolt hafi framleitt ódýrari og sjálfbærari rafhlöðu sem noti hvorki líþium, nikkel, grafit né kóbalt, en mjög hefur gengið á þessi frumefni og þau því orðin mjög dýr, þrátt fyrir að endurvinnsla þeirra úr m.a. rafhlöðum sé í stöðugri þróun.

Rafhlaða Northvolt hafi orkuþéttleika yfir 160 W/kg samanborið við meðalorkuþéttleika 200–300 W/kg fyrir lítumjónaráfhlöðu. Þessi tala geti þó verið mjög breytileg eftir því hvaða efnafræði sé notuð. Nátríumjónaráfhlaðan hafi upphaflega verið hönnuð fyrir orkugeymslukerfi, stórar rafgeymslustöðvar á íðnaðarmælikvarda, en gæti þegar fram vindur nýst í rafknúin farartæki.

Frumgerðin sýnd á þessu ári

Frumgerð rafhlöðunnar verður sýnd viðskiptavinum nú í ár. Northvolt hefur ekki ákvæðið hvar rafhlaðan verður framleidd í meira magni. Fyrirtækið hyggst verða fyrst til að iðnvæða þessa gerð rafhlaðna og koma þeim á markað.

Northvolt segir nýju rafhlöðuna öruggari, hagkvæmari og sjálfbærari en hefðbundna framleiðslu sem nýti m.a. nikkel-, mangan-, kóbalt- og járnfosfat. Meðal annars vegna stöðugs og ríkülegs framboðs af steinefnum; nátríums og járns, sem notuð séu og fáist úr nærumhverfi. Byggi taeknir á notkun harðra kolefnisskauta og svokölluðu prússnesku hvítu bakskauti (Prussian White er efni sem notað er í jákvæða rafskautið).



Sænsk nátríumjónaráfhlaða er á leið á markað, í fyrstu fyrir orkugeymslukerfi, en í framhaldinu til nota í rafknúnum farartækjum. Hún er bæði umhverfisvænni og ódýrari en venjulegar rafhlöður ef marka má orð framleiðanda og gæti flíytt fyrir orkuskiptum.

Mynd / Skjáskot

Gæti liðkað fyrir orkuskiptum

Peter Carlsson, forstjóri og annar stofnandi Northvolt, sagði í frétt á miðlinum Power Technology að miklar vonir séu bundnar við nátríumjónaráfhlöðuna og víðtæk notkun hennar muni flýta fyrir orkuskiptum á heimsvisu.

„Rafhlöðutækni sem þessi er líka mikilvæg til að ná alþjóðlegum sjálfbærnimarkmiðum með því að gera rafvæðingu hagkvæmari, sjálfbærari og aðgengilegri um allan heim,“ sagði Carlsson. Northvolt hefur fram til þessa einkum framleitt hefðbundnar rafhlöður fyrir m.a. bifreiða- og flugidönn.

Forstöðumaður sjálfbærni hjá Alþjóðaorkumálastofnuninni, Laura Cozzi, sagði á miðlinum Energy Monitor að ýmissi svokallaðri „hreinni“ tækni hefði fleygt fram og sem dæmi um það varu rafhlöður byggðar á nátríum. „Þar til fyrir ári síðan var það aðallega líþium; nú vitum við að nátríum getur gegnt mikilvægu hlutverki,“ sagði Cozzi.

/ sá

„Að nota nátríumjónatækni er ekki nýtt en við teljum að þetta sé fyrsta varan sem er algjörlega laus við fágæt hráefni. Þetta er grundvallarbytting,“ sagði Patrik Andreasson, hjá Northvolt og bætti við. „Þetta býður upp á valkost sem er ekki háður ákvæðum heimshlutum, þar á meðal Kína.“

Í frétt Guardian var bent á að hin nýja rafhlaða gæti orðið til þess að evrópskir bifreiðaframleiðendur þyrftu í minna mæli en áður að reiða sig á rafhlöðuframleiðslu frá Kína sem sé ráðandi í mikilvægum efnisborgðakeðjum í orkuskiptakerlinu. Evrópa og Bretland séu algerlega háð hráefni til rafhlöðuframleiðslu eða tilbúnum rafhlöðum frá Kína og öðrum Asíuríkjum og mikill vilji til að byggja upp evrópska framleiðslu.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifarí en tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarí en tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifarí fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmunarþúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölpögur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölpögur MVP
Fjölpögur fyrir ameríkska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.

Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is



Karlkyrhirsur á lindifuru.

Myndir / Pétur Halldórrsson

Sembrafura / Lindifura

(*Pinus cembra* / *Pinus sibirica*)

Á tínum loftslagsbreytinga kemst ekki eingöngu los á fólk sem flýr náttúruhamfarir og versnandi búsetuskilyrði í heimahögum. Fleiri lífverur þurfa að flýja.

Sumar geta tekið til fótanna eða flogið á vængjum sínum. Aðrar þurfa tíma til að flytja sig úr stað. Þannig er um trén. Eitt af því sem skógræktarfólk hugar nú að víða um lönd er að hjálpa trjátegundum að flytja sig til og setjast að þar sem skilyrði henta þeim í breyttum heimi. Auðvitað flytja trén sig ekki til beinlínis heldur spretta ný tré af fræjum þeirra í nýjum heimkynnum. Í gömlu heimkynnunum þurfa aðrar trjátegundir að taka við keflinu, jafnvel sums staðar skógleysi.

Til eru trjátegundir sem fyrir löngu hafa hörlað til fjalla undan samkeppni við aðrar tegundir eða vegna breytinga á vaxtarlagskilyrðum. Fjallaplinur í Norður-Ameríku vex til dæmis á nokkrum svæðum hátt til fjalla og getur verið langt á milli slíksa búsvæða. Þá geta þróast sérstök kvæmi með áhugaverð einkenni og hafa Íslendingar sótt á slík svæði efnivið til jólatrjáaræktunar, bæði bláleitan og grænleitan fjallaplin. Enginn veit hver framtíð pessara kvæma verður í fjöllunum vestra. Víst er að ekki geta þau hörlað endalaust upp á við með hlýnandi loftslagi.

Svipaða sögu er að segja um tvær furutegundir sem eru svo náskyldar að þær pekkjast ekki í sundur nema með smásjá og erfðagreiningu. Sembrafura með latneska heitið *Pinus cembra* vex í Ölpunum og austur í Karpatafjöllum. Sums staðar í þessum fjöllum er tegundin á einangruðum svæðum og gæti veslast þar upp og horfið með hækkandi meðalhita. Einkum er útbreiðsluslusvæðið slitrótt í Karpatafjöllum Slóvakíu, Ungverjalandi og Rúmeníu og trén víða komin í sjálfheldu hátt til fjalla. Lindifura með latneska heitið *Pinus sibirica* vex austur í Altai-fjöllum í sunnanverðri Síberíu og Mongóliu. Útbreiðsluslusvæði hennar er mun stærra en sembrafura en fer þó einken minnkandi.

Tegundir sem ógnað er með þessum hætti í heimkynnum sínum gætu vel átt framtíð annars staðar. Til dæmis gæti Ísland átt þátt í að bjarga trjátegundum sem verða heimilislausar með röskun loftslags á jörðinni. Í það minnsta hafa bæði lindifur og fjallaplinir dafnað vel á Íslandi þó ekki sé áfallalaust með öllu. Mun meira hefur verið gróðursett hér á landi af lindifuru en sembrafuru og verður nánari lýsing á lindifuru látin duga, enda notum við gjarnan lindifurunafnið á þær báðar. Lindifura er miðlungsstórt tré sem getur orðið 500-1.000 ára gamalt. Hún fer fyrst að þroska fræ um fimmtíu ára aldur eða enn eldri. Þetta er myndarleg trjátegund en telst þó ekki til hinna stórvxnari. Hún nær gjarnan 25-35 metra hæð í átthögum sínum og gæti



Ung lindifura í Hallormsstaðaskógi.

vafalaust gert það á Íslandi líka með tímanum.

Lindifuran vex allttént hægt, enda hefur hún tímann fyrir sér. Lengi héldu menn að hún byrfti skógarþjórl í æsku, en nýlegri reynsla sýnir að hún þrífst betur á berangri. Mjúkar nálar hennar samanborið við t.d. stafafuru eða skógarfuru eru nokkuð blekkjandi því hún polir bæði vindálag og saltákomu betur en hinár tvær tegundirnar. Með tímanum verður hún einstofna, beinvaxið tré með breiða, keilulaga krónu. Hún hefur fimm nálar í knippi, langar nálar sem gefa trjánum mjúklegt yfirbragð. Í vindu liðast greinarnar tígulega. Lindifura vex víða um land en síst þó í lágsveitum á Suðurlandi og Vesturlandi. Þar er henni hættast við helstu skaðvaldinum sem heijar á tegundina, sveppsjúkdómnun furubikar eða furugreni (*Gremmenella abietina*). Skemmdir vegna sjúkdómsins virðast vera að aukast á Suðvesturlandi og jafnvel víðar, líklega vegna þess að hún hefur verið látin vaxa í þéttum skógunum eða í skugga annarra tegunda. Hvert lindifurutré þarf mikil rými og ríkulegt sólskin til að njóta sín. Ekki ætti að spaða grisjun í lindifurum.

Lindifura er ekki álitleg til timburframleiðslu sökum hægs vaxtar en timbrið er engu að síður gott til ýmissa nota líkt og furutimbur jafnan er. Í margra augum er hún líkfa fyrirtaks jólatre. Hún er til mikillar prýði sem auka- tegund í skógunum en ekki síður í góðum og á útvistarsvæðum. Fræ hennar eru stóré og matarmikil fyrir mys og að henni eru því góðar nytjar fyrir lífrískið. Lítið var gróðursett fyrir lindifuru á Íslandi lengi vel en gömul tré er þó víða að finna í eldri skógarreitum, til dæmis á Hallormsstað og á Grund í Eyjafirði þar sem fundist hafa sjálfssánar lindifur. Meira hefur verið gróðursett af lindifuru frá aldamótum og gæti fólk farið að tak aeftir tignarlegum lindifurum hér og þar á komandi áratugum og vonandi öldum. Mikilvægt er að leyfa komandi kynslóðum að upplifa öldunga meðal trjáa, bæði í skógunum og í þéttbýli. Gómul og stór tré gegna sérstóku hlutverki, bæði fyrir menn og lífkerfi.

Pétur Halldórrsson
kynningarstjóri.

Aukinn skilningur á júgurheilbrigði er mikilvægur hlekkur í baráttunni gegn júgurbólgu.

Mynd / IDF

Heilbrigrt júgur inniheldur fjölbreytta flóru af bakteríum

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

þróun gert það að verkum að númerið er hægt að greina í þaula ólíkar bakteríur, hvernig þær tengjast, ættkvíslir o.s.frv. Fyrir vikið hefur vísindaþólkum um allan heim öðlast nýja sýn og aukinn skilning á samhengi hlutanna, m.a. hvernig bakterifusamfélagið í júgrí í raun vinnur. Aukinn skilningur á þessu er mjög mikilvægur hlekkur í baráttunni gegn júgurbólgu, að þekkja hið náttúrulega samfélag bakteríá í júgrinu, hvernig það tengist líffræðilegum vörnum kúa og hvað gerist þegar sjúkdómsvaldandi baktería fær aðgang að júgrinu og myndar júgurbólgu.

Öll mjólk með einhverjar bakteríur

Í mjólk frá kúm, sem ekki eru með neina sýkingu, mælist alltaf einhver baktería og það oft á bilinu 1.000 til 10.000 bakteríur í hverjum millilítra mjólkur.

”Í mjólk frá kúm, sem ekki eru með neina sýkingu, mælist alltaf einhver fjöldi baktería og það oft á bilinu 1.000 til 10.000 bakteríur í hverjum millilítra mjólkur ...“




Mynd / Myndasafn Bl

Gamla myndin:

Mjólkurpóstur á Laugavegi

Mjólkurpóstur á Laugavegi í Reykjavík er myndin titluð og er frá árinu 1949. Þjónusta mjólkurpósta var alltíð hér á árum áður og segja sögur að drengir allt niður í níu ára gamlir hafi haft þann starfa. A síðu þjóðminjasafnsins birtast frásagnir nokkurra sem gegndu þessu hlutverki og segir einn frá því að hafa byrjað hvern morgun á að mjólká kýrnar, fylla mjólkina á glerflóskur, setja þær í ullarsokká og á klifbera á hestí. Teyma svo hestinn 5 km leið, útbýta flóskum á heimili og safna saman þeim flóskum sem tómar voru. Þetta var ærinn starfi enda gátu dagarnir verið langir.

Í heftinu Friðarboðinn og vinarkveðjur frá árinu 1941 kemur fram í bréfi Júliusar Zoëga skálds frá Svalbarða til vinar síns, Jóhannes Kr. Jóhannessonar skálds, trúsmíðs og útgefanda fyrrnefndar tímartins að nóbelsverðlaunaskáldið okkar, Halldór Laxness, hafi nú einmitt gegnt starfi mjólkurpósts. Ekki lætur Július vel af Halldóri og segir ma. „Meðal íslenskra rithófundar virðist það nú vera í tíska, að veikja upp slíka dáindisdrauga og láta þá ganga aftur í kjólfötum 20. aldarinnar. Upphafsmáður þessarar óþjóðlegu og ókristilegu iðju er heiðinginn Halldór Kiljan Laxness, fyrverandi mjólkurpóstur ...“ Mjólkurfernurnar sem við þekkjum í dag voru svo teknar í gagnið upp úr miðri 20. öld. /sp



Rannsóknin leiddi í ljós mikinn mun á bakteríusamfélagi, jafnvel milli spena. Hver kirtill er sjálfstæð eining og getur hýst mismunandi bakteríusamfélög.

Mynd / AHV

Safnað var spenasýnum frá hverjum júgurhluta heilbrigðra kúa á tveggja til þriggja vikna fresti, í fimm mánuði. Bakteríurnar í mjólkinni voru svo greindar með raðgreiningu og sýndu niðurstöðurnar að nánast öll sýnin inniheldu tegundir af ættkvíslunum Stafylókokkar og Coryne bakteríum. Auk þessara ættkvísla leiddi verkefnið í ljós mikinn mun á bakteríusamféluginu í mismunandi sýnum og einnig í sýnum sem komu þó úr sömu kúnni. Þessi niðurstaða undirstrikkar fyrst og fremst það sem þegar var vitað, að hver kirtill er sjálfstæð eining og getur því hýst mismunandi bakteríusamfélög.

Í rannsókninni kom einnig í ljós að bakteríusamfélög er afar breytilegt frá einum tíma til annars og sveiflaðist mikið á þessu fimm mánaða tímabili. Þannig kom t.d. í ljós að ættkvíslir sem ekki fundust í kirtli eina vikuna mældust mögulega í miklu magni við næstu sýnatökum og hurfu svo á braut á ný. Þessar sveiflur í bakteríusamféluginu tengdi vísindafólk ið jafnframt við hækkaða frumutölum mjólkur.

Hvað gerist í júgrinu?

Til þess að skoða nánar hvað það er sem gerist í júgrinu þegar frumutalan hækkar, þá valdi vísindafólk ið fimm kýr sem voru með stöðuga og lága frumutölum dagana fyrir sýnatökudag og aðrar fimm sem voru með háa frumutölum (yfir 100.000 frumur/ml) dagana fyrir sýnatökudag. Hinar frumuhærrar kýr voru þó ekki með sýnilega júgurbólgu og því í raun litið á þær sem heilbrigðar, þrátt fyrir hina háu frumutölum. Þegar sýnin frá þessum kúm voru rannsokuð nánar kom í ljós að hjá þeim kúm þar sem frumutalan var lág, var bakteríusamfélög afar fjölbreytt og engin ein ættkvísl áberandi sterk. Þessar bakteríur virtust lifa saman í ákveðnum jafnvægi og án ríkjandi ættkvíslar.

Niðurstöður þessa rannsóknarverkefnis benda til þess að fjölbreytt bakteríusamfélag í júgrí sé mikilvægt fyrir júgurheilbrigði, þar sem slík flóra fannst var frumutalan lægri og júgríð almennt heilbrigðara.

Með þessa vitnesku að vopni verður mögulega hægt að kynbæta betur og hráðar fyrir auknu júgurhreysti, nokkuð sem gagnast öllum kúabændum. Þá gæti þessi nýja þekking einnig leitt til bættra leiða til að takast á við sýkingar eða öllu heldur hættu á sýkingum út frá því hvaða bakteríuflóru er að finna í spenasýnum.

Nánar má lesa um þessa áhugaverðu rannsókn Anja Ruud Winther o.fl. í netriti *Animal Microbiome: Longitudinal dynamics of the bovine udder microbiota*.

LANDSTÓLPI

FUSION 4 PLUS

McHale FUSION 4 PLUS vélarnar voru kynntar til sögunnar fyrir rúmu ári síðan. Vélarnar eru búnar að reynast vel og mikil ánægja er með breytingarnar sem hafa verið gerðar.

Áramótaverð: 15.734.000 kr.

Verð frá: 16.390.000 kr.

Bæklingnum hefur nú verið dreift á alla bæi landsins! Flott áramótaverð sem gilda ef pantað er fyrir 19. janúar!

VÉLAR OG LANDBÚNAÐUR

2024

DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbill
Burður 1280kg

TILBOÐSVERÐ
2.900.000-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

**VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI „VERÐ FRÁ“**

EXIDE



Startaðu betur í vetur

Thomas A. Edison fann ekki bara upp ljósaperuna, hann kom einnig að þróun fyrstu rafgeymanna fyrir Exide. Allt frá því um aldamótin 1900 hefur Exide því verið í fararbroddi þegar kemur að traustum og áreiðanlegum rafgeymum fyrir allar tegundir bifreiða, landbúnaðartækja, lyftara og annarra farkosta.

Pantaðu á **olis.is** eða hafðu samband í síma **515 1100**

olis

Óvenjuleg litaafbrigði út af Ellerti frá Baldurshaga

Það er eitt af markmiðunum í íslenskri hrossarækt að viðhalsa erfðabreidd í stofninum.

Það gengur þó ekki vel því framkvæmd ræktunarstefnunnar er þannig háttá og henni fleytt þannig fram að hún prengir í raun sífellt að erfðabreiddinni.

Það er því meira en lítt viðburður þegar fæðist hross sem faer nýjan erfðaþátt inn í stofninn og auðgar hann þannig að erfðabreidd. En það gerðist einmitt austur í Landeyjum fyrir áratug.



Páll Imsland.

Hinn 1. júní 2013 kastaði Kengála frá Búlandi sínu síðasta folaldi. Strax var ljóst að hér kom í heiminn óvenjulegur gripur, svona litmynstur hafði enginn séð hér áður. Þetta mynstur fékk síðan nafnið ýruskjótt. Það lýsir sér þannig, að haus er mikið til hvítur, breið- eða glámblesóttur og jafnvel hjálmóttur og augun eru yfirleitt með ísbláu mynstri, hringjum eða vöglum. Lappir eru hvítar, yfirleitt hátt upp á leggi eða alveg undir kvið. Bolurinn er hins vegar í lit en einkennist af því að í litaða hlutanum eru hvítar yrjur í mismiklu magni. Þessar yrjur gefa mjög sérkennandi útlit, ólíkt því sem við erum vön í íslenskum hrossum.

Pessi óvenjulega útlitandi foli hlaut nafnið Ellert og er frá Baldurshaga, IS2013180518, raktaður og í eigu Baldurs Eiðssonar. Ellert er bleikálóttur ýruskjóttur. Hann er nú reyndur, bæði sem reiðhestur og stóðhestur og hefur reynst fyrirmundargripur í alla staði. Í tilefni af tímum afmæli Ellerts og af þeirri reynslu sem á hann er komin og í ljósi þess framlags sem hann hefur lagt hrossastofninum til, ákváðu Hrossarektarsamtök Suðurlands að heiðra Ellert með verðlaunabíkar á hastráðstefnu Fagráðs í hrossaraækt hinn 3. desember síðastliðinn.

Fjölbreytt ásýnd ýruskjótt

Ellert er, séður í þessi ljósi, án efa einn merkilegasti, ef ekki sá almerkilegasti, hestur sem hér á landi hefur fæðst. Hross sem minna á ýruskjótt og eru með svipað mynstur og Ellert eru bekkt í nokkrum hrossastofnum en eru ekki með nákvæmlega sömu erfðagerð og Ellert.

Ellert er undan frábærum foreldrum og með sterkar ættir á bak við sig. Faðir hans er Sær frá Bakkakoti, sem er Orrasonur undan hinni fragu Ófeigsdóttur Sælu frá Gerðum. Svo er Ellert undan Kengálu frá Búlandi, sem á Kolskegg frá Kjarnholtum að afa í báðum ættum. Sjálfur er Ellert fyrirmundar AA-hestur, sýndur upp á 8,27 fyrir kynbótadómi (aðaleink. 8,4 án skeiðs og 8,32 fyrir hæfileika án skeiðs). Undan Kengálu er einnig stóðhesturinn Arthúr frá Baldurshaga, AA-hestur sem hlotið hefur einkunnina 8,69 fyrir kynbótadómi (aðaleink. 9,12 án skeiðs og 9,30 fyrir hæfileika án skeiðs).

Ellert hefur þegar eignast um 200 afkvæmi (um 170 eru nú í WorldFeng). Sumarið 2023 hefur einnig heilmikið af afkvæmum Ellerts, bæði hryssum og folum eignast afkvæmi og það er eiginlega fyrst með þeim sem við fórum að sjá alls konar fjölbreytileika í ásýnd ýruskjóttus.

58% afkvæma ýruskjótt

Við megum eiga von á því að á næstu árum sjáum við af og til afkomendur Ellerts sem bera ytri einkenni í lit og mystrum sem við erum ekki vön og höfum ekki séð fyrr. Nú fara t.d. að koma í ljós afkomendur hans og hryssa sem bera rautt litarefni, rautt, bleikt og leirljóst og sameina það ýruskjóttu, en Ellert gefur þá lit ekki sjálfur. Hann gefur aðeins brúnt litarefni og þar af leiðandi aðeins grunnlitina brúnt og jarpt og lýstu litina móálótt og bleikálótt, moldótt, vindótt og muskótt (glóbrúnt). Muskótt ýruskjótt hefur reyndar ekki fæðst enn enda er muskótt vandræctaður litur.

Einnig er ljóst orðið að ýruskjóttu mynstrið tekur á sig mjög breytilegt útlit með tilliti til þess hversu mikill hluti háranna á kroppnum er hvítur og hversu mikið er í lit. Yrjurnar á bolnum geta þakið allt frá því nærrí 100% og niður undir 0%. Ýruskjóttu hrossin eru því afar misdókk á bolinni. Ekki hafa enn fæðst folold undan báðum foreldrum ýruskjóttum, svo enn vitum við ekki hvaða mynd arfheint ýruskjótt mynstur tekur á sig. Að því kemur þó í framhaldi ræktunarinnar á ýruskjóttu að þetta gerist og verður gaman að sjá árangurinn.

Varteikn sjaldgæfu

Það eru þegar komin í heiminn tvö folold út af Ellerti sem bera afar sérkennileg mynstur, mynstur sem sjaldan hafa sést fyrir í íslenskum hrossum. Þetta eru svo kölluð varmynstrum eða varteikn, varblesa og varstjarna í þessum tilvikum.



Ellert frá Baldurshaga er glæsilegur hestur.

Mynd / Liga Liepina

Varteikn eru í últiti eins konar andhverfa hvítra smámynta á haus hrossa, blesa, stjarna og svo framvegis. Úlitsmunurinn er sí að varteikn eru í lit, sama lit og hrossið, en hvítt er umhverfis þau. Svo virðist sem varteikn eigi auðveldara uppdráttar í hrossum með skjóttar erfðir en í einilitum. Ef til vill eiga þær líka auðveldara uppdráttar með ýruskjóttu en öðrum skjóttum mynstrum, en það verður framtíðin að leiða í ljós.

Annað þessara varmynstra er í fola frá síðastliðnu vori, Prins Greifa frá Baldurshaga, sem mynd er af á forsíðu blaðsins, en hann er brúnn ýruskjóttur með svarta varblesu á hvítum haus. Þetta er eftir því sem best er vitað fyrsta varblesan sem sést hefur á íslensku hrossi.

Prins Greifi er undan Ellertssyninum Ófeigi frá Baldurshaga sem er móálóttur

88,3% afkvæma fædd á Íslandi

ýruskjóttur og Ekkju frá Nesi sem er sótrauð, vindfext, breiðblesótt og leistótt, arfblendin slettuskjótt.

Hitt varmynstrið er í jarpri skjóttri hryssu, Jöklalínú, fæddri í Sölvholti síðastliðið vor. Jöklalíná er mikið hvít með nokkra smáa jarpa og jarpyrjóttar flekki og svo stóra jarpa varstjörnu á hvítum haus. Jöklalíná er undan Ellertssyninum Valentínus frá Sölvholti, sem er jarpur og bæði ýruskjóttur og litföróttur, fyrsta hrossið sem ber ýruskjótt og litförótt mynstur saman. Svo er Jöklalíná undan Heklu



Prins Greifi frá Baldurshaga, undan syni Ellerts, fæddur vorið 2023, er brúnn ýruskjóttur og með varblesu. Varteikn eða varmynstrur eru sjaldgæf og má lýsa últiti þeirra sem eins konar andstæðu venjulegra hvítra teikna eða smámyntra sem koma fyrir á haus hrossa. Teiknið ber þá sama lit og hrossið en er umlukioð hvítu.

Mynd / María Guðny Rögnvaldsdóttir

Valentínus frá Sölvholti, undan Ellerti og Gerplu frá Kaldbak, er fyrsta folaldið sem fæðist ýruskjótt og litförótt. Hann ber jarpan grunnlit.

Mynd / PI





Árdagur frá Sölvholti, undan Valentínusí og þrumu frá Sölvholti, er fyrsta rauða ýruskjóttta folaldið.

Mynd / PI

Aett Ellerts frá Baldurshaga

F: Sær frá Bakkakoti 1997 móálóttur	M: Kengála frá Búlandi 1990 bleikálótt
FF: Orri frá Þúfu 1986 brúnn	MF: Sörla frá Búlandi 1985 móbrún nosóttur
FFF: Otur frá Sauðárkróki 1982 brúnn	MFF: Kolfinnur frá Kjarnholtum I 1981 jarpur
FFM: Dama frá Þúfu 1983 brún	MFM: Silja frá Hvolsvelli 1981 móbrún
FM: Sæla frá Gerðum 1983 bleikálótt skjótt	MM: Bleikskjóna frá Búlandi 1986 bleik skjótt
FMF: Ófeigur frá Flugumýri 1974 bleikálóttur	MMF: Kolfinnur frá Kjarnholtum I 1981 jarpur
FMM: Fífa frá Kópavogi 1970 svört skjótt	MMM: Móskjóna frá Búlandi 1981 móskjótt

frá Sölvholti sem er jörp skjótt og slettuskjótt. Jöklalína er einstök að tvennu leyti, bæði fyrir að bera varstjörnuna og fyrir það að hún ber að öllum líkendum gen fyrir öllum þrem skjóttu mynstrumum sem finnast í íslenska hrossastofninum, hefðbundnu flekkjaskjóttu og slettuskjóttu og ýruskjóttu.

Tilkomur þessara tveggja folalda með varmynstur eða varteikn gefa líklega vísbendingu um að við eignum eftir að sjá fleira óvenjulegt á næstu árum í ræktun út af Ellerti. Enda er það eðli málssins að með annarri, þriðju og síðari kynslóðum komi fleira í ljós en í fyrstu kynslóðinni.

Pá fara ýruskjóttu erfðirnar að spila með fleiri og fleiri litum og litmynstrum og möguleikarnir í fjölbreytni vaxa. Við eignum enn eftir að sjá afkvæmi ýruskjótt og grás og ýruskjótt og arfhreins slettuskjótt, svo dæmi séu tekin um möguleika sem gefið gætu eithvað óvenjulegt. Flest bendir til þess að á síðastliðnu sumri hafi fæðst fyrsta

Höfundur er jarðfræðingur & áhugaþaður um íslenska húsdýrastofna.



Jöklalína frá Sölvholti, undan Valentínusí, syni Ellerts, er jörp ýruskjótt. Hún er líklega einnig með gen fyrir bæði slettuskjóttu og hefðbundnu flekkjaskjóttu og er með stóra jarpa varstjörnu.

Mynd / PI

Matvaelasjóður opnar fyrir umsóknir í febrúar

Matvaelasjóður opnar fyrir umsóknir 1. febrúar 2024 vegna fimmtu úthlutunar sjóðsins. Umsóknarfrestur er til miðnættis 29. febrúar 2024.

Hlutverk Matvaelasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísu.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins www.matvaelasjodur.is og umsóknum er skilað í gegnum umsóknarkerfið Afurð.



Matvaelasjóður

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundurgreina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.

Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.



**ÚRVINNSLU
SJÓÐUR**

Að auka lífræna ræktun – getum við lært eitthvað frá Þýskalandi?

Annað hvert ár fer fram sérstök vísindaráðstefna um lífræna ræktun í Þýskalandi, Sviss eða í Austurríki. Pessi ráðstefna er þekkt sem miðlægur vettvangur fyrir vísindamenn aðallega, en einnig taka þátt ráðgjafar í lífrænni ræktun, hagsmunaaðilar og embættismenn.



Á þessum ráðstefnum er rætt um nýjustu rannsóknir ðurðnar í lífrænni ræktun á öllum sviðum. Að venju er þarna fólk frá háskólanum Kassel-Witzenhausen. Á ráðstefnum er kjörið teknifari til að uppfæra þekkingu, mennta sig meira í lífrænni ræktun og viðhaldha og stækka tengslanetið.

Markmið þýsku ríkisstjórnarinnar og Evrópusambandsins

Vorð 2023 var á þessari ráðstefnu sérstaklega rætt um hvaða rannsóknarverkefni skipta máli og hvernig að hanna rannsóknir í framtíðinni sem styðja við útbreiðslu lífræns landbúnaðar. Þýsk stjórnvöld stefna að því að 30% landbúnaðarlands verði lífrænt vottað árið 2030. Stefna Evrópusambandsins er 25%.

Markmiðið er metnaðarfullt, því árið 2022 var hlutfall lífræns ræktunarlands í Þýskalandi aðeins 11,3%. Þetta þýdir að stefnt er að 12% árlegum vexti í aðlögun þýskra bænda frá hefðbundinni ræktun yfir í lífræna ræktun.

Í ljósi loftslagsbreytinga, taps á líffræðilegum fjölbreytileika, sifellds vaxandi fólkssjölda í heiminum og takmarkaðra auðlinda verður að sameina alla krafta í því skyni að umbreyta landbúnaði og matvælaframleiðslu með nýri hugsun og nýjum aðgerðum.

Þetta snýst um sjálfbærari nýtingu auðlinda, aðlögun að breyttu veðurfari og að hægja á loftslagsbeytingum, styrkja



líffræðilegan fjölbreytileika og hollustu matvæla. Lífræn ræktun er kerfismiðuð nálgun, sérlega auðlindasparandi, umhverfisvænt og sjálfbært framleiðslukerfi. Framtíðarrannsóknir verða því að stuðla að möguleikum lífrænnar ræktunar og matvæla eftir allri virðiskeðjunni og þróu hagnýtar lausnir fyrir núverandi spurningar til að bæta kerfið enn frekar. Auk þess er mikilvægt að skoða betur snertifleti við neytendur með tilliti til vœntingar þeirra um „lífrænt“.

Til að ná 30% markmiðinu er mikilvægt að bæta alla virðiskeðjuna í lífrænum landbúnaði allt frá frumframleiðendum til neytenda. Ryðja þarf úr vegi hindrunum. Auðvelda þarf bændum skiptingu yfir í lífræna ræktun, styðja þarf við markaðspróun og mikilvægar hagnýtar rannsóknir og koma markvissar að þekkingarmiðlun til notaða. Til þess að ná þessum markmiðum þarf áþreifanlegar aðgerðir, þar sem allir í virðiskeðjunni eru með. Markmiðið er að leggja til áætlun fyrir stjórnvöld sem á að efla lífrænan landbúnað og matvælaframleiðslu í Þýskalandi.

Nauðsynlegar rannsóknir til að auka lífræna ræktun í Þýskalandi

Haldin var vinnustofa undir heitinu „Hvaða rannsóknir þurfum við til



að ná 25% markmiðinu í lífrænni ræktun?“ Vinnustofan var vettvangur til að kynna hagsmunaaðilum þörfina á rannsóknarskipulagi, telja upp forgangsranneksóknir og aðferðir við þekkingarmiðlun. Áður en vinnustofan var haldin fór fram forvinnan til að móta rannsóknartillögur á öllum fræðasviðum lífræns landbúnaðar.

Rannsóknir hafa grundarþýðingu fyrir framtíðartækifæri samfélaga og eru sérstaklega nauðsynlegar til að auka lífræna ræktun og lífræna matvælaframleiðslu. Það á að reyna að ná eftirfarandi markmiðum:

a) þróu áfram lífræn framleiðslukerfi og auka framlag þessara kerfa til samfélagsins þegar kemur að loftslagsvernd, líffræðilegum fjölbreytileika, auðlindavernd,

vatnsvernd, heilbrigði og frjósemi jarðvegs, heilbrigði og velferð dýra, gæði matvæla og matvælaöryggi,

b) minnka hindranir og erfiðleika, sem tengjast aðlögun í lífrænni ræktun,

c) tilgreina nánar hugmyndir við gerð rammaskilyrða og mælikvarða í vistvænum framleiðslukerfum eftir allri virðiskeðjunni.

Í ljósi aukinnar útbreiðslu lífrænnar ræktunar og matvælaframleiðslu er brýn þörf fyrir vexti innviða, mannauds með þekkingu í lífrænni ræktun og fjármagns til nýliða í greininni auk eflingar tengslanets.

I málstofum var fjallað nánar um rannsóknarviðfangsefni og rannsóknarinnvið fyrir mismunandi greinar tengdar lífrænni ræktun:

- Með fjárhagslegum stuðningi verður að auka dýra- og plöntukynbætur þannig að vistvænni afbrigði öflugra tegunda séu í boði fyrir lífræna ræktun.

- Þróu þarf fjölbreytt sáðskiptakerfi sem eru aðlöguð hverjum stað og þar sem belgjurtir, blönduð ræktun með tveimur eða fleiri tegundum samtímis og túnrækt gegna lykilhlutverki.

- Þróu þarf auðlindasparandi ræktunaraðferðir.

- Heildræn nálgun þar sem jarðog búfjárrækt er samtvinnuð og óaðskiljanlegir hlutar í sjálfbærum lífrænum kerfum.

- Hagræða í dýrahaldi en jafnframt bæta heilsu og velferð dýra.

- Stækkan lífræns landbúnaðar og matvælaframleiðslu getur aðeins tekist ef mataræði og þar með landbúnaðar- og matvælakerfið í heild er endurskoðað.

- Lífræn matvælavinnsla og lífrænt mataræði þarf að styrkja með rannsóknum og miðla þarf þekkingu um lífræna næringu og grænkerfæði til neytenda.

- Setja sér markmið að fólk borði svæðisbundin hágæða lífræn matvæli sem eru unnar með miklum vinnslugaðum á vistvænan hátt og sem byggjast á plöntum í auknum mæli.

- Mikilvægt er að auka hlut lífrænnar rétta á veitingastöðum og mótneytum.

- Endurskoða ímyndina af „dýrum“ lífrænum vörum og skapa stærri sölumarkað.

- Nauðsynlegt er að hafa fastráðna starfsmenn með menntun í þverfaglegum rannsóknum til að

byggja upp hæfni, stuðla að og styrkja miðlun yfir venjulegan verkáætlunartíma (3-5 ára).

- Styðja þarf unga fræðimenn til starfs og menntunar í lífrænni ræktun og matvælaframleiðslu.

- Athuga þarf hvort eigi að búa til viðeigandi fjármögnunaráælanir fyrir aðstoðarfólk í rannsóknum.

- Miðla þarf sérstökum eiginleikum lífræna geirans í þjálfunarstarfi og á námsbrautum.

- Styrkja þarf verkefni hraðar og efla þarf þverfagleg og langtíma rannsóknarverkefni með þátttöku frá ráðunautum og bændum.

- Viðhald af rannsóknarinnviðum sem byggjast upp í verkefnum er mikilvægt og mun hafa ávinnung umfram þessi tiltekin verkefni.

- Rannsóknarniðurstöður nýtast aðeins ef þær nái til réttra markhópa. Til að efla þekkingarmiðlun eftir virðiskeðjunni þarf „verkfærakassa“ með árangursrikum leiðbeiningum sem rannsakendur og ráðunautar hafa útbúið fyrir framleiðendur.

- Mikilvægt er að nýta upp reynsluþekkingu fyrir hagnýtar lausnir.

Hvað þarf að gera á Íslandi til að efla lífræna ræktun?

Vafalaust geta íslensk stjórnvöld nýtt sér einhverjar hugmyndir frá Þýskalandi varðandi eflingu á rannsóknum tengt lífrænni ræktun, stækkan rannsóknarinnviða og þekkingarmiðlun.

Par ætti að miða við að sjónarhorn lífrænnar matvælaframleiðslu á Íslandi sé til fyrirmynðar og efla þannig lífræna matvælaframleiðslu á Íslandi.

Pað er óumdeilt að gera þarf umfangsmikið átak til þess að lífræn ræktun geti nýtt möguleika sína til að leysa áskoranir í greininni. Hlutfall landbúnaðarlands með lífræna vottun er mjög lítið og hefur heldur ekki hækkað í mörg ár.

Að auki, samanborið við önnur Norðurlönd, er tiltölulega lítill þekking og reynslu til um lífræna ræktun meðfram allri virðiskeðjunni á Íslandi og er því brýn þörf á að efla þekkingu í heild sinni á öllum sviðum. Pað vantart því mannauds erlendis frá í nánast öllum starfsgreinum.

Pó að drög að fyrstu áætlun um eflingu lífrænnar ræktunar sem unnin hefur verið á vegum stjórnvalda séu komin út, eru hér nokkrar tillögur til að efla lífræna ræktun sem tengjast

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna
Laugaveg 178
Sími: 551 6770
www.vesturstrof.is

All-Weather Lever Action Side Gate .30/30 Win
Kr. 219.000

Cal 22 ,22 Mag, 17 HMR
Kr 114.900 -124.900

Henry Lever Action X Model .45-70 og 30-30 Win
kr 199,900

fyrst og fremst rannsóknunum og kennslu á einhværn hátt:

• Umtalsverð aukning á opinberu fjármagni er nauðsynleg, meðal annars til rannsókna og tilrauna í lífrænni ræktun fyrir íslenskar aðstæður og til að miðla þekkingu til nemenda, ráðunauta, bænda og fleiri hagsmunaaðila. Þar sem það tekur tíma að þróa nýja þekkingu og innleiða núverandi þekkingu, er mjög brýnt að skapa nauðsynlega umgjörð svo hægt sé að ná fram hagnýtum niðurstöðum fljótt og hrinda í framkvæmd til að leysa núverandi hindranir.

T.d. ætti að hefjast handa strax við að hanna langtímatilraunir í

“ Hlutfall landbúnaðarlands með lífræna vottun er mjög lítið og hefur heldur ekki hækkað í mörg ár ... ”

jarð- og ylrækt eins og finnast í öðrum löndum og eru nú þegar búin að vera mörg ár í gangi. Óskandi væri ef stjórnvöld mundu veita ákveðnu fjármagni ár hvert til háskóla – óháð rannsóknarefnini – til að geta rannsakað hvað brennir á hverju sinni í lífrænni ræktun. Til þess væri ráðlegt að tilnefna hóp sem samanstendur af vísindamönnum, ráðunautum, bendum, hagsmunaaðilum og stjórnvöldum til að ákveða rannsóknartillögur til framtíðar sem nauðsynlegt er að takast á við. Þannig væri hægt að hefja rannsóknir með frekar stuttum fyrirvara og spara verðmætan tíma sem fer í að skrifa umsóknir. Fyrir minna brýn verkefni ætti áfram að sækja um í samkeppnissjóði.

• Það er staðreynd að Ísland er lítið land og allt sem er gert erlendis er einfaldlega ekki hægt að gera hérlandis. Í dag er ekki hægt að bjóða upp á sérstaka námsbraut um lífræna framleiðslu á háskólastigi á Íslandi, þar sem flesta innviði og mannað skortir. Valnámskeið í lífrænni ræktun hefur verið í boðið hjá LbhÍ, sem hingað til hefur ekki verið mikil eftirsótt. Þess vegna er í dag ekki mögulegt að bjóða upp á heila námsbraut á háskólastigi í lífrænni ræktun

hér á landi. Hins vegar væri það metnaðarfullt framtíðarmarkmið. En það verður ekki byggð aður en húsið sjálft er byggt. Fyrst þarf að hugsa um sökkulinn af húsinu (grunnþekking). Svo væri hægt að bjóða upp á grunnámskeið í lífrænni ræktun sem skyldunámskeið, þó ekki við upphaf háskólanáms, þar sem nemendur þurfa fyrst að nálgast grunnþekkingu á nokkrum sviðum. Það er enn meira árifandi í lífrænni ræktun, þar sem er miklu meiri tenging milli mismunandi fagsviða en það er í hefðbundinri ræktun. Því mun grunnámskeið í lífrænni ræktun skila sér meira seinna í náminu, sem jafnvel getur verið grunnur fyrir því að vekja áhuga nemandans til að skrifá ritgerð um þessi efni og auka þannig t.d. framboð á lífrænum tilraunum.

• Almennt vantar sérfraðinga með menntun í lífrænni ræktun og matvælaframleiðslu til starfa. Það þarf að skoða hvaða sérfraðingar/mannauður eru nú þegar búsettur á Íslandi með menntun eða þekkingu í lífrænni ræktun. Það er ávinnungur af fólk sem hefur reynslu í lífrænni ræktun erlendis frá og þekkir því mun milli lífrænnar ræktunar hérlandis og erlendis. Hins vegar hefur mjög lítil eftirspurn verið eftir þeirra reynslu hingað til. Það þarf að gefa þeim tækifæri, spryja og kynnast þeirra reynslu.

• Það þarf að auðvelda aðlögunarferli í lífrænni ræktun og efla markaðssetningu til að auka eftirspurn og framboð. Til að ná árangri á nú þegar starfandi lífrænum bæjum og til að auka vilja til aðlögunar, er miðlun sérfraðipekkingar, frekari þróun lífrænnra ræktunaraðferða ásamt fjölbreytileika ræktunartilrauna nauðsynlegt.

• Rannsóknarniðurstöðum þarf svo að miðla til bænda t.d. í formi verksærakassa og getur ráðunautur verið tengiliður milli vísindamanna og bænda. Hins vegar er enginn starfandi ráðunautur sem starfar eingöngu við lífræna ræktun á Íslandi.

Stækkun lífrænnar framleiðslu á Íslandi er ferli sem stjórnvöld purfa betur að koma á framfæri við efnahagslífið og vísindin en nú er gert.

Höfundur er lektor hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Snjallar lausnir



Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is

Kaupfélag Borgfirðinga fagnar 120 ára afmæli.

EKKI MISSA AF FRÁBÆRUM AFMÆLISTILBOÐUM Í HVERRI VIKU INN Á www.kb.is



Sendum um allt land

WWW.KB.IS



Klippur og beygjuvélar



Stroffur
Naglar
Víralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

Framkvæmdarsvæði

Við bjóðum margar góðar lausnir á aðstöðu fyrir starfsmenn og stjórnendur á framkvæmdarsvæðum. Auðvelt og fljóltlegt er að setja upp skrifstofur, gistiiningar og salerni í stærðum og gerðum sem hentar best hverju einstaka verkefni.

Stólpi Gámar

KLETTAGARDAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS

Niðurstöður heyefnagreininga 2023 (innan sviga niðurstöður ársins 2022)

Fjöldi	þE g/kg	MLE% þe	HP g/kg þe	NDF g/kg þe	Sykur g/kg þe	AAT20 g/kg þe	PBV20 g/kg þe	NEL20 g/kg þe	
Fyrri sláttur alls	1007 (1086)	558 (522)	76,2 (76,6)	155 (150)	506 (505)	61 (62)	91 (91)	14 (9)	6,37 (6,35)
Austurland	44 (53)	496 (494)	75,9 (76,1)	147 (150)	505 (508)	65 (61)	89 (90)	9 (12)	6,32 (6,23)
Norðurland	472 (521)	530 (477)	76,7 (76,3)	160 (153)	501 (508)	61 (58)	92 (91)	18 (13)	6,44 (6,33)
Suðurland	360 (384)	593 (576)	75,8 (77,1)	151 (146)	514 (501)	62 (67)	91 (91)	10 (4)	6,31 (6,38)
Vesturland	131 (128)	585 (552)	75,7 (76,7)	151 (148)	500 (500)	58 (64)	91 (91)	10 (7)	6,31 (6,42)
Seinni sláttur alls	282 (270)	571 (556)	79,5 (78,7)	169 (164)	436 (448)	63 (63)	88 (86)	28 (26)	6,53 (6,45)
Austurland	8 (10)	540 (563)	81,8 (78,0)	167 (162)	416 (459)	79 (65)	90 (86)	24 (25)	6,74 (6,41)
Norðurland	135 (142)	558 (491)	80,0 (78,6)	169 (173)	434 (444)	65 (58)	88 (86)	29 (36)	6,55 (6,42)
Suðurland	98 (89)	610 (641)	79,1 (76,0)	169 (150)	442 (452)	62 (70)	88 (87)	28 (12)	6,51 (6,47)
Vesturland	41 (29)	526 (607)	78,8 (78,4)	167 (160)	436 (455)	58 (64)	87 (87)	28 (22)	6,53 (6,52)

Steinefni g/kg þe	Ca	P	Mg	K	Na	S	Se µg/kg þe.
Fyrri sláttur alls	3,96 (4,04)	2,89 (2,86)	2,38 (2,38)	18,8 (17,9)	1,27 (1,38)	2,28 (2,22)	371 (257)
Austurland	3,98 (3,73)	2,70 (2,81)	2,32 (2,17)	19,1 (18,1)	0,92 (0,90)	2,11 (2,24)	1266 (226)
Norðurland	4,15 (4,20)	2,86 (3,01)	2,52 (2,49)	18,2 (18,2)	1,25 (1,30)	2,33 (2,28)	311 (280)
Suðurland	3,77 (3,78)	2,90 (2,69)	2,21 (2,25)	19,9 (18,0)	1,25 (1,45)	2,25 (2,12)	340 (244)
Vesturland	3,79 (4,31)	3,03 (2,82)	2,33 (2,41)	18,2 (15,7)	1,51 (1,73)	2,22 (2,27)	372 (213)
Seinni sláttur alls	5,35 (5,02)	2,86 (3,08)	3,05 (2,91)	17,2 (17,7)	2,31 (2,18)	2,58 (2,59)	306 (193)
Austurland	4,79 (5,09)	2,87 (2,75)	2,90 (2,87)	17,3 (17,9)	2,20 (1,90)	2,80 (2,36)	1201 (193)
Norðurland	5,08 (5,11)	2,79 (3,32)	3,01 (3,06)	17,3 (19,3)	2,16 (2,16)	2,57 (2,79)	244 (210)
Suðurland	5,43 (4,72)	2,99 (2,79)	3,05 (2,68)	18,1 (16,7)	2,29 (1,98)	2,52 (2,30)	318 (181)
Vesturland	6,12 (5,45)	2,83 (2,92)	3,22 (2,92)	14,7 (12,7)	2,86 (2,96)	2,69 (2,60)	308 (151)

þE: þurrefni, MLE: Meltanleiki lífræns efnis, HP: hráprótein, AAT: amínósýrur frásogaðar úr mjólgírn, PBV: próteinjafnvægi í vömb, NEL: nettó orka til mjólkurframleidslu

Áburðaráætlanir

– Nokkrir punktar til að hafa í huga

Með nýju ári og hækkandi sól kemur að þeim tímapunkti þar sem bændur þurfa að huga að áburðarkaupum fyrir komandi vor og sumar.

Áburðarkaup eru stórr kostnaðarliður í búrekstri og því mikilvægt að vanda sig við þau, kaupa rétu tegundirnar, ekki meira en þarf en samt nóg til að spara sér ekki til skaða. Í þessari grein verða nefnd nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við gerð áburðaráætlana.

Fraðslufundur

Þriðjudaginn 16. janúar næstkomandi munu höfundar þessarar greinar halda fund á Teams um niðurstöður heyefnagreininga 2023,

vinnu við áburðaráætlanir og gögn sem má nýta sér við gerð þeirra.

Þá verða m.a. rædd ítarlegar atriði sem nefnd eru í þessari grein ásamt fleiru. Fundurinn hefst kl. 11.00 og verður tengill fyrir fundinn á heimasíðu RML.

Uppskera og heygæði

Með því að stilla saman væntingar til magns uppskeru og heygæða er gott að taka tillit til ólkska eiginleika túna innan búsinna, ræktunarsögu þeirra og fyrirhugaðra nota svo hægt sé að ná markvissari nýtingu búfjáráburðar og vali á hentugri tegund tilbúins áburðar.

Góð áburðaráætlun miðar að því að nýting þess áburðar sem



Baldur Órn Samúelsson.



Eirikur Loftsson.



Sigrður Max Jónsson.

dreift verður á ræktarlandið verði sem best, en um leið að öflun heyfengsins verði árangursrík og að hann uppfylli þarfir þess búfjáráburðar vali á hentugri tegund tilbúins áburðar.

Almennar áburðarþarfir má áætla út frá töflugildum sem m.a. má finna á heimasíðu RML, en með

því að byggja áburðaráætlunina á gögnum sem gefa upplýsingar um eftirfarandi þætti fæst mun markvissari áætlun.

- Upplýsingar um grunnfrjósemi jarðvegs
- Áburðargjöf fyrri ára. Bæði tilbúins áburðar og búfjáráburðar
- Jarðvegsgerð
- Uppskera
- Heysýni
- Jarðvegssýni
- Efnagreiningar á búfjáráburði eða öðrum lífrænum áburði á búinu
- Endurræktunarsögu

Þessi gögn er hægt að vista inn í jörð.is og geyma þar í gagnagrunni sem er ávallt aðgengilegur.

Við gerð áburðaráætlana þarf að meta áburðarþarfir spildna með tilliti til uppskeruvæntinga og fyrirhugaðra nýtingar heyförðans. Til þess þarf að reyna að átta sig á því hversu mikil af næringarefnum verði fjarlægt með uppskeru og hvaða forða af þeim jarðvegurinn geymir. Inn í það spilar m.a. áburðargjöf undangenginna ára og ræktunarsaga spildunnar. Góð framræsla og heppilegt hafa jákvæð áhrif á nýtingu þess áburðar sem borinn er á og einnig losun næringarefna úr jarðvegi og hafa með þeim hættu áhrif á áburðarþörfina.

Sýnatökur

Regluleg sýnataka úr heyjum, jarðvegi og búfjáráburði gefur góðar tölulegar upplýsingar um innihald næringarefna sem eru í hringrás innan búsinna.

Reynslan hefur sýnt að næringarefnainnihald búfjáráburðar á milli búa getur verið æði misjafnt og það sama má segja um hey- og jarðvegsefnagreiningar sem geta reyndar líka verið ólikar innan búsinna sjálfs.

” Með þessum upplýsingum er hægt að stilla betur af áburðargjöf svo að einstök áburðarefnin sem eru nauðsynleg til vaxtar og viðhalds plantna nýtist sem best og séu ekki notuð að óþörfu.”

Með þessum upplýsingum er hægt að stilla betur af áburðargjöf svo að einstök áburðarefnin sem eru nauðsynleg til vaxtar og viðhalds plantna nýtist sem best og séu ekki notuð að óþörfu. Par er helst að nefna fosfór og kalí. Með tíð og tíma geta þessi steinefni safnast upp í jarðvegi við áburðargjöf og þá getur nýting á þeim orðið leleg ef heldið er áfram að bera mikil að spildur sem eru þegar með mikinn forða í jarðvegi.

Oft er þetta tilfellið með gömul tún sem þurfa þá ekki mikla áburðargjöf af þessum steinefnum án þess að það komi niður á uppskeru. Að sama skapi ef jarðvegurinn er snauður af þessum steinefnum gæti uppskeran aukist tölverft ef bætt væri í áburðargjöf af þessum steinefnum því plönturnar þurfa nær alfarið að fá þau með áburðargjöf.

Oft og tíðum er forði fosfórs og kalís lítt í efsta jarðvegslaginu í nýræktun og nýlega ræktuðum túnum og í þeim tilfellum duga hefðbundnir túnskammtar ekki til þess að uppfylla áburðarpörf sáðgresisins.

Dreifing búfjáráburðar

Þegar fjallað er um áburðaráætlanir má ekki gleyma að um áætlun er að ræða og ekki endilega víst að allar forsendur standist þegar til kastanna kemur. Ekki er t.d. víst að dreifing búfjáráburðar verði eins og fyrirhugað var og þá er gott að geta brugðist við og uppfært áætlunina í samræmi við aðstæður.



BYKO
GERUMHETTA SAMAN

STÖÐLUD STÅLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Niðurstöður heyefnagreininga verða kynntar á fjarfundi þriðjudaginn 16. janúar kl. 11. Nánari upplýsingar má nálgast á vefnum rml.is. Mynd / RML

Síðast ber að nefna að jöfn dreifing búfjárburðar og tilbúins áburðar er forsenda góðrar áburðarnýtingar, aukin uppskera af svæðum sem fá áburð umfram áburðarfir vegur ekki upp minnku uppskeru þar sem áburðargjöf er of lítl því í fæstum tilvikum fæst tvöföld uppskera þar sem áburðardreifing var tvöfalt meiri en ráðgert var með.

Þegar vorið kemur þá hefst sá þróngi gluggi sem bændur hafa til þess að koma áburðarefnunum á sitt ræktarland svo bæði nýting áburðarefna og vaxtatímabilins í heild verði sem best. Að lokum er það veðurfar sem hefur áhrif á sprettu og hve hröð nýting áburðarins verður fyrir komandi uppskerutíð.

Niðurstöður heyefnagreininga

Í töflu eru birtar niðurstöður heyefnagreininga ársins 2023. Til samanburðar (innan sviga) eru þar einnig niðurstöður frá 2022.

Taflan sýnir meðaltöl fyrir fyrri slátt annars vegar og seinni slátt hins vegar og í báðum tilvikum landsmeðaltal og meðaltöl landsfjórðunganna.

Vorið 2023 var víða blautt og tafði það jarðvinnslu og áburðargjöf talsvert víða á landinu. Jarðvegur var einnig kaldur af þessum sökum, spretta hæg og upptaka grasa á næringarefnunum lítil. Á öllum svæðum var tíðarfar hagstæðara og hófst sláttur þar með fyrra móti.

Mun á árferði má stundum sjá í niðurstöðum heysýna en þann mun er oft auðveldara að greina í niðurstöðum einstakra búa eða minni landsvæða en í landsmeðaltali

éða meðaltolum landsfjórðunga. Í þessum niðurstöðum má sjá að hey eru heldur þurrari árið 2023. Meltanleiki fyrri sláttar er minni 2023 en 2022 nema á Norðurlandi er hann litlu hærri. Meltanleiki annars sláttar er hærri í öllum landshlutum 2023. Prótein í heyjunum er að jafnaði meira árið 2023.

Kalsíum er lægst í fyrri slætti á Suður- og Vesturlandi en hærra í seinni slætti en í öðrum landshlutum. Kalí er hærra í fyrri slætti 2023 en árið á undan og er hækun milli ára mest á Vesturlandi. Í seinni slætti er kalí í heyjunum einnig hærra 2023 en 2022 á Suður- og Vesturlandi en lægra á austan og norðanverðu landinu.

Meðaltöl mælingar á selen vekja athygli. Meðaltöl ársins eru hærrí í öllum landshlutum árið 2023 en árið 2022, fyrir báða slætti. Undanfarin ár hafa sést stöku mælingar á selen sem eru mjög háar en þannig tilvik eru fleiri en áður 2023. Þannig mælingar eru að koma fram í öllum landshlutum.

Háar mælingar sem þessar hafa meiri áhrif á meðaltalið þegar heildarfjöldi sýna er ekki mikill og þannig kemur fram mikill munur milli ára á tölunum fyrir Austurland. Ef styrkur selens er yfir 2.000 µg/kg þe í fóðri þarf að hafa varann á sér varðandi selen eitrun með langvarandi gjöf (séristaklega fyrir hross) en þegar við erum komin upp í 4.000–5.000 µg/kg þe er orðin tölverð hættá á selen eitrun (lélegur vöxtur og tap á hárum).

Höfundar eru ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Röggi ehf.

Trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir, loftpressur, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Ölverð á heimasiðu www.rovgi.is



Deildafundir búgreina 12. - 13. febrúar 2024 Hótel Hilton Nordica Hefst klukkan 11

Skráning á bondi.is til fulltrúa fyrir búgreinar alifugla-, eggja-, garðyrkju-, geitfjár-, hrossa-, landeldis-, loðdýra- og svínadeildar er til **5. febrúar**

Sérkjör á gistingu er hægt að bóka til 15. janúar - hlekk má finna á bondi.is

Allar upplýsingar á bondi.is



UMSÓKNARFRESTUR er til og með 26.01.2024

LEKTOR Í LANDSLAGSARKITEKTÚR

Laust er til umsóknar starf lektors í landslagsarkitektúr við deild Skipulags og hönnunar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- + Byggja upp og innleiða alþjólega viðurkenndar rannsóknir á svíði landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða
- + Birta ritryndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjólegu og innlendu samstarfi
- + Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- + Leiðbeina nemendum í lokaverkefnum
- + Taka virkan þátt í faglegu þróunarstarfi og uppyggingu náms í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Guðmunda Smáradóttir, mannaudós- og gæðastjóri – guðmunda@lbhi.is – 433 5000

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélög hafa gert. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Starfsstöð verður hjá Landbúnaðarháskóla Íslands að Árteyni 22 í Reykjavík. Með umsókn skulu fylgja kynningarbréf, starfsferlskrá auk upplýsinga um meðmælendur. Við ráðningu skal leggja fram staðfestingu á doktorsgráðu. Starfslutfall er 100%

UMSÓKNARFRESTUR er til og með 19.01.2024

STAÐA NÝDOKTORS

Staða nýdoktors er laus til umsóknar til að taka þátt í verkefnið Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld, áskoranir, leiðir og ávinningur (Birkivist). Verkefnið er styrkt er af Markáætlun um samfélagsslegar áskoranir. Um er að ræða ráðningu til 12 mánuða.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- + Vinna við tölfræðileg spálfíðun fyrir breytingar á kolefnisforði í jarðvegi við framvindu náttúrulegra birkiskóga
- + Ritun fraðigreina í samráði við aðra þátttakendur í verkefnið
- + Þátttaka í verkefnafundum
- + Aðkoma að öðrum verkþáttum Birkivistar eftir þörfum

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Guðmunda Smáradóttir, mannaudós- og gæðastjóri

- guðmunda@lbhi.is – 433 5000

Ása Lovísa Aradóttir, professor – asa@lbhi.is – 433 5000

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Starfsstöð verður hjá Landbúnaðarháskóla Íslands að Árteyni 22 í Reykjavík. Með umsókn skulu fylgja kynningarbréf, starfsferlskrá auk upplýsinga um meðmælendur. Við ráðningu skal leggja fram staðfestingu á doktorsgráðu. Starfslutfall er 100%



Hæst dæmdu hross ársins 2023

Alls komu 528 hryssur og 232 stóðhestar til fullnaðardóms á árinu en dómar voru fleiri enda nokkuð um endursýningar. Alls var feldur 901 dómur sem er nokkuð í samræmi við fyrri ár þegar landsmót eru ekki haldin.

Hryssur 4 vetrar

Þriðju hæstu aðaleinkunn 8,30 hlaut Hildigunnur frá Syðri-Gegnishólum. Ræktandi og eigandi Olil Amble. Hildigunnur er dóttir Álfakletts frá Syðri-Gegnishólum og Gráhildar frá Selfossi. Hildigunnur hlaut 8,51 fyrir sköpulag og 8,19 fyrir hæfileika. Hildigunnur er fríð og glæsileg á velli með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga. Hún er viljug og þjál alhliðahryssa með 8,5 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið og 9,0 fyrir samstarfsvilja.

Næsthæstu aðaleinkunn 8,37 hlaut Nótá frá Sumarlíðabæ 2. Ræktendur eru Birgir Már Ragnarsson og Silja Hrund Júlfusdóttir en eigandi er Svarthöfði-Hrossaráækt ehf. Nótá er undan Spuna frá Vesturkoti og Flautu frá Einhamri 2. Nótá hlaut 8,08 fyrir sköpulag og 8,52 fyrir hæfileika. Hún er þjál og viljug alhliðahryssa með 9,5 fyrir samstarfsvilja, 9,0 fyrir tölt og 8,5 fyrir brokk, fet og fegurð í reið.

Hæsta aðaleinkunn ársins í þessum flokki var 8,62 sem er mógnud einkunn en hana hlaut Arney frá Ytra-Álandi. Þetta er þriðja hæsta einkunn sem fjögurra vetrar hross hefur hlutið fyrir eða síðar. Ræktandi hennar er Úlfhildur Ída Helgadóttir en eigendur eru Ragnar Skúlason og Úlfhildur Ída Helgadóttir. Arney er undan Skýr frá Skálakoti og Erlu frá Skák og er fjölhæfur alhliðagæðingur með frábærar gangtegundir en hún hlaut 8,31 fyrir sköpulag og 8,78 fyrir hæfileika. Arney hlaut 9,5 fyrir samstarfsvilja, 9,0 fyrir tölt og fegurð í reið, 8,5 fyrir brokk, skeið, greitt stökk og fet, ótrúlegar einkunnir fyrir svo ungt hross.

Hryssur 5 vetrar

Fjóla frá Garðshorni á Þelamörk hlaut þriðju hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki, 8,50. Ræktendur hennar eru Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius en eigendur eru Hlynur Kristinsson og Sporhestar ehf. Fjóla er undan Adrían frá Garðshorni á Þelamörk og Grósku frá Garðshorni á Þelamörk. Fjóla er stórglæsileg alhliðahryssa með 8,60 fyrir sköpulag en hún fékk 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Fyrir hæfileika hlaut hún 8,45, m.a. 9,0 fyrir skeið og samstarfsvilja.

Næsthæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki hlaut Hugmynd frá Svignaskarði, 8,51, eins og reyndar efsta hryssan í þessum flokki en á milli skilja nokkrir aukastafir. Ræktendur og eigendur Hugmyndar eru Guðmundur Skúlason og Valdfís Björk Guðmundsdóttir. Hugmynd er undan Apollo frá Haukholtum og Hugsýn frá Svignaskarði. Hún hlaut 8,50 fyrir sköpulag enda fríð hryssa með 9,0 fyrir bak og lend og samræmi og 8,5 fyrir höfuð og háls, herðar og bóga. Hugmynd fékk 8,51 fyrir hæfileika með 9 fyrir tölt, samstarfsvilja og fegurð í reið.

Hæstu aðaleinkunn ársins í þessum flokki hlaut Ársól frá Sauðanesi. Ræktandi hennar er Águst Marinó Ágústsson en eigendur eru Jens Peter Sonne, Maja Lykke Groth og Marianne Sonne. Ársól er undan Spuna frá Vesturkoti og Sólilju frá Sauðanesi. Ársól hlaut 8,24 fyrir sköpulag, m.a. 8,5 fyrir háls, herðar og bóga, samræmi og hófa. Ársól er viljug og fjölfært alhliðahryssa en hún er með 9,0 fyrir skeið, fet og samstarfsvilja og 8,5 fyrir tölt, brokk, hægt stökk, samstarfsvilja og fet. Ápæna er



Arney frá Ytra-Álandi. Knapi er Agnar Þór Magnússon.

Myndir / Kolla Gr.



Strengur frá Púfum. Knapi er Gísli Gíslason.

Mynd / Kolla Gr.

Hryssur 6 vetrar

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Kamma frá Margrétarhofi en hún er undan Spuna frá Vesturkoti og Kappadótturinni Hörpu frá Gunnarsstöðum I. Ræktandi og eigandi Kömmu er Margrétarhof hf. Kamma hlaut 8,59 í aðaleinkunn á síðumarsýningu á Gaddstaðaflötum. Fyrir sköpulag hlaut hún 8,16 og fyrir kosti hlaut hún 8,82 þar af 9,5 fyrir samstarfsvilja og 9,0 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið. Kamma er léttbyggð og framfallegr alhliðahryssa með mjög gott bak og lend, rúm á gangi með úrvals samstarfsvilja.

Aðra hæstu einkunn í sex vetrar flokki hryssna fékk Ápæna frá Þjóðolfshaga 1 með 8,60 í aðaleinkunn. Ápæna er undan Skýr frá Skálakoti og Örnú frá Skipaskaga. Ápæna er ræktuð af Sigurði Sigurðarsyni og Sigríði Arndísí Þórðardóttur en er í eigu Svarthöfða-Hrossaráæktar ehf. Fyrir sköpulag hlaut Ápæna 8,37 þar sem flestir eiginleikar eru með 8,5. Fyrir kosti hlaut hún 8,97, þar af 9,0 fyrir tölt, hægt stökk, samstarfsvilja og fet. Ápæna er

fasmikil í reið með þjálan og mikinn vilja þar sem skreflengd og fótburður einkenna gangtegundir.

Efsta sex vetrar hryssan er Hildur frá Fákshólum sem er undan Ölni frá Akranesi og Gnýpu frá Leirulæk. Ræktandi Hildur er Jakob Savar Sigurðsson en eigandi er Gut Birkholz GBR. Hildur hlaut í aðaleinkunn 8,65, fyrir sköpulag 8,69 og fyrir kosti 8,63. Hildur fékk 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Fyrir gangtegundir ber hæst skeiðið en hún er frábærlega vökur og hlaut 9,5 fyrir það, fyrir samstarfsvilja hlaut hún 9,0. Hildur er afskaplega vel gerð hryssa, viljug og þjál með takhreinar vel aðskildar gangtegundir þar sem rými, skreflengd og fótburður eru aðallinn.

Hryssur 7 vetrar og eldri

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Nótá frá Flugumýri II en hún er undan Blysfara frá Fremra-Hálsi og Keilisdótturinni Smellu frá Flugumýri. Ræktendur eru Páll Bjarki Pálsson og Eyrún Anna Sigurðardóttir en eigendur eru

Martin Skovsende og Eyrún Ýr Pálssdóttir. Nótá er afar vel gerð með 8,63 í sköpulag þar af 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Fyrir kosti hlaut hún 8,62 þar af 9,0 fyrir brokk og samstarfsvilja. Nótá er framfallegr, viljug alhliðahryssa með afar góða yfirlínu og kemur vel fyrir í reið, skrefmikil og lyftingargöð.

Aðra hæstu einkunn í elsta flokki hryssna fékk Kríða frá Hvammi undan Kiljan frá Steinnesi og Ópal frá Hvammi. Ræktandi og eigandi Kríða er Pétur Benedikt Guðmundsson. Í aðaleinkunn hlaut Kríða 8,68, þar af 8,06 fyrir sköpulag og 9,02 fyrir hæfileika. Hæst ber að nefna 10,0 fyrir samstarfsvilja, 9,5 fyrir skeið og 9,0 fyrir tölt, hægt tölt og fegurð í reið. Kríða er algjör gæðingur á gangi og í geði. Framganga hennar einkennist af miklum fótburði, rými og öryggi.

Hæsta hryssan í þessum flokki er gæðingshryssan Katla frá Hemlu II undan Skýr frá Skálakoti og Roðadótturinni Spyru frá Síðu. Ræktendur Kötlu eru Vignir Siggeirsson og Anna Kristín Geirsóttir en eigendur eru Anja Egger-Meier og Kronhof GBR. Katla hlaut 8,79 í aðaleinkunn og er afar vel sköpuð með 8,66, þar af 9,0 fyrir höfuð, háls, herðar og bóga, samræmi og prúðleika. Fyrir kosti hlaut Katla 8,86, þar af 9,5 fyrir samstarfsvilja, 9,0 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið. Katla er einstakur gæðingur framfallegr og samræmisgöð og skartar jafnvægisgöðri og rétti líkamsbeitingu með mykt, skrefstærð og fótburði á gangi.

Stóðhestar 4 vetrar

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Sínus frá Braðraá. Ræktendur hans eru Pétur Vopni Sigurðsson og Sigríður Pétursdóttir en eigandi er Nói Sigurðsson. Sínus er undan Skýr frá Skálakoti og Bylgju frá Sauðárkróki sem er undan Blá frá Hestí. Hann er framfallegr og samræmisgöður og er nokkuð jafn fyrir sköpulag og hæfileika. Hæfileikar hjá þessum alhliðahestu skiptast nokkuð jafnt þar sem góð skreflengd og fótburður lýsa framgöngu.

Næsthæstur fjögurra vetrar stóðhesta er Kristall frá Jarðbrú undan Kiljan frá Steinnesi og Gleði frá Svarfhóli. Ræktandi og eigandi Kristalls er Pröstur Karlsson. Fyrir sköpulag hlaut Kristall 8,16 þar af 8,5 fyrir háls, herðar og bóga og bak og lend. Heildarhæfilekar voru 8,25 þar af 9,0 fyrir samstarfsvilja. Kristall er skrefgöður, takthreinn alhliðahestur með úrvallssamstarfsvilja og hlaut aðaleinkunn upp á 8,22.

Efstur fjögurra vetrar stóðhesta er glæsigrípurinn og alhliðagæðingurinn Strengur frá Púfum. Strengur er undan Sólon frá Púfum og Kiljansdótturinni Hörpu frá Púfum.

Ræktendur og eigendur eru Mette Mannseth og Gísli Gíslason. Strengur hlaut frábæra einkunn fyrir sköpulag eða 8,74 þar af 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,60, þar af hæst fyrir greitt stökk 9,5, og 9,0 fyrir samstarfsvilja og fyrir aðra kosti 8,5. Aðaleinkunn Strengs 8,65 er önnur hæsta einkunn sem gefin hefur verið fjögurra vetrar hrossi og verður afar spennandi að fylgjast með þessum stólpagrip á komandi árum.

Stóðhestar 5 vetrar

Þriðju hæstu einkunn ársins í þessum flokki hlaut Náttfari frá Varmalæk undan Práni frá Flagbjarnarholti og Nött frá Varmalæk sem var undan Smára frá Skagaströnd. Ræktendur

Fjöldi afkvæma	Meðalaldur	Hæð á herðar	Framhæð	Baklína	Fotahæð	Sköpulag	Hæfileikar	Aðaleinkunn	Hæfileikar án skeiðs	Aðaleinkunn án skeiðs	Kynbótamat aðaleinkunnar
Skýr frá Skálakoti	37	5.8	143.4	11.4	6.0	14	8.32	8.07	8.16	8.26	8.28
Konsert frá Hofi	23	6.3	145.1	11.0	5.3	16	8.30	8.07	8.15	8.19	8.23
Spuni frá Vesturkoti	21	6.0	143.4	10.9	5.4	14	8.19	8.18	8.19	8.20	8.20
Skaginn frá Skipaskaga	18	5.6	142.8	11.0	6.1	14	8.25	7.94	8.05	7.97	8.07
Draupnir frá Stuðlum	18	5.7	144.2	11.2	5.9	13	8.31	8.12	8.19	8.37	8.35
Hrannar frá Flugumýri	17	6.2	143.1	10.2	5.5	15	8.11	8.04	8.07	8.26	8.21
Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum	16	5.1	143.6	10.6	5.8	16	8.24	8.09	8.14	8.26	8.26
Óskasteinn frá Íbishóli	15	7.4	141.1	9.9	5.6	12	8.06	7.99	8.02	8.14	8.11
Viti frá Kagaðarhóli	15	5.9	141.3	10.7	6.3	12	8.24	7.98	8.07	8.36	8.32
Hringur frá Gunnarsstöðum	15	5.9	144.5	11.1	4.6	14	8.26	8.10	8.16	8.51	8.43
Arion frá Eystra-Fróðholti	14	6.1	142.6	10.6	5.4	15	8.05	7.96	7.99	8.18	8.14
Ölnir frá Akranesi	13	6.1	142.6	10.6	5.8	15	8.31	8.05	8.14	8.26	8.27
Práinn frá Flagbjarnarholti	11	4.7	143.8	12.0	6.5	14	8.33	7.98	8.10	8.20	8.25
Trymbill frá Sóra-Ási	10	5.3	144.1	12.8	5.9	14	8.25	8.05	8.13	8.21	8.23
Hreyfill frá Vorsabæ	10	6.1	142.3	10.6	6.3	12	8.14	7.80	7.92	8.18	8.16
Meðaltöl allra	760	6.1	143.1	10.8	5.9	14	8.18	7.94	8.03	8.16	8.16

Alls standa 241 stóðhestur að baki sýndum hrossum á Íslandi árið 2023. Hér má glöggva sig á þeim fimmtán feðrum sem áttu flest sýnd afkvæmi.

Náttfara eru Þórarinn Eymundsson og Sigríður Gunnarsdóttir en eigandi er Bo Hansen. Náttfari er afar vel gerður alhliðahestur sem hlaut 8,56 fyrir sköpulag, en fyrir hæfileika hlaut hann 8,48, hæst 9,0 fyrir tölt, samstarfsvilja og fugurð í reið. Náttfari fer glæsilega á velli, er framfallegur, léttbyggður alhliðahestur, skrefmikill, með góðan fótaturð og úrvals samstarfsvilja.

Næsthæstu einkunn ársins hlaut fríðleika- og glæsihesturinn klárhesturinn Húni frá Ragnheiðarstöðum. Hann er undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Hendingu frá Ulfsstöðum. Ræktandi Húna er Helgi Jón Harðarson en eigendur eru Flemming Fast og Gitte Fast Lambertsen. Fyrir sköpulag hlaut Húni 8,76 þar sem hann skartar úrvals hálsi, herðum og bógum og samræmi upp á 9,5 og fyrir höfuð ferk hann 9,0. Kostirnir eru upp á 8,38 þar sem hæst ber að nefna 9,5 fyrir brokk og fugurð í reið, og fyrir tölt og samstarfsvilja hlaut hann 9,0. Framganga hans einkennist af fasmiklum léttstígum hreyfingum með miklum fótaturði.

Hæstu einkunn í fimm vетra flokki stóðhesta fékk Organistasonurinn Hljómur frá Auðsholtshjáleigu en móðir hans er Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu. Ræktendur Hljóms eru Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindssdóttir en eigandi er Gunnar Arnarson ehf. Hljómur hlaut 8,65 í aðaleinkunn. Fyrir sköpulag hlaut hann 8,63 þar af 9,5 fyrir hófa og 9,0 fyrir bak og lend og samræmi. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,66, þar af 9,0 fyrir tölt, brokk, greitt stökk og samstarfsvilja. Hljómur er afar vel gerður með úrvalsyfirlínu og afar gott jafnvægi í skrokk, rúmur alhliðagæðingur með mikinn fótaturð og framsækinn vilja.

Stóðhestar 6 vетra

Priðju hæstu aðaleinkunn 8,58 hlaut Glampi frá Skeiðháholti. Hann er undan Draupni frá Stuðlum og Orradótturinni Hrefnu frá Skeiðháholti. Ræktandi Glampa er Tanja Rún Jóhannsdóttir og á hún hestinn ásamt Vilmundi Jónssyni.

Fyrir sköpulag hlaut Glampi 8,45, þar af hæst 9,0 fyrir bak og lend. Fyrir kosti hlaut hann 8,65, þar af 9,0 fyrir tölt, brokk, greitt stökk, samstarfsvilja og fugurð í reið. Glampi er fallegur á velli með úrvals bak og lend. Framgangan er fasmikill og vilji og þjálni skila gangtegundum sem eru takthreinar, skrefmiklar, með góðum fótaturði.

Með aðra hæstu einkunn stóðhesta í 6 vетra flokki var Hringjari frá Efri-Fitum sem ræktat er af og í eigu Jóhannesar Geirs Gunnarssonar. Hringjari hlaut 8,60 í aðaleinkunn og er nokkuð jafn vel gerður og kostamikill. Fyrir sköpulag hlaut hann 8,54, þar af 9,0 fyrir bak og lend og hófa. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,62, þar af 9,0 fyrir tölt og samstarfsvilja og að uppsíðöu 8,5 fyrir aðra eiginleika. Hringjari er frambár, rúmur, viljugur og bjáll alhliðahestur með góð gangskil.

Með hæstu einkunn í sínum flokki var Spunasonurinn Guttormur frá Dallandi en móðir hans er Gróska frá Dallandi. Ræktendur Guttorms er Gunnar Dungal og Þórdís Sigurðardóttir en eigandi er Hestamiðstöðin Dalur ehf. Guttormur hlaut 8,61 í aðaleinkunn þar af 8,44 fyrir sköpulag og 8,70 fyrir hæfileika.

Hann er jafngerður á sköpulag þar sem hæst ber að nefna 9,0 fyrir réttleika og hófa. Kostirnir eru úrvalsgöðir en fyrir tölt, brokk, skeið og samstarfsvilja hlaut hann 9,0. Hann er rúmur, skrefmikill og hágengur alhliðagæðingur með frábært tölt, brokk og skeið.

Stóðhestar 7 vетра og eldri

Priðju hæstu einkunn hlaut Djáknar frá Selfossi með 8,62 í aðaleinkunn. Djáknar er undan Arion frá Eystrafróðholti og Diljá frá Hveragerði. Ræktendur eru Davíð Sigmarsson og Árni Sigfús Birgisson en eigandi er Von Blinkenberg. Fyrir sköpulag hlaut Djáknar 8,02 og fyrir kosti 8,94, þar af 9,5 fyrir hægt stökk og samstarfsvilja og 9,0 fyrir tölt, greitt stökk, fugurð í reið og fet. Djáknar er frábær alhliðahestur, mjúkur, takthreinn, skrefmikil með úrvallssamstarfvilja, framhár og hágengur.

Með næsthæstu aðaleinkunn ársins var glæsihesturinn Hylur frá Flagbjarnarholti en hann er undan Herkúles frá Ragnheiðarstöðum og Rás frá Ragnheiðarstöðum.

Ræktandi Hyls er Arnar Guðmundsson en eigandi er Heimahagi Hrossarækt ehf. Hylur er það hross sem býr að hæstu sköpulagseinkunn sem gefin hefur verið, 9,09. Nær allir eiginleikar sköpulags eru úrvalsgöðir en Hylur hlaut 9,5 fyrir samræmi, fótagerð og prúðleika. Fyrir kosti hlaut Hylur 8,45 en fyrir brokk, greitt stökk og samstarfsvilja hlaut Hylur 9,5. Hylur er stórglæsilegur klárhestur, viljugur og bjáll með úrvalsgangtegundum sem eru takthreinar, skrefmiklar og lyftingagöðar.

Hæstu aðaleinkunn ársins í elsta flokki stóðhesta hlaut úrvalsalhliðahesturinn Seiður frá Hólum eða 8,83 í aðaleinkunn. Hann er undan Trymbli frá Stórá-Ási og Ösp frá Hólum, ræktandi er Hólaskóli en eigandi er Sveinn Ragnarsson. Fyrir sköpulag hlaut Seiður 8,63, þar af 9,0 fyrir háls, herðar og boga og samræmi. Fyrir kosti hlaut hann 8,93, þar af 9,5 fyrir skeið og samstarfsvilja en fyrir tölt, brokk, greitt stökk og fugurð í reið hlaut hann 9,0. Gagnhæfni Seiðs er afbragð sem einkennist af takthreinum, jafnvægisgöðum og rúnum gangtegundum með góðum fótaturði.

Alls standa 241 stóðhestur að baki sýndum hrossum á Íslandi árið 2023. Hér til hliðar má sjá lista yfir þá fimmtán feður sem áttu flest sýnd afkvæmi.

Höfundar eru Elsa Albertsdóttir og Halla Eygló Sveinsdóttir.

Lyftu á gæðum



REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG ÍDNAÐARHURÐUM**

IS HURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Sniðug lausn!

Hafðu samband við okkur og fáðu allar nánari upplýsingar eða kíktu í heimsókn.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is



Geymslugámar með bílskúrshurð

Við bjóðum í fyrsta sinn hentuga 20 feta sérútbúna geymslugáma með bílskúrshurð sem auðveldar aðgengið mikið. Gámarnir eru hentug geymslulausn undir búslóðir, fristundatæki eða í raun hvað sem er. Komdu og skoðaðu.

Stólpi Gámar

KLETTAGARDAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS

Pistill formanns

Þjóðarsátt

Í upphafi vil ég óska bendum og lesendum Bændablaðsins gleðilegs árs og farseldar á nýju ári, með þökkum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hvað framtíðin ber í skauti sér er óráðið en ég vona að við getum litið bjartari tíma á nýju ári.

Eftir að Bændasamtök Íslands höfðu rökstutt lélega afkomu bænda í upphafi árs 2023 og kynnt það fyrir fjárlaganeftnd og atvinnuveganefnd þingsins, auk matvælaráðuneytisins, á vordögum, ákvæð rkissstjórnin á haustdögum í október að koma á fót starfshópi ráðuneytisstjóra þriggja ráðuneyta til að leggja mat á þá stöðu sem upp væri komin í landbúnaði í kjölfar endurtekina hækkaná á stýrivöxtum og verðhækjunum á aðföngum. Það er skemmt frá því að segja að upplifun míni hafi verið sú að ráðuneytisstjórahópurinn hafi eingöngu verið settur saman til að vefengja útreikninga Bændasamtakanna, var ástandið virkilega svo slæmt? Í stað þess að dvelja við slíkar hugmyndir, þá fengum við loks viðurkenningu á vandanum, þ.e. að við bændur störfum innan kerfis sem þjónar erfiðlega tilgangi sínum þegar afkoman og samkeppnishæfnin gæti verið mun betri.

“Bændasamtökini sýndu á síðasta ári fram á að það vantaði hátt í 12 milljarða króna inn í atvinnugreinina til að rétta af stöðuna og tryggja rekstraröryggi ...”

og mikið þurfti til þess að ná samtakti innan verkalyðshreyfingarinnar, á meðal stjórnvalda og atvinnulífsins. Samtök bænda á þeim tíma komu að samningsgerðinni og var það nýlunda, en ákvæði voru í sammingunum um að búvörverð myndi haldast óbreytt í tiltekinum tíma.

Bændasamtökini sýndu á síðasta ári fram á að það vantaði hátt í 12 milljarða króna inn í atvinnugreinina til að rétta af stöðuna og tryggja rekstraröryggi sem eðlilegt er að atvinnugrein sem ætlað er að stuðla að fæðuöryggi þjóðarinnar, búi við. Stjórnvöld snertu á þessum vanda bænda með viðbótarstuðningsgreiðslum, að fjárhæð 2,1 milljarði króna. Það er vel að ríkið sá sér fært að snerta á erfiðri fjárhagsstöðu bænda, en þegar ekki er komið að fullu til móts við vandann, hvert á þá að leita? Bændur þessa lands þurfa nefnilega líka mannsæmandi laun fyrir sína vinnu.

Um 15,9 milljörðum króna hefur verið ýtt út í verðlagið síðustu tvö ár, og það hlýtur að vera örðið nóg, en á meðan hafa bændur greitt 8,6 milljarða króna með eigin framleidslu, svona til að setja þetta í samhengi. Á að vera landbúnaður á Íslandi? Því ef markmið launþegahreyfingarinnar núna er að ná einhvers konar þjóðarsátt, til að ná miður verðbólgu, þyrfu pá ekki fleiri að eiga aðkomu að børðinu, svo eiginleg þjóðarsátt geti náðst? Eða ætlum við að leggja allt undir á rautt í rúllettu?

Það hefur lengi verið ljóst að þó lög kveði á um að kjör bænda skuli vera sambærileg öðrum starfstéttum með tilliti til þekkingar og ábyrgðar þá sé það langt frá því að vera raumin. Ef rýnt er í gögn Hagstofunnar yfir rekstrar- og efnahagsreikninga í landbúnaði blásir við hversu alvarlegur vandinn er. Bændur eru orðnir vanir því að lifa á litlu og því er mikilvægt að leggja áherslu á að nái sér ástandið mjög slæmt en slæmt hefur það verið í lengri tíma.

Hluta þessara málá má ekki síður rekja til starfsumhverfisins hér heima, og blýhúðu regluverk og auknar álögur frá þinginu eru svo sannarlega ekki að hjálpa til. Einfalda þarf regluverkið svo við getum keppt við innfluttar afurðir sem streyma til landsins í hundruðum tonna. Ríkisendurskoðun hefur staðfest að eftirliti með innflutnum landbúnaðarvörum er verulega ábótavant, þá sé í lagi varðandi magnolla samkvæmt tollskráen gjöld tollskrárinnar hafa ekki breyst frá árinu 1996 og þar af leiðandi ekki haldið í við verðlag nema að litlu leyti. Sú staða, ein og sér, stuðlar að neikvæðu starfsumhverfi fyrir bændur og ófyrirsjáanleika í vörumerði til neytenda.

Gunnar Porgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.



Gunnar Porgeirsson.



„Meðan rekstrarvirði og upplausnarvirði kúabúa eru nánast hvort í sínu sólkerfinu er greininni mikill vandi á höndum,“ ritar Baldur Helgi Benjamínsson meðal annars.

Mynd / ghp

Að misnota markað?

Niðurstöður tilboðsmarkaðar með greiðslumark mjólkur (kvótamarkaður) sem haldinn var 1. nóvember 2023 hafa vakið athugi.

Þegar sambærilegur markaður var haldinn 1. nóvember 2022 var eftirspurnin rúmlega 3 milljónir lítra. Ári síðar var eftirspurn eftirspurni greiðslumarki í mjólk komin niður í 1,6 milljón lítra. Samdráttur í eftirspurn er tæp 47%. Aðra sögu er að segja af framboðinu; 1.11. 2022 var það 1,9 milljón lítrar en 2023 er það 3,3 milljónir lítra, aukning í framboði á þessu eina ári er 73%.

Öll vötun til Norðvesturlands

Í forsiðufrétt Bændablaðsins þann 23. nóvember sl. sagði frá því að heildarviðskipti á markaðnum 1. nóvember 2023 hefðu numið 1.048.500 lítrum. Jafnvægisverð var 300 kr/ltr og umfang viðskiptanna því 314 milljónir kr.

Af framantöldu magni fóru 710.000 lítrar til búa í sveitarfélögum Skagfirði og 260.000 lítrar á bú í Húnaþingi; alls fóru því rúmlega 90% af því greiðslumarki sem skipti um eigendur á bú á Norðvesturlandi. Afgangurinn, 7,5%, skiptist á milli Vestur- og Suðurlands sem halda á um 52% af mjólkurframleiðslunni í dag.

Pungt fyrir fæti

EKKI þarf að fjölyrða um versnandi rekstrarskilyrði mjólkurframleiðslunnar á umliðnum misserum. Í kjölfar fyrir littlegrar innrásar Rússa í Úkraínu fyrir tæpum tveimur árum hækkaði kornverð mikið, og kjarnföður þar með. Áburður sem bændur notuðu á nýliðnu ári var tvöfalt dýrar en árið á undan. Þá hafa launahækkanir hér á landi verið gríðarlegar, sem hefur mikil áhrif á verð vörur og þjónustu sem bændur kaupa.

Í viðleitni sinni við að hafa hemil á sögulega hárri verðbólgu eru stýrivextir Seðlabanka Íslands nú 9,25%; hækkuðu þeir um 60% á milli framangreindra kvótamarkaða. Samanlagt hefur þetta leitt til verri rekstrarskilyrða mjólkurframleiðslunnar en þau

hafa verið í mjög langan tíma. Í frétt Ríkisúvarpsins í september sl. var haft eftir framkvæmdastjóra Bændasamtakanna að þau sjá fram á fjöldagjaldprot í greininni. I viðtali við einn sveitunga minn í október sl. sagðist hann ekki óska neinum að fara út í landbúnað eins og staðan væri.

Pá ber að geta þess að í frétt á vef Auðhumlu svf. þann 8. júní sl. um hækkun á umframmjólkurverði úr 75 í 85 kr/ltr var sérstaklega áréttad að sölupróún væri jákvæð, beingreiðslur á innvegna mjólk, óháð greiðslumarki, væru 20 kr/ltr og að þeir sem hefðu framleitt 16% umfram greiðslumark árið áður hefðu fengið allt það magn greitt fullu verði. Petta voru í grófum dráttum forsendunar í greininni þegar opnað var fyrir tilboð á kvótamarkaði haustið 2023.

Arðbær fjárfesting?

Á heilbrigðum markaði myndu svo dramatískar sveiflur í framboði og eftirspurn, lánskjörum og rekstrarskilyrðum eins og að framan er lýst, leiða af sér mikla verðlækkun, eða að engin viðskipti yrðu þar sem bilið á milli kaupenda og seljenda væri of mikið. Sú varð hins vegar ekki raunin á síðasta tilboðsmarkaði með greiðslumarki.

Það skal viðurkennt að í ljósi

þeirrar stöðu sem uppi er, að 300 kr/ltr jafnvægisverð kom mér á óvart.

Ef slíkt kaupverð er fjármagnað með óverðtryggðu skuldabréfi til 10 ára í 1. kjörvaxtaflokkji, þar sem vextir eru um 13%, þá eru gjöldin (vextir og afborganir) á

fyrsta ári tæplega 70 kr/ltr. Það

er talsvert umfram þær tekjur, um 56 kr. að hámarki, sem fjárfesting í greiðslumarki gefur af sér. Á

fyrsta ári þarf því að borga með fjárfestingunni. Æg hefði haldið að nóg væri af slíku um þessar mundir hjá mjólkurframleiðendum.

„300 kall er sanngjarnit verð“

Afskipti afurðastöðva og blandaðra samvinnufélaga af viðskiptum með greiðslumark eru ekki ný af nálinni. Þau hafa viðgengist í rúma þrjá áratugi og er Kaupfélags Skagfirðinga sem hefur veruleg áhrif á verðmyndun og umfang viðskipta með greiðslumark í mjólk á tilboðsmarkaði. Að það þurfi vaxtalaus og óverðtryggð „lán“ til að viðhalda verðinu er þein viðurkenning á því að þetta verð, 300 kr/ltr er tómt rugl.

Sundraðir föllum vér

EKKI hefur verið úr því skorid svo ég viti til hvort greiðslumark í mjólk sé fjármálagerningur. Líkindin eru þó talsverð, að öðrum hluta til mætti líta á það skuldabréf sem gefið er út af íslenska ríkinu (verðtryggðar beingreiðslur á greiðslumark mjólkur) og að hinum hluta mætti

Morgunfundur um landbúnaðarmál

Fimmtudaginn 18. jan kl. 9-10

Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í landbúnaði efna til morgunfundar **fimmtudaginn 18. janúar kl. 09:00-10:00** í húskynnum Mjólkursamslögunnar að Bitruhási 1, 110 Reykjavík.

Erna Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Mjólkursamslögunni, verður með erindi um innflutning á landbúnaðarafurðum og tollamál.

Allir velkomnir!

það skoðast sem afleiða, byggð upp á fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp með reiðufé (hærra verð fyrir mjólk sem markaðsfærð er á innanlandsmarkaði).

Greiðslumark hefur markaðsverð og með það er höndlað á skipulegum tilboðsmarkaði, sem haldinn er af matvælaráðuneyti Stjórnarráðs Íslands 1. apríl, 1. september og 1. nóvember á hvert. Það er áþeppkt fyrirkomulag og tókast í almennum viðskiptum með hlutabréf og skuldabréf í kauphöll.

“ Meðan rekstrarvirði og upplausnarvirði kúabúa eru nánast hvort í sínu sólkerfinu er greininni mikill vandi á höndum.

Almennt er markaðsmisnotkun óheimil en í henni felst m.a. að eiga viðskipti eða gera tilboð sem gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, efterspurn eða verð fjármálagerninga misvisandi eða ranglega til kynna, eða tryggja óeðilegt verð. Að mínu álti ættu slíkar reglur að gilda um viðskipti með greiðslumark, meðan þau verða stunduð, til að tryggja jafnræði aðila á markaði.

Í öllu falli er ljóst, að með því að afhenda fáeinum útvöldum bændum á tilteknu landsvæði gefins fjármuni eða niðurgreitt lánsfé til að kaupa greiðslumark í mjólk, er verið að búa til yfргengilegan og ópolandi aðstöðum innan greinarinnar, sem stuðlar að úlfúð og sundrungu. Greinin þarf ekki á því að halda.

Minnt er á að allir mjólkurframleiðendur búa við greiðslumarkskefið, ekki bara sumir og rekstur mjólkuriðnaðarins, fjöreggs og lífæðar mjólkurframleiðenda, er sameiginlegt verkefni, jafnt félagsmannna í Auðhumlu svf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf.

Hvað er til ráða?

Miðað við gildandi markaðsverð, 300 kr/ltr, er verðmæti greiðslumarksins á meðalbúi um 100 milljónir kr. Að mínu álti stendur afkoma og launagreiðslugeta rekstrarins alls ekki undir því verði.

Í takmörkuðum umræðum um nýjan verðlagsgrundvöll kúabús hafa ekki komið fram neinar hugmyndir um meðferð greiðslumarksins í efnahag kúabúa svo ég viti.

Petta háa verð, og sú staðreynd að óheimilt hefur verið að gjaldfæra þennan risastóra útgjaldalið í tæplega einn og hálfan áratug, hefur án vafa mikil áhrif á kynslóðaskipti

í mjólkurframleiðslu. Meðan rekstrarvirði og upplausnarvirði kúabúa eru nánast hvort í sínu sólkerfinu er greininni mikill vandi á höndum. Enda sést þess staður í afkomunni. Sú ákvörðun í endurskoðun nautgrípasamningsins 2019, þar sem skilaboð komu að ofan (að norðan?) á síðustu stundu fyrir undirritun, um að hámarksverð á greiðslumarki skyldi vera þrefalt lágmarksverð mjólkur eins og verðlagsnefnd búvara ákvæður það á hverjum tíma, en ekki tvöfalt eins og aðalfundur LK 2019 samþykkti samhljóða, er í mínum huga ein sú fáránlegasta í landbúnaðarsögunni.

Þessi ákvörðun er hluti af rekstrarvandræðum dagsins í dag, enda eru fjárfestingar í greiðslumarki umtalsverður hluti af heildarfjárfestingum mjólkurframleiðenda síðustu ár. Þegar litið er yfir efnahagsreikninga félaga í mjólkurframleiðslu er hlutfall greiðslumarks af fastafjármunum viða sorglega hátt.

Ef greinin á að geta endurnýjað sig, greitt skikkanleg laun og mætt áskorunum framtíðar á síkvíkum markaði, þarf að stokka þetta fyrirkomulag upp í heild sinni. Tillögur um það hafa verið lagðar fram, t.d. í 5. tbl. Bændablaðsins 2019, og þær standa fyllilega fyrir sínu enn í dag.

Viðskipti með stuðningsgreiðslur hætti

Í áður tilvitnuðu viðtali við sveitunga minn í október sl. léti hann þau orð falla að „það er eins og öllum sé drullusama um íslenskan landbúnað“.

Síðan þá hefur fjárvéitingavaldið brugðist við með myndarlegu framlagi upp á 2,1 milljarð kr. til nautgríparækstarinnar. En hversu lengi dugir það? Áburðurinn er að lækka, vonandi lækkar fóðrið líka, sem og vextnir. Bilið frá því sem nú er og þess sem samtök bænda telja nauðsynlegt til að greinin geti staðið við skuldbindingar sínar er hins vegar miklu stærra.

Fjárfestingajörf mjólkurframleiðslunnar er mjög mikil. Fyrir réttum fimm árum var eftirfarandi látið falla í þessu blaði:

„Er líklegt að stjórnvöld verði tilbúin að styðja greinina áfram ef stór hluti stuðningsins gengur kaupum og sölum, verði jafnvel að miklu leyti orðinn fastur í veðandlagi einstakra banka og kaupfélaga, eða tengdra aðila?“

Við þessi orð míin og félaga minna stend ég jafnfast við nú og þá. Bændur og ríkisvaldið þurfa í sameiningu að varða leiðina út úr núverandi öngstræti í átt að farsælla fyrirkomulagi mjólkurframleiðslunnar. Nýr landbúnaðarsáttmáli sem taka á við í upphafi árs 2027 er einstakt tækifæri til þess og honum vil ég leggja lið.

Höfundur er bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.

Fyrirtæki til sölu

Fyrirtækið Betri vörur ehf. á Ólafsfirði er til sölu

Við höfum sérhæft okkur í vinnslu á reyktum og gröfnum laxi og reyktri bleikju.

Allt hráefni er keypt hérlandis, úr landeldi Samherja.

Húsnæðið er um 700 fm á tveimur hæðum, vel við haldið.

Upplýsingar í s. 864-0870

eða hjá fasteignasölnu Hvammi, Akureyri, s. 862-0440.



Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin samþyggð skolphreinsistöð

- Uppfyllir ýtrrustu kröfur um gæði hreinsunar

- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

- Tæming seyrá á þriggja til fimm ára fresti

- Engir hreyfanlegir hlutir

- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



IÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is




SnowEx®

VETRARBÚNAÐUR


Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðatæki sem endast.



Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Steinar velta sér ekki upp úr aldri þeirra fléttina og mosa sem á þeim dvelja.



Hvað brýr varðar er það ástand frekar en aldur sem mestu skiptir.



Tré er tímavél. Við sjáum það yngjast eftir því sem við horfum lengra upp eftir því.

Ég hélt ég yrði ekki eldri

Um tvítugt spjallaði ég við mann sem sagðist vera 27 ára. Þetta man ég, því hann var augljóslega að ljúga að mér. Sjálfsagt eldri en ég, en tuttugu og sjö ára?

Nei, hann gæti ekki verið svo rosalega gamall. Aldursbilið væri þá meira en sem næmi þriðjungi alls þess sem ég hafði lifað. Tvítugur er maður bæði ungur og eilífur og ekkert nema framandi, ágengt hugtak. Tuttugu og sjö ára er eiginlega bara „gamall kall“.

Tæpum aldarfjórðungi síðar hefur heið að til viðbótar bæst við hjá mér. Ekki hef ég hugmynd hvort hann er enn þá 27 ára, ef hann var það þá nokkurn tímann. Ég er a.m.k. ekki lengur tvítugur. Samt ekki aldarfjórðungi eldri.

Í dag er ég sirkar þritugur eða svo og hef verið í þó nokkurn tíma. Svipað gildir um flestöll í kringum mig og það er ekkert að fara að breytast. Þau sem eru eldri hafa a.m.k. ekki elst síðustu 10-20 árin. Þetta er nefnilega að mestu leyti sjónhverfing, sjáðu til.

Hvað er aldur?

Þrátt fyrir hið villandi nafn er sólarhringur einfaldlega tíminn sem það tekur jörðina að snúast heilan hrung um sinn eigin öxul (möndul).

Raunverulegur hrungur í kringum sólina tekur mun lengri tíma og á meðan snýst jörðin u.p.b. 365 sinnum um eigin öxul, m.o.o. 365 dagar í einu ári. Aldur er því einfaldlega sú tal sem segir okkur hversu margra hrungi jörðin hefur farið um sólina síðan við yfirlágum móðurkvíðinn. Fyrir vikið segir aldur ekki til um þroska og ekki endilega hvað einhver hefur upplifað.

Stóra samhengið

Talið er að það hafi tekið Ísland að lágmarki 26 milljón ár (260 þúsund aldir) að verða að því sem það er í dag, þó landið sé jarðsögulega ungt. Ef maður með 260 þúsund krónur í smápeningum, missir tíkall sem hverfur ofan í forarpytt, þá er ólíklegt að hann eyði of löngum tíma að leita hans í drullunni. Hverju skipta svo sem tú krónur? Pessi tíkall er hins vegar saga landsins frá víkingaöld. Allt sem

hefur gerst á Íslandi síðustu þúsund árin jafnigildir 10 kr. af 260 þúsund.

Með hliðsjón af aldri Íslands, nú eða jarðarinnar, er tími mannkyns á jörðu afar skammur. Fólk, fyrirtæki, stofnanir, lönd og landamæri, dægurmálaþras, allt þetta kemur og fer á innan við andartaki. Já, líka hið svokallaða „fræga fólk“ sem reynir að sannfæra þig um að það sé merkilegra en annað. Hvert og eitt þeirra skiptir undantekningarlitið sáralithu máli í stóru myndinni.

Um aldur og ævi

Líflíkur mannfólks í dag eru miklu hærri en ádur, er mannsævin samt stutt? Fer eftir því hvern þú spryð. Fyrir fullvaxta dægurlingu (Ephemeroptera) getur sólarhringur verið heil lífstíð, en lífstíð hákarls getur hins vegar talið 4-5 aldir. Ýmsar örverur geta farið í dvala í þúsundri, jafnvel milljónir ára og geta því náð mjög háum aldri, þrátt fyrir að hafa í raun kannski bara lífað nokkra daga. Aldur segir því ekki einu sinni til um hve marga daga lífveran hefur raunverulega lífað. Til eru hveldýr (Hydrozoa) sem geta vaxið fram og til baka að vild milli þess sem við myndum kalla ungþönn eða fullorðin. Eru því í raun eilíf hvað öldrun varðar. Þá skiptir aldur ekki nokkru máli.

Aldur er nefnilega einn af þessum hlutum sem við lesum oft miklu meira í en við ættum að gera. Sérstaklega án samhengis. Af hverju eru t.d. til reglur um það hvenær fólk eigi að hætta störfum á vinnumarkaði, óháð þeirra getu, heilsu og vilja?

Virkilega bara blekking?

Er aldur nokkuð meira en einföld flokkaskipting þjóðfélagsins? Hvað með að skipta bara yfir í aldursflokkaheti, t.d. ungkálfur, kálfur, ungnaut, naut og úr sér genginn öldungur?

Aldur, sjálfsblekking og villandi skilaboð um samfélagið í kring geta vakið með okkur áhyggjur. Áhyggjur sem sumir fá útrás fyrir með reglulegum skammti af fegrunaraðgerðum. Með því að vera heiðarlegur við mig sjálfan sem og aðra hef ég enga þörf fyrir slíkt. Hver sem er má alveg vita að ég er auðvitað ungnaut og mun alltaf vera. En þetta er ekki endilega einfalt. Þó við séum flest sammála um tímaeiningarnar, eru við ekki endilega sammála um hvað þær þýða. Enda upplifum



Myndarlegt, gamalt degli í Skotlandi. Innfellda myndin sýnir að vart má á milli greina hvor er eldri. Eða myndarlegri.

Við flæði tímans á mismunandi hátt. Við upplifum fyrsta sólarhringinn, fyrsta árið og fyrsta áratuginn sem mun lengri en þann síðasta. Undir eðlilegum kringumstæðum breytist því viðhorf okkar til aldurs, eftir því sem tíminn líður.

Hvað skiptir máli?

Samblanda af aldri, þroska og heilsu skiptir máli. Þar er aldur settur í samhengi og þroski og heilsa metin út frá því sem algengt er fyrir heildina. Reynolds, þekking og geta skipta hins vegar meira máli hvert fyrir sig, óháð aldri, þó ekki endilega óháð samhengi.

Eftir fyrstu two, ekki síst þrjá, áratugina skiptir aldurstalan ein og sér sifellt minna máli. Flest erum við frá ákveðnum aldri í grunninn áfram sama manneskjan. Sami aðilinn bak við stýrið. Kannski með smávægilegum, jafnvel sveiflukendnum, breytingum á ytra byrði.

Ahrifa fer auðvitað að gæta á getu ýmiss konar með tímanum og innri mekaníkinum getur farið að segja til sín.


Við verðum samt ekkert eldri. Í það minnsta ekki gömul. Ekki fyrir en mjög seit.

Ef þín innri rödd segir annað, hefur þú ekki bara valið þér rangan mælikvarða í lífinu?

Tré sem lifa og deyja

Langlíf tré geta tengt kynslóðir saman. Tengt afkomendur öldum síðar við forfeður og formæður. Tengt vegfarendur við mannkynssöguna og þróun hennar yfir þessar aldir. Nema auðvitað einhver taki upp á því að fella það að miðri leið, líkt og gerðist við Hadrianusarmúrinn í Bretlandi nýlega.

Sum tré fá jafnvel að segja sögu sína löngu síðar, líkt og 15 milljón ára trjáleifarnar á Vestfjörðum. Leifar þeirra barr- og beykitrjáa sem þar er að finna, innan um ýmsar aðrar trjátegundir, eru svo sannarlega púsl í sögu landsins. Púsl sem hafa náð að koma sér fyrir ekki bara á mælikvarða mannfólks, heldur einnig á jarðsögulega mælikvarðanum.



Fjölærar jurtir, líkt og hundasúran, neita oft að gefa upp aldur.

Elstu Íslendingar framtíðar

Sjálfur mun ég ekki ná háum aldri, enda ekki fyrirséð að ég hætti að vera sirkar þritugur. En tré hins vegar, já, tré verða eldri. Ekki endilega birki og reyniviður, enda almennt skammlif, en sum tré.


Ég get sem dæmi safnað fræi af garðahlyn (Acer pseudoplatanus) hérlandis og sáð því. Úr því verður íslenskt tré sem getur náð 500 ára aldri og því t.d. verið samferða hákarli um heila lífstíð, væru búsvæði þeirra ekki aðskilin. Af þeim báðum hef ég raunar lært mikið um lífið. Hákarlinn kenndi mér mikilvægi þess að synda og af hlyninum lærði ég að vaxa að ummáli ár hvert.

Hákarlarækt er mér framandi, svo míin tenging við framtíðina verður frekar trjárækt. Með föður mínum og bróður, systkinabörnum, vinum, vinnufélögum og öðrum hef ég nú þegar gróðursett hin ýmsu tré og hvergi haettur enn. Hvet ég auðvitað sem flesta til hins sama og í sannleika sagt eflaust heilsusamlegra markmið en ummálsvöxturinn.

Vonandi munu afkomendur einhværra þeirra sjá eitthvað af þessum trjám í framtíðinni og njóta góðs af þeim. Sjá þau og láta hugann reika til forseðra, til tímans sem við erum að upplifa nú og til alls þess sem í millitíðinni gerist.

Aldur skiptir ekki máli og dægurmálaþras og pirringur alls ekki. Minningar nýjar og gamlar og tengingar við fyrra tíma skipta hins vegar máli. Tíkkallinn skiptir máli, þó hann sé hlutfallslega líttill (eins og ég).

Höfundur er plöntunörd.



Umhverfismat sem byggt er á falsfréttum

Varaðlesa svokallað Umhverfismat Umhverfisstofnunar um láglendisveg þjóðvegar 1 með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall. Plagg upp á 258 bls. og virðist það unnið af mörgum aðilum, eins og VSÓ ráðgjöf, Mannviti o.fl. fyrir svo aðra aðila eins og Vegagerðina.

Eg sé þó ekki að viðkomandi aðilar kvitti undir að þeir séu samþykkir þessum álitum, sem öll enda á sömu lokaðnum „Að þessu athuguðu með leið 4.“ Leið sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur fyrir löngu síðan sagt að komi ekki til greina þar sem þessi valkostur liggi um endilangt fyrirhugað íbúðabyggingaland Víkur kauptúns. Að flestra dómi er þessi valkostur, leið 4, vitlausasti, dýrasti, óhagvæmsti og furðulegasti valkosturinn sem fundinn hefur verið upp. Þessi ákvörðun er að minnum dómi byggð á því sem nú kallast, kurteislega, falsfréttir en á gamalli íslensku, lygar. Þar sem því er halddi fram að valkostir 1 til 3 fari um viðkvæmar sjávarleirur og viðkvæmt lífríki eins og fuglabragð og brekkubobba.

Við skulum skoða þetta aðeins nánar:

1. Hvað eru sjávarleirur?

Samkvæmt íslenskri skilgreiningu geta sjávarleirur myndast á svæði milli stórstraumsflóðs og flóði en þó myndað árós eins og til dæmis Þjórsár, Skaftár o.fl. Sumir árósar eru myndaðir af fleiri litlum ám, sem sameinast í eitt útfall og dæmi um það eru t.d. Holtsós og eða Dyrhólaós, sem við köllum bara Ósinn. Pessir ósar geta lokast þegar sandburður eða öldurótsburður verður sterkari útfalli óssins.

2. Hvað er ós?

Samkvæmt íslenskri skilgreiningu er ós sama og útfall ár í sjó fram. Sum þessara árúfalla eru það vatnsmikil og kröftug að þau lokast ekki en geta þó myndað árós eins og til dæmis Þjórsár, Skaftár o.fl. Sumir árósar eru myndaðir af fleiri litlum ám, sem sameinast í eitt útfall og dæmi um það eru t.d. Holtsós og eða Dyrhólaós, sem við köllum bara Ósinn. Pessir ósar geta lokast þegar sandburður eða öldurótsburður verður sterkari útfalli óssins.

3. Geta verið sjávarleirur umhverfisvatnsborð ósa?

Svarið er nei. Ekki samkvæmt skilgreiningu um sjávarleirur. Hef

reynðar hvergi heyrt minnst á sjávarleirur í eða við ósbakka nema hér við Dyrhólaós. Það er staðreynd að útfall Óssins er bæði þrónt og grunn og torveldar því sjávarflæði inn og út úr Ósnum. Við mælingu okkar heimamanna reyndist 4 millimetra mismunur á milli stórstraumsflóðs og -flöru og var þá Ósinn með eðilegt útfall. Hvað veldur þá þessari hækkun og lækkun á Ósnum? Svarið er ósköp einfalt og náttúrulegt. Útfallið er vatnslitið og megnar ekki í brimveðrum að vinna á móti sandburði sjávar og útfallið lokast. Stundum hleðst þar upp hár sjávarkambur þannig að það tekur þessar litlu á langan tíma að hækka það í Ósnum að hann nái að ræsast fram og er þá talað um að Ósinn standi uppi, eða sé lokaður, en opinн þegar útfallið er opíð. Þar sem landið er láglent nær Ósinn að flæða sums staðar þó nokkuð inn á landið, en annars staðar hækkar vatnsborðið við ósbakkana á annan metra, þegar verður hvað mest í Ósnum. Það getur tekið Ósinn mánuð eða meira að vaxa það mikið að hægt sé að ræsa hann út. Fyrir allmögum árum fékl ég góðan og grandvaran bónda, sem býr nærrí Ósnum, til þess að skrá í heilt ár hvenær Ósinn opnaðist og lokaðist. Niðurstaðan, yfir þetta heila ár, var að Ósinn var lokaður í 212 daga af 365 dögum. Er hægt að tala um viðkvæmar sjávarleirur við slík skilyrði inn í ósi? Svarið er nei. Það er fölsun. Í falsumsögnunum eru svo birtar myndir af veglinu þegar Ósinn hefur verið lokað lengi og er hvað mestur og látið líta svo út að svona sé vegurinn á flóði. Það eru því einfaldlega lygar og falsfréttir, sem lagðar eru til grundvallar, að hætt er við besta vegakostinn.

4. Hvað er lífríki?

Þetta orð virðist vera það nýtt í íslenskri tungu að ég finn enga lífríkingu á því í minni örðabók. Ég er ekki líffræðingur en samkvæmt mínum skilningi er allt sem lífir og deyr, vex eða grær, og ég þar með, hluti af þessu lífríki. Samkvæmt mínum skilningi er ekki til sá blettur á jörðinni að ekki sé í honum eitthvert lífríki, nema þá í glóandi hraunelfu. Eru einhverjar líkur á því að þessi láglendisvegur um Mýrdal geti raskað lífríki Mýrdalsins eða landsins? Svar mitt er nei. Hvað sem líffræðingar skrifá upp á, þá er þessi lífríkisógn helbert kjaftæði. Þó að þrjú kjóða óðul hafi fundist á eða nærrí fyrirhugaðu vegstæði og einhverjur aðrin fuglar hafi sést þar á flugi þá er ég ekki í vafa um að þeir geta valið sér annað varpsvæði. Vegurinn gæti jafnvel bjargað fuglum frá því að gera sér hreiðurstæði á óssvæði, sem getur flætt upp á þegar Ósinn lokast fyrirvaraust um varptímann.

8. Að lokum spurning:

Ef Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Matvælastofnun og önnur lífríkissíðar og -félög, geta kært bæði fyrirhugaðar framkvæmdir og hönnun, sem þeim er ekki að skapi, má þá ekki á móti kæra þessa sömu aðila ef þeir byggja málflutning sinn og álit á falsfréttum og lygum, og skapa með því milljárdar fjárlátlát fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur?

5. Þá er eftir brekkubobba?

Lífríkissíðum mistókst fyrir morgungum árum að friðlysa svæðið austan undir Reynisfjalli þar sem brekkubobbar hafa búsvæði. Brekkubobbar éta eitthvað sér minna. Mýsnar éta brekkubobbana og kettirnir síðan mýsnar og allt þrífst vel. Sem sagt dæmigert lífríkisland. Gangaþið mun koma út úr Reynisfjalli að austan í suðurjaðri þessa búsvæðis og raska búsvæði bobbanna um nokkur hundruð fermetra. En aðalbúsvæði bobbanna er um 60.000 fermetrar, og munu þessir valkostir 1 til 3 á engan hátt skerða lífsmöguleika blessaðra bobbanna. Þetta er því enn ein lygin.

6. Hvað eru lífríkissíður?

Svar: Lífríkissíða er bara mitt orð yfir fólk almennt, sem hugsar mikið um lífríkið og vill láta það njóta vafans ef um hann er að ræða og nær yfir mörg svið. Ég hugsa það ekki sem uppnefni heldur grófa flokkun, svipað og t.d. menntaspíra, eða montspíra.

7. Niðurstaða mín er því:

Valkostir eða veglinur nr. 1 til 3 eru hagkvæmustu, öruggustu og stystu leiðirnar og koma til með að spara yfir 5 milljónir ekinna kílómetra árlega miðað við umferðartölur Vegagerðarinnar á síðasta ári og yfir milljard í kostnaði yfir árið. Í umsögnum er lítið gert úr þessum sparnaði. Þó að allar þessar rándýru falsfréttumsagnir endi á (umbeðnum) neikvæðum niðurstöðum, um valkost 1 til 3, þá endar mín ókeypis (óumbeðin) umsögn á jákvæðri niðurstöðu. Hagkvæmasta, auðveldasta, hættuminnsta og stysta leiðin er láglendisleiðin, sem hjá Vegagerðinni í sinni könnun skorar mest, en af einhverjum furðulegum ástaðum sem hún mælir ekki með lengur.

Hvað sem hver segir og hvað sem verður gert í braðræði, þá mun endirinn að lokum verða sá, þó að seinna verði, að það verða tvær leiðir, gamla leiðin fyrir fjallið, sem hjáleid eða innansveitarleið, fyrir þá sem það vilja, og nýja láglendisleiðin í gegnum fjallið. Og þá hafið þið það.

8. Að lokum spurning:

Ef Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Matvælastofnun og önnur lífríkissíðar og -félög, geta kært bæði fyrirhugaðar framkvæmdir og hönnun, sem þeim er ekki að skapi, má þá ekki á móti kæra þessa sömu aðila ef þeir byggja málflutning sinn og álit á falsfréttum og lygum, og skapa með því milljárdar fjárlátlát fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur?

Höfundur er fyrrverandi umferðarfulltrúi, löggregluvarðstjóri og björgunarsveitarmaður.

Porrablót og skemmtanír um allt land



Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórar
stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.

Landbótasjóður Lands og skógar

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Landbótasjóð Lands og skógar, áður Landgræðslunnar, og er umsóknarfestur til og með 31. janúar 2024.

Styrkir eru veittir til verndar og endurheimtar gróðurs og jarðvegs.

Áratugurinn 2021 til 2030 er tileinkaður endurheimt vistkerfa og eru umráðahafar lands eindregið hvattir til þátttöku.

Land og skógar veitir ráðgjöf um framkvæmd þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir og hefur eftirlit með framvindu þeirra.

Umsóknarform og reglur sjóðsins eru á [landogskogur.is](#). Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar og ráðgjöf hjá heraðsfulltrúum.

lbs@landogskogur.is



Land og skógar

ÍSFELL



TRYGG

SNJÓKEÐJUR

Hafðu samband, kynntu þér vöruúvalið og þjónustuna

isfell.is · sími 520 0500

PEKKING · ÞJÓNUSTA · GÆDI

Blekkingin um „lausagöngu“

Eðlilega er landbúnaður hagkvæmstur þegar tekst að stunda hann í löndum annarra en þeirra sem hafa af honum tekjur. Freistnvandi peírrar hagkvæmni er gamall og vel þekktr.



Kristín Magnúsdóttir.

Nýtt er að hagnýting sumra á eignum annarra í íslenskum landbúnaði er réttlætt fullum hálsi, með svokallaðri „lausagöngu“ búfjárá.

Af orðræðunni mætti halda að til væru eldgömul lög, mögulega borin upp af Snorra Sturlusyni á Þingvöllum, þess efnis að búf é í þeiri göngu eigi helgan rétt til að éta hvað sem að kjafti þess kemur í annarra manna löndum. Þess vegna hafi búf é aldir valsat um allar landsins koppagrundir. Kastaði tólfunum sl. sumar begar Bændasamtök Íslands gerðu því um lálfutning að sínum í bréfi til sveitarstjórnar landsins.

EKKI SNORRI, HELDUR STEINGRÍMUR

Ekki var það Snorri í Reykholti sem kom orðinu „lausagöngu“ í íslensk lög, heldur Steingrímur J. Sigfússon, enda kom orðið „lausagöngu“ ekki fyrir í lögum fyrr en árið 1991. Löginn voru nr. 46 um búfjárhald og hljóðaði 2. gr. þannig:

„Landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þeirra málá er lúta að meðferð búfjár og efstrílti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum. Með búf é í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé, svín og önnur dýr sem haldin verða til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakid búf sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi. Með vörsli búfjár er í lögum þessum átt við að búfjáreigandi haldi því búf sem varsan tekur til innan ákeðins afmarkaðs svæðis, en með

...

Það eru því öruggust öfugmæli þegar því er haldið fram að orðið „lausagöngu“ í lögum um búfjárhald árið 1991 hafi gefið búf rétt til að valsa um byggðir landsins. Þvert á móti heimiluðu þau lög „meiri vörsli búfjár“ frá því sem almennar reglur gerðu ráð fyrir ...

lausagöngu búfjár að búfé geti gengið á annars manns land í óleyfi.“

Greinin var skýrð í frumvarpinu með eftirfarandi hætti:

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um yfirstjórn þessa málaflokks og gildissvið, þ.e. til hvaða búfjártategunda ákvæði frumvarpsins ná.

Augljóslega er fráleitt að orðið „lausagöngu“ í greininni hafi búið til einhvern íveru- eða beitarétt fyrir búf é annarra manna löndum eða afnumið ábyrgð búfjáreigenda á búfé sínu í byggð, sem var tiltekin í Grágás á þjóðveldisöld, síðar í Jónsbók, í Réttarbótb.

Eiríks konungs Magnússonar og er nú IV. kafla laga um afréttamálefni nr. 6/1986.

Meiri varsla!

Í lögunum þar sem orðið lausagöngu kemur fyrir, var sveitarstjórnunum veitt heimild til að krefjast vörsli búfjár innan afmarkaðs svæðis, þ.e. innan girðinga. Í um tíu aldir höfðu búfjáreigendur verið ábyrgir fyrir að búf, sem þeir héldu í byggð, fari ekki þangað sem það mátti ekki vera. Fram til ársins 1991 réðu þeir alfarið sjálfir hvernig þeir fóru að því, en lengst af var það gert með gæslu, en einnig með girðingum (gördum), náttúrulegum mörkum eða öðrum hætti. Heimildin til að skylda vörsli innan girðinga var skýrð með eftirfarandi hætti:

Um 5. gr.

„Í áðurnefndu nefndaráliti er eingöngu fjallað um breytt viðhorf til vörslu með tilliti til umferðarmála. Ýmis önnur sjónarmið ýta á breytingar í þessum málum, t.d. breytt viðhorf í landnýtingu, m.a. með tilliti til aukinnar landfriðunar, breyttur búrekstur á jörðum í dreifbýli, sem felst í að búfjárhald leggst af á fjöldar jarða. Pessi mál parfnast því mun viðtækari umfjöllunar áður en endanleg stefnumörkun fer fram. Hér er gert ráð fyrir heimildum til einstakra sveitarfélaga til að setja reglur sem kveða á um meiri vörsli búfjár en almennar reglur gera ráð fyrir. Ljóst er að áhugi og frumkvædi heimaaðila er hið eina sem tryggt getur örugga framkvæmd þessara málá.“

Það eru því öruggust öfugmæli þegar því er haldið fram að orðið „lausagöngu“ í lögum um búfjárhald árið 1991 hafi gefið búf rétt til að valsa um byggðir landsins. Þvert á móti heimiluðu þau lög „meiri vörsli búfjár“ frá því sem almennar reglur gerðu ráð fyrir, vegna breytinga í sveitum landsins og með tilliti til öryggis vegfarenda.

Gæsla, annars kostnaður

Sumar sveitarstjórnir skirrast við að nýta nýfengna heimild sína til að skylda vörsli kinda innan girðinga.

Breytir það vitaskuld engu um ábyrgð eigendanna á dýrum sínum í samræmi við lög um velferð dýra nr. 55/2013 og ákvæði IV. kafla laga um afréttamálefni nr. 6/1986, sem eru grundvallarlög um ágang búfjár og úrræði landeigenda við honum. Í greinargerð nefndar Ólafs Jóhannessonar, fv. professors og forsetisráðherra, sem samdi frumvarpið að lögunum, segir m.a.:

„Samkvæmt henni skyldi greiða fullar bætur fyrir beit túns, akra eða engja, þótt

eigi væri löggardur um. Þetta ákvæði réttarbótarinnar verður að telja gild lög enn þann dag í dag.“

Par segir enn fremur:

„Það virðist réttmætt að leggja með nokkrum hætti gæsluskyldu á eigendur og haldsmenn búpenings, hafi þeir ekki náð samkomulagi um sameiginlega hagbeit eða sveitarþamþykkt verið gerð um það efn, sbr. 14. og 51. gr. þessa lagafrumvarps. Á því sjónarmiði eru ákvæði 37. gr. frumvarps þessa reist, en þar er heimilað að láta framfara smölun ágangsfjár og rekstur þess á afrett eða þangað, sem það má vera, allt á kostnað fjáreiganda.“

Skv. lögum um ágang búfjár eru eigendur þess ábyrgir fyrir tjóni sem búf é þeirra veldur í annarra manna túnum, engjum og garðlöndum, hvort heldur þau eru girt eða ógirt. Það er gæsluskylda lögð á eigendur búfjár, með nokkrum hætti, svo notuð séu orð greinagerðarinnar, því annars þurfa þeir að bera smölunkostnað á ágangsgripum sínum, auk skaðabótanna vegna ólögmætrar beitar.

Ef búfjáreigendur vilja ekki bera þann kostnað verða þeir að gæta búfjár síns í byggð. Það er suð gæsluskylda sem hvílt hefur á búfjáreigendum frá þjóðveldisöld. Ef þeim er sama um kostnaðinn, geta þeir látið búfé sitt valsa í byggðinni, þ.e. þangað til því er smalað og skilað með reikningi fyrir smölun og ólögmætra beit.

Að ákvæði grundvallarlaga um eigendábyrgd á búf é og úrræði landeigenda við heimildarlausrí beit, sem eiga sér svipað langa sögu og byggðin í landinu, hafi hrokkið úr lagasafni þjóðarinnar þegar orðið „lausagöngu“ kom fyrir í lögum um búfjárhald árið 1991, er óboðlegur málflutningur.

Höfundur er lögfræðingur, landeigandi og félagi í Bændasamtökum Íslands.

Tollflokkun á „pizza mix“ osti til lykta leidd

Einstakt mál á ýmsa vegu

Mál þetta hefur líklega vakið meiri umræður um tollflokkun og gildi hennar en áður hefur þekkst.

Tollar eru í eðli sínu skattar og því eru ríkar kröfur gerðar þegar vafi leikur á um tollflokkun. Tollalög (88/2005) eru grunnurinn í tollframkvæmd og í þeim er fjallað um tengsl íslenskra laga við tollnafnaskrá Alþjóðatollastofnunarinnar sem ríki lítu til við túlkun tollskráa sína. Í málinu vísaði Danól m.a. til þess í endurupptökubeindi að túlkun félagsins og skilningur á athugasemd við 4. kafla tollskrárinnar (sjá 11. lið í úrskurði Endurupptökudóms) væri í samræmi við túlkun belgískra tollýfirvalda. Þá vísaði félagið til þess að Alþjóðatollastofnunin hefði tekið þetta mál sérstaklega fyrir og staðfest afstöðu Danól á fundi þann 23. mars 2023.

Ríkislögunaður benti á móti að fundargerð tollskránefndar Alþjóðatollastofnunarinnar frá 23. mars 2023 geti engu breytt um dómsmál á Íslandi sem dæmt hafi verið 11. febrúar 2022. Af hálfi ríkislögmans kom m.a. fram að „áli lituð sé samkvæmt fundargerðinni fengið með atkvæðagreiðslu þar sem Ísland hafi lent í minnihluta. Ríki [ESB] hafi verið ósammála Íslandi á meðan til dæmis Bandaríkin hafi verið sammála skoðun Íslands á tollflokkun.“

Ríkislögunaður benti einnig að „[m]ejð vísan til fullveldis Íslands og þess að fyrir liggi niðurstaða íslenskra



dómstóla verði að telja að álit tollflokkunarnefndar breyti ekki eftir á lögskýringum í landsréttarmáli nr. 462/2021 rímu ári eftir að dómurinn felli.“

Sérstök framganga ESB og þingmanna

Það verður að telja sérstakt að aðdragandi þess að Alþjóðatollastofnunin tók málid til umfjöllunar hafi verið að ESB vísaði málun þangað. Hvernig komst málid í þann farveg – hafði Félag atvinnureknda samband við framkvæmdastjórn ESB?

Enn sérstakari verður þó að telja framgöngu nokkurra þingmanna hér á landi og jafnvel stjórnspúnar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Pann 19. apríl 2023 fékk nefndin að fundi sinn Ólaf Stephensen frá Félagi atvinnureknda og Pál Rúnar Mikael Kristjánsson sem var lögmaður Danól í fyrniefndum máláferlum. Síðan hvenær er það hlutverk þingnefnda að taka við kvörtunum frá einkaaðilum yfir niðurstöðum dólmáli? Getum við ekki örugglega treyst að aðskilna milli dómsvalds og löggjafarvalds eins og maelt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskráinnar?

Síðar sama dag var fjármálaráðherra spurður um málid í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi og fjallað var um það í grein frá þingmanni í Morgunblaðinu þann 24. apríl 2023.

Þá var látið að því liggja að Alþjóðatollastofnunin hefði yfirþjóðlegt vald en það stenst enga skoðun eins og niðurstaða Endurupptökudóms ber með sér. Ísland er fullvalda ríki og fundargerðir nefndu híja alþjóðastofnunum ganga ekki framar niðurstöðum íslenskra dólmála.

„Í hvaða tollflokkur fer jurtaostur á pitsur?“

Gervigreind ryður sér nú til rúms á flestum svíðum samfélagsins. Skemmtir er að minnast áramótskappaupsins í því sambandi. Til gamans ákvæð eg að prófa hvað gervigreindarforritið ChatGPT segði um tollflokkun á jurtaostri á pitsur og spurði þessarar spurningar. Svarið barst um hæl:

„Tollflokkur fyrir jurtaost á pitsur getur breyst eftir landi og tollkerfi þess lands. Í sumum tilfellum er jurtaostur flokkaður

sem mjólkurafurð í tollkerfinu, en í öðrum tilfellum getur hann verið flokkaður sem jurtaafurð eða annar flokkur, sérstaklega ef hann er úr plöntum eða jurtaafurðum. Því er gott að skoða tollreglugerðir landsins sem þú ert að átta þig á, eða hafa samband við tollstjóra til að fá nákvæmar upplýsingar um tollflokkinn sem gildir fyrir jurtaost á pitsur í ákveðnu landi.“

Petta er einmitt kjarni málssins. Tollsíða og tollflokkun þarf að bregðast við nýum vörum og vörupróun, eðli málssamkvæmt koma þar upp vafaatriði. Því er nauðsynlegt að tollfyrvöldi birti opinberlega þau bindandi álit sem út eru gefin. Það hefur ekki verið gert en telja verður að tollfyrvöldum beri skylda til þess.

Þá er einnig löngu tímabært að setja lagareglu um að unnt sé að óska eftir bindandi álit um uppruna vörur. Tollakjör ráðast einatt af viðskiptasamningum ríkja í milli og því er augljós þörf að slík bindandi álit séu veitt og þau birt opinberlega til upplýsingar um tollframkvæmd.

Hvort tveggja er í samræmi við X. gr. GATT samningsins frá 1994 og framkvæmd helstu viðskiptalandi Íslands.

Niðurlag

Hinuðskallaða, PizzaMix™-máliernu lokið og hefur fengist farsel niðurstaða fyrir mjólkurframleiðendur. Eitt er ljóst og það er að tollframkvæmd er í raun eilífðarverkefni – bæði fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila – og mikilvægt að vandað sé til verka eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma.

Höfundur er hagfræðingur hjá MS.



Undanfarin ár hefur íslenskur landbúnaður átt undir högg að sækja og er í raun sótt að honum úr mörgum áttum.

Vilja Íslendingar vera upp á aðra komnir í matvælaframleiðslu?

Landbúnaður hefur fylgt íslensku þjóðinni í örðfi alda, Ísland er eyrki í Norður-Atlantshafi og er um 103.000 km² að stærð, næststærsta eyja Evrópu á eftir Bretlandi og sú átjánda stærsta í heimi. A Íslandi búa tæp 400.000 manns.

Nú blasir við að ófriður hefur brotist út í Evrópu sem sér ekki fyrir endann á. Ef til frekari átaka kemur getur það skeð að viðskiptahöft og flutningar hingað til lands geta raskast, einnig ber að nefna það að í gegnum stríðstíma hafa þjóðir flutt minna út af vörum til að tryggja birgðir sinnar þjóðar á slískum tínum.

Undanfarin ár hefur íslenskur landbúnaður átt undir högg að sækja og er í raun sótt að honum úr mörgum áttum. Meðalaldur íslenskra bænda er um 60 ár og nýliðun í bændastéttinni lítl, þungt rekstrarumhverfi og aukinn innflutningur á

kjöti erlendis frá gerir bændum mjög erfitt fyrir.

Tölnar tala sínu máli

Árið 2022 var heildarframleiðsla að dilkakjöti um 7.408 tonn. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í framleiðslu á þessu ári 2023 og að framleiðslan fari niður í 7.205 tonn.

Árið 2017 var heildarframleiðsla að dilkakjöti um 9.206 tonn. Frá þeim tíma hefur framleiðsla dregist saman um nær 1.986 tonn, eða 22%. Yfir sama tímabil hefur sauðfé fækkað um 108.000 vetrarfóðraðar ær, eða 23%. Á sama tíma hefur innflutningur á lambakjöti færst í mikinn vöxt hérlandis. Fjögur fyrirtæki skiptu með sér tollkvóta fyrir innflutning á 345.000 kg af kinda- eða geitakjöti á tímabilinu 1. júlí 2022 til 30. júní 2023. Meðalverð tollkvótans var ein króna. Stjörnugríð ehf. fékk útluthað 280.929 kg, Ekran ehf. fékk 40.000 kg, Innes ehf. 20.000 kg og Samkaup 4.071 kg.

A tímabilinu frá júlí 2022 til og með febrúar 2023 hafa 14.606 kg

af kinda- eða geitakjöti verið flutt hingað til lands, langmest, eða 14.209 kg, frá Spáni. Frá árinu 2016 hefur framleiðsla á dilkakjöti á Íslandi dregist saman um 20%.

Brostið fæðuöryggi

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, hefur bent á brostið fæðuöryggi þjóðarinnar á stríðstínum. Hann talar um að það séu til matvæli sem myndu duga í nái daga komi eithvert alvarlegt ástand upp í landinu.

Grafalvarleg staða blasir við í þessum efnunum, við þurfum með miklu sterkari hætti að stuðla að eflingu íslensks landbúnaðar. Þingmenn þessarar þjóðar þurfa að setja málnefni sem snerta fæðuöryggi og hagseld bænda á dagskrá og standa vörð um sérstöðu landbúnaðar hérlandis, þannig má tryggja dreifða búsetu um land allt og fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar.

Höfundur er oddviti
Framsóknar í Suðurnesjabæ.



Anton Guðmundsson.

Norrænt tengslanet um landbúnaðarvistfræði og heilbrigði jarðvegs

Land og skógr (Los) og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) voru þátttakendur í samnorraðni NKK umsókn um verkefni sem sneri að myndun samstarfsvettvangs sem fjallar um landbúnaðarvistfræði og heilbrigði jarðvegs.

Umsóknin hlaut brautargengi og var formlega hleypt af stokkunum nú í nóvember sl. Það er öflugur hópur sérfræðinga frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi ásamt Íslandi sem mynda þetta samstarfsnet og er það Land og skógr sem leiðir verkefni fyrir hönd Íslands. Við hlökum til þátttöku í þessu mikilvæga verkefni enda er heilbrigði jarðvegs undirstöðuháttur þegar kemur að þeiri þjónustu sem vistkerfi getur veitt, og á það líka við um landbúnaðarvistkerfi.

Mikilvægt er að geta metið árangur ólíkar meðhöndlunar á



Pórey Gylfadóttir. Jóhann Þórsson.

heilbrigði jarðvegs og því nauðsynlegt að hafa til þess góðar leiðir. Markmið verkefnisins er að afla upplýsinga og setja fram með hvaða hætti hægt er að meta heilbrigði jarðvegs með góðum en helst einföldum aðferðum.

Mikilvægt er að taka inn staðbundna þætti þegar valdar eru aðferðir til að meta jarðvegsheilbrigði og áhrif þeirra á niðurstöður, þar sem ólíkar

aðferðir passa við ólíkar aðstæður og aðferðir sem notaðar eru til að meta heilbrigði jarðvegs sunnar á hnettum passa ekki endilega við hér norðar.

Þetta norræna samstarf mun stuðla að samvinnu þessara aðila í þeim tilgangi að efla og styrkja innviði og auka samstarf innan hvers lands sem og milli landanna.

Við bindum miklar vonir við þetta samstarf og vonum að það stuðli að aukinni meðvitund á heilbrigði jarðvegs og ekki síst útlistun á gagnlegum aðferðum sem hægt er að nota til að meta ástand jarðvegs og getu hans til að sinna því hlutverki sem honum er ætlað í landbúnaðarvistkerfum.

Pórey jarðræktarráðunautur og Jóhann er fagteymisstjóri loftslags og jarðvegs hjá RML.



utfarakor.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN 
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR





Höfundarnir Melkorka Ólafsdóttir tv. og Hlíf Una Bárdóttir t.h.



Samlífi sveppaljóða og -teikninga

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Melkorku Ólafsdóttur, skáldi og tónlistarkonu.

Í ljóðabókinni Flagsól, útg. Mál og menning 2023, eru 36 ljóð eftir Melkorku og bera þau flest nöfn sveppa úr íslensku sveppaflorunni. Ær þær leitað í smiðju til Helga Hallgrímssonar sveppafræðings og Harðar Kristinssonar grasafræðings um upplýsingar og útlit. Hlíf Una Bárdóttir teiknari gerði 35 myndir með ljóðunum þar sem mýsli sveppapráða, frumdýr, fléttur og hvítmygla koma einnig við sögu. Melkorka tileinkar bókina foreldrum sínum, náttúrufræðingunum Sigrúnú Helgadóttur og Ólafi S. Andrés-syni, sem hún segir að hafi kennit sér að undrust og virða náttúruna.

Í kynningu segir að í bókinni fái lesandini að „kynnað leyndar lífi íslenskra sveppa. Raddir þeirra berast okkur úr skógarbotninum og vegkantinum, af trjábolum, greinum og steinum; við kynnumst sveppum sem skjóta, springa, seytu, fettast og brettast, trega og syrgja, daðra og elska.“ Sveppir séu dularfullar verur með margvíselega hegðan og nöfn þeirra oft bæði skemmtileg og lýsandi. Sem dæmi um það eru nefnd t.d. táradowpa, loðmylkungur, skorpuskinni, ullarblekkil, ljós-hetta og fýlunálungur, en sá síðasti-nefndi vaxi eingöngu í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík. Mörg sveppanafnanna eru komin frá Helga Hallgrímssyni sem rannsakað hefur sveppi ítarlega og skrifð um þá, m.a. Sveppabókina.

Ljóðin þætta saman ýmis einkenni viðkomandi svepps og mannlegar tilfinningar og gjörðir og þau og myndverk Hlífar Unu mynda saman fallega og sterka heild.



Meyhnyðlingur

Nóttin hefur teiknað kalar línrí i vatnsflötinn mynstruð skaðan varpar frá sér myrkfælinni hreyfingu óttinn slípar op í fuluna munn fyrir orð í fuluna

blöðrennslíð einskorðast við innstu kerfi líkamar okkar klæddir fíngerðum nálum úr frosti þær loða við okkur virðast mjúkur varnarfeldur vegna aðstæðna

þeir strjúka rifbein rösklega til beggja hliða einn fingur milli tveggja rifja strjúka hárr eins og brotin gulstör þau þekja jörðina moldina höfuðið eftir varnarlaust hálsinn lífbeinið eftir varnarlaust varirnar strjúka augu fylla þau móðu lokin aftur glær

sveipur í skýjahulunni

(Flagsól, bls. 25/Meyhnyðlingur /Lachnum virginicum)

Lausn á jólakrossgátunni 2023



Veggmynd Jóns Stefánssonar frá 1923, á vesturvegg í húsinu að Austurstræti 11 í Reykjavík, sýnir daglega önni bændasamfélögum sem enn stóð traustum fótum þegar hann málaði myndina.

Mynd / sá

Myndlist:

Ómetanlegt sveitalífsmálverk

– Verkið sýnir dagleg störf bænda og búaliðs í upphafi 20. aldar

Risavaxið sveitalífsmálverk, veggmynd, situr eftir í gamalli bankabyggingu í hjarta Reykjavíkur eftir að starfsemin var flutt um set í ný húskynni.

Þegar Landsbankinn flutti úr húsi sínu að Austurstræti 11 í Reykjavík sl. haust, eftir teipa hundrað ára veru þar, voru auðvitað öll málverk bankans tekin með yfir í nýbygginguna við Reykjastræti 6 og sett upp þar eða meðan. Nema þau sem voru máluð beint á vegg, þau fara hyvergi.

Sumarið 1923 var listmálaranum Jóni Stefánssyni (1881–1962) falið að vinna kalkmálverk af íslenskum sveitabúskap ofan við viðarþiljur á vesturvegg í afgreiðslusal bankans í Austurstræti. Ári síðar málaði Jóhannes Steinsson Kjarval veggmyndir við stigauppgang á annarri hæð og eru þau tengd sjávarútvegi.

Póttu bæði verkin sæta tilindum þar sem þau tengdust daglegu lífi fólkins í landinu. Þá voru svo stór og litrisk veggmálverk í opinberri byggingu nýjung hérlandis. Var myndunum ætlað að minna þá sem í bankann ættu erindi á mikilvægi landbúnaðar og sjávarútvegs fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Hér er sjónum beint að veggmynd Jóns.

b.e. freskuteknika. Mögulega hafi hann gert myndirnar milli glugganna í salnum til að æfa sig. „Þetta fólk er svo sögupersónurnar í stóru veggmyndinni. Það er líka til lítill formund af veggmyndinni, olfumálverk, einnig í eigu Landsbankans,“ bætir Aðalsteinn við.



Veggmynd Jóns Stefánssonar frá 1923, á vesturvegg í húsinu að Austurstræti 11 í Reykjavík, sýnir daglega önni bændasamfélögum sem enn stóð traustum fótum þegar hann málaði myndina.

Mynd / sá



Málverk Jóns er svipmikið.

Mynd / Landsbankinn

Engin leið að verðmeta verkið

„Veggmyndin er býsna mikilvæg á ferli Jóns, sú eina sinnar tegundar eftir hann, og mannamyndirnar eru æfingar fyrir margar mannamyndir sem hann gerði síðar.“

Engin leið er að nefna verðgildi í tengslum við þessa veggmynd, að sögn Aðalsteins. Hún sé enda kirfilega föst við vegginn, nánast óvinnandi vegur sé að fjarlægja hana og kaupandi verksins yrði um leið að kaupa bygginguna, eða í það minnsta þann hluta hennar sem veggurinn tilheyrir. Því virðist veggmyndin sjálfkrafa tilheyra eiganda hússins hverju sinni.

Hann reiknar með að ríkið muni taka yfir bankabygginguna. „Ég efast ekkert um að reynt verði að tryggja aðgengi almennings að henni. Safn er þó örugglega ekki inni í myndinni, það kostar offjárá að breyta byggingunni í safn. Auk þess má ekkert hreyfa við innréttungum viða í húsinu,“ segir Aðalsteinn.

Skv. upplýsingum frá Framkvæmdasýslunni Ríkiseignum var Austurstræti 11 enn í eigu Landsbankans seitn að síðasta ári.

/sá



Málverk Jóns af íslenskum sveitabúskap í afgreiðslusal Landsbankans var unnið árið 1923.

Mynd / Landsbankinn

Leiklist:

Vanhagar þig um álfaeyr?

Allmögum þykir skemmtilegt að fara í gervi og mikill metnaður oft settur í sílkt. Er gaman að sjá hina ýmsu búninga, bæði innan landsteinanna og utan.

Nú ber öskudaginn þetta árið upp á sama dag og heilagur Valentínus er talinn skjóta örvm sínum í allar áttir, eða 14. febrúar. Það er því ekki seinka vænna en að velta því fyrir sér fyrir aftan hvaða grímu er hægast að fela sig, eða í hvaða gervi er skemmtilegast að birtast öðrum.

Bak við grímuna

Gervi og leikbúnningar geta verið af ýmsum toga, en fyrir nákvæmlega áttatíu og sjö árum var sett að svið leikritið *Gervimenn* eftir tékkneska rithöfundinum Karel Capek. Þar voru gervi leikara tekin skrefinu lengra en leikritið fjallaði um framleiðslu gervifólks.

Leikfélag Reykjavíkur tók sér það fyrir hendur að sýna verkið, en í 21. tölublaði *Fálkans* frá árinu 1937 er lýsingin svo: „Naprari ádeila á vjelamenninguna mun tæplega til en sí, sem frelsi í leik þeim, er Leikfjelag Reykjavíkur tók til sýningar í vikunni sem leið. Leikurinn gerist á árunum 1970–80, en þá er svo komið framförum mannkynsins, að tekist hefir móti að gera mannsköpun að verksmiðjuðnaði.“

Fjallar leikritið þannig um gerð gervimanna, framleiðslan um 15.000 manns á dag, en einnig kemur fram að efnafræðingur verksmiðjunnar hefur af misgánungi gert einn gervimanninn þannig úr garði, að með honum vakna mannlegar tilfinningar. Gerist sá foringi gervimannanna, fær þá til að gera uppreisn gegn sköpurum sínum og drepa alla nema einn.

Gervimennirnir sjálfir geta ekki skapað, eða framleitt sína líka, en bera þann eiginleika að geta tortímt mannkyninu eins og það leggur sig. Lítur út fyrir að heimsauðn sé í kortunum, en á síðustu stundu lætur höfundur þó málið leysast á óvætan hátt.

Pörf ádeila og leikur töfrandi

Búningarnir voru ekki endilega þeir sem vöktu hvað mesta athygli heldur sterkur leikur leikaranna. Voru þeir þónokkrir á sviðinu og þóttu helstu leikarar þessa tíma,



Heimur gervigreindar stækkar óðum

Pó tæp nútíu ár séu liðin síðan leikritið var fyrst sett upp er ekki frá því að nútíma maðurinn geti sett sig í spor áhorfenda bess tíma, enda er umfjöllun um hönnun og framleiðslu gervigreindar í sókn þessi misserin og ef til vill ekki langt að bíða þess að mannfólk verði í minnihluta.

Á vefsíðu Háskóla Íslands kemur

fram eftirfarandi lýsing: „Gervigreind, eða Artificial Intelligence (AI), er tækni sem getur líkt eftir mannlegri greind, þjálfuð til að læra, túlka og vinna að verkefnum sem yfirleitt krefjast mannlegrar hugsunar.“

En á skemmtilegri nótunum. Búningagerð og samsetningur gerva getur verið hin mesta skemmtun og ef til vill vita áhugasamir ekki af sérvæslun áhugaleikhúsanna sem þó er opin almenningi.

Par er m.a. boðið upp á úrval varnings á borð við gervi augu í mörgum litum, linsur, fördunavörur af öllu heimsins tagi, m.a. efni sem framkallar hrukkur og annað fyrir brunasár. Latexyru, bæði álfu og manna, trúðanef, nefskítti og fyrir þá sem vilja fara alla leið er boðið upp á heilu settin fyrir hina ýmsu persónuskapanir, hvorki meira né minna en þjárár gerðir af „sárasettum“ auk augnblóðs ... svona svo eitthvað sé nefnt.

Auk ofantalins er þar ýmislegt annað sem tengist leikhúsi, kvíkmyndum o.s.frv. enda gaman að skoða vefverslunina á síðu áhugaleikhúsanna, leiklist.is/shop, eða gera sér ferð í verslunina á Kleppsmýrarvegi 8 á milli kl. 9–13. /sp



Af sviði Leikfélags Reykjavíkur árið 1937, verkið „Gervimenn“ eftir rithöfundinum Karel Capek. Tæpum tuttugu árum áður kynnti hann leikriti sitt Rossumovi univerzální roboti, R.U.R. (Rossum's Universal Robots), þar sem orðið robot kom fyrst fram sem lýsing á vélmanni. (Karel Capek á innfaldri mynd).

Indriði Waage og Emilía Borg gera ógleymanlegar persónur á sviðinu. Bent er á í gréininni að Valur Gíslason, í hlutverki mannlega gervimannsins „... sé að mörgu leyti sjerkennilegasta persónan í leiknum... og frá byrjun fylgir áhorfandinn Ragnar Kvaran, í hlutverki Alquists verkstjóra, sem i eftirmálanum verður þungamiðja leiksins. Er túlun hans á hlutverkinu í þeim þætti ógleymalegum töfrandi.“



BÍL, samtök áhugaleikfélaga á Íslandi, bjóða upp á ýmislegt til gervagerðar í verslun sinni, allt frá augnbíóði til bókmennita um andlitsmálningu.

fram eftirfarandi lýsing: „Gervigreind, eða Artificial Intelligence (AI), er tækni sem getur líkt eftir mannlegri greind, þjálfuð til að læra, túlka og vinna að verkefnum sem yfirleitt krefjast mannlegrar hugsunar.“

En á skemmtilegri nótunum. Búningagerð og samsetningur gerva getur verið hin mesta skemmtun og ef til vill vita áhugasamir ekki af sérvæslun áhugaleikhúsanna sem þó er opin almenningi.

Par er m.a. boðið upp á úrval varnings á borð við gervi augu í mörgum litum, linsur, fördunavörur af öllu heimsins tagi, m.a. efni sem framkallar hrukkur og annað fyrir brunasár. Latexyru, bæði álfu og manna, trúðanef, nefskítti og fyrir þá sem vilja fara alla leið er boðið upp á heilu settin fyrir hina ýmsu persónuskapanir, hvorki meira né minna en þjárár gerðir af „sárasettum“ auk augnblóðs ... svona svo eitthvað sé nefnt.

Auk ofantalins er þar ýmislegt annað sem tengist leikhúsi, kvíkmyndum o.s.frv. enda gaman að skoða vefverslunina á síðu áhugaleikhúsanna, leiklist.is/shop, eða gera sér ferð í verslunina á Kleppsmýrarvegi 8 á milli kl. 9–13. /sp

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur

og löggiltur fasteignasali,

s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur



Giant Loop Armadillo® Eldsneytispoki

Sveigjanlegur, samanbrjótanlegur og léttur poki fyrir öruggan flutning á eldsneyti.

STÆRÐIR Í BOÐI OG VERÐ:

18,9 L (5 Gallon) : 28.900 kr

11,4 L (3 Gallon) : 22.400 kr

7,6 L (2 Gallon) : 21.500 kr

3,8 L (1 Gallon) : 18.500 kr

svarberg

svarberg@svarberg.is | www.svarberg.is

S. 7767895 | 7767896

MARKAÐSKÖNNUN



Rekstrartækifæri Austmannsdalur

FSRE f.h. Ríkissjóðs Íslands óska eftir að leigja út landsvæði innan Austmannsdals, Vesturbýggð. Atvinnustarfsemin skal tengjast ferðaþjónustu og vera aðdráttarafl fyrir svæðið í heild sinni.

Áhugasamir geta sent tillögu fyrir 8. febrúar.

Nánari upplýsingar á www.fsre.is



FSRE

Snjallar lausnir

Hafðu samband við okkur og fáðu allar nánari upplýsingar eða kíktu í heimsókn.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100



stolpigamar.is

Hentugar húseininger

Hver grunneiningin er 20 fet og vel einangruð í hólf og gólf og kemur tilbúin með hurð, gluggum, loftljósum, rafmagnsofni og rafmagnsinnistungum. Auðvelt er að sníða nýjar húseininger eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Stólpi Gámar

KLETTAGARDAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS

Vélabásinn:

Eftirminnilegustu tækin 2023

– Litið til baka yfir gott ár



Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is

Á síðasta ári prufukeyrði Bændablaðið 23 mismunandi tæki. Nokkur breidd var á viðfangsefnunum, það minnsta Can-Am Traxter sexhjóla vinnutæki og það stærsta 112 tonna Caterpillar D11 jarðýta. Þá voru einnig prufuð landbúnaðartæki, fólksbílar og jeppar.

Sá prufuakstur sem undirritaður hugsar fyrst um var á hinum nýja jeepa Ineos Grenadier, sem er hugarfóstur milljarðamaðlingsins Jim Ratcliffe. Hann er innilegur áhugamaður um gömlu Land Rover Defender sem hættu í framleiðslu í byrjun árs 2016. Eftir að Land Rover hafði neitað að selja honum framleiðsluréttinn af þeim bíl sló hann til og setti á stofn nýja bíflategund innblásna af uppáhaldsþifreiðinni.

Á Íslandi hefur hið nýja bílaumbóð Verðir tekið að sér sölu þessara bíla og fékk undirritaður að keyra fyrsta Grenadier bílinn sem fékk íslenska skráningu. Einar Sverrir Sigurðarson og Daniel Freyr Árnason hjá Vörðum komu með í ökuferð. Ólíki því sem blaðamaður hafði reiknað með voru þeir frekar að hvetja þann sem þetta ritar til að gefa allt í botn á grófum slóðum í stað þess að gæta að sér. Þannig gafst færi á að prufa bílinn til hins ýtrasta og finna hvers hann var megnugur.

Óvæntur gæðabíll frá Kína

Þá kom prufuaksturinn á hinum nýja rafmagnsbíl smart #1 mjög á óvart (nb. nafn bílsins á víst að vera alfarið skrifð í lágstöfum). Það er bíflategund sem er að hálfi í eigu hins þýska Mercedes-Benz og kínverska framleiðandans Geely. Fyrr nefndi aðilinn sá um alla útlitshönnun og innréttigar á meðan sá síðarnefndi útfærði rafhlöður og drifbúnað og



Ineos Grenadier er líklegast einn besti fjallajeppinn sem hefur verið framleiddur í seinni tíð. Reynsluaksturinn á þeim bíl var sá eftirminnilegasti árið 2023.

Mynd / Daniel Freyr Árnason



Hinn kínversk-þýski smart #1 fór langt fram úr öllum væntingum. Myndir / ál

sá um framleiðsluna. Undirritaður hefur fengið smjörþef af öðrum kínverskum bílum og hafa þeir allir verið vonbrigði – nema smart #1.

Þessi bíll var einhvern veginn mátulegur á allan hátt. Öll fimm sætin voru á pari við það sem má ætlast af þýskum bílum, innréttinum var



JCB Fastrac er líklegast myksti traktor sem hægt er að kaupa. Hann þolir hráðakstur bæði yfir óplægða akra og malbikuð stræti.



Auðvitað prufukeyrði Bændablaðið stærstu fjöldaframleiddu jarðýtu heims svo lesendur geti vitað hvernig upplifunin er af þeim akstri.

Myksti traktorinn

Eftirminnilegasta dráttarvél sem tekin var til kostanna á árinu var JCB Fastrac. Blaðamaður náði að verða sértíti um prufuakstur á einni slíkri á ferðalagi á Bretlandi og var vélinni ekid fram og til baka á landareign Bamford lávarðar, eiganda JCB. Pessir traktorar hafa ekki verið algeng sjón í íslenskum sveitum og var því heiður að fá að prufa splunkunýtt eintak með sölumann JCB á Englandi.

Það sem skilur þessa dráttarvél frá öllum öðrum er helst vökvafjöðrunarkerfið. Þó það hljómi ekki traustekjandi þá vinnur það á svipaðan hátt og fjöðrunarkerfið í Citroën forðum daga, nema auðvitað margfalt sterkyggðara. Þetta er líklega eina dráttarvél sem er með fjöðrun á öllum hjólum og er hún svo mjuk að enginn fjöðrunarbúnaður er undir húsinu. Undirritaður gat brunað yfir ójöfnur án þess að kastast til eins og oft vill vera í hefðbundnari dráttarvélum.

Stærsta ýtan

Til að fá enn meiri breidd í tækjaflóruna tókst blaðamanni að nauða út prufuakstur á stærstu fjöldaframleiddu jarðýtu heims sem kom til landsins síðasta sumar. Pessi var af gerðinni Caterpillar D11 og vegur 112 tonn, þó sú tala geti verið breytileg eftir útbúnaði. A þeim tíma var hún notuð í malarnámu en hefur hlotið athygli á síðustu vikum eftir að hún var send til að gera varnargarða við gosstöðvarnar á Suðurnesjum.

Eigendur jarðýtunnar tóku vel á móti blaðamanni, klæddu í mótorhjólahjálm og ferjuðu svo upp snarbratta fjallshlíð á sexhjóli þangað sem ýtan var að störfum. Þá fékk undirritaður smá kennslu frá þaulvönum ýtustjóra sem létt ferlkið í hendur skrifstofublökarinnar eftir nokkrar mínútur.

Þótt þessi vinnuvél vegi 112 tonn þá kom á óvart hversu létt er að stjórna henni og aðstaðan fyrir starfsmanninn hin þægilegasta.

Rexton

lúxus ferðafélagi!

Rexton

Verð frá 8.990 þús. kr.

- Byggður á grind
- Millikassi með háu og lágu drifi
- 8 þrepa sjálfskipting
- 202 hestöfl
- Sparneytin dísel vél
- 3,5 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð
- Bakkmeyndavél
- 7 manna*
- Sjálfstæð fjöðrun*
- Læst afturdrif**

* Premium, Adventure og Ultimate. ** Adventure og Ultimate.

Bílabúð Benna ákveitinni.



Bílabúð Benna kolefnisjafnar seldá bíla

Nánari upplýsingar á
benni.is

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar i bílum

Innsýn í störf bænda

Líf og störf bænda eru fjölbreytt og áhugaverð. Búskapur og búseta á landsbyggðinni kalla á líffskilyrði, áskoranir og tækifæri sem bændur kjósa af ýmsum ástæðum. Bústörfin eru æði misjófn eftir búgreinum og árstíðum.

Innsýn inn í líf bónadans er inntak þessa nýja fasta efnispáttar Bændablaðsins. Í hverju blaði mun einn starfandi bónið á Íslandi segja lesendum frá sínum daglegu störfum og hugðarefnum á síðu blaðsins sem og á samfélagsmiðlum.

Eydís Rós Eyglóardóttir, kjúklingabóni í Flóahreppi, ríður á vaðið og næstu tvær vikurnar geta þeir sem fylgja Instagram-síðu Bændablaðsins fylgst með lífinu á kjúklingabúinu Vor.



Á Íslandi starfa alifuglabændur við ströngustu kröfur varðandi aðbúnað og velferð og við ættum að vera stolt af okkar framleiðslu.

Bóndinn:

Draumur varð að veruleika

Hjónin Eydís Rós Eyglóardóttir og Ingvi Guðni Ingimundarson tóku við búi foreldra Ingva, þeirra Pórunnar Kristjánssdóttur og Ingimundar Bergmann árið 2015. Um ræðir eldi allt að 40 þúsund alifugla, en slíkur búskapur hefur spannað í vel yfir fjóra áratugi á bænum Vatnsenda.

Býli og staðsetning? Kjúklingabúið Vor, Vatnsenda Flóahrepp.

Ábúendur? Ingvar Guðni Ingimundarson, Eydís Rós Eyglóardóttir, Pórunn Kristjánssdóttir, Ingimundur Bergmann. Við hjónin eignum þrjú börn: Pórunn Eva (16), Eyþór Bergmann (14), Greta Sóley (8). Fjórir kettir: Logi Bergmann, Díana Ösp, Kola Mjöll og Lúna Richie. Einn hundur: Kubbur.

